

# Þjótandi við Þjórsá

## Fornleifarannsóknir 2008



• • •



**Landsvirkjun**

Júní 2009

Skýrsla nr. LV-2009/071



# Þjótandi við Þjórsá

Fornleifarannsóknir 2008

Júní 2009



## Upplýsingablað

Skýrsla LV nr: LV-2009/071 Dags: Júní 2009

Fjöldi síðna: Upplag: 25 Dreifing: Opin Takmörkuð til

Titill: Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008

Höfundar / fyrirtæki Bjarni F. Einarsson & Sandra Sif Einarsdóttir. Fornleifafræðistofunni.

Verkefnisstjóri: Guðlaugur Þórarinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun Power

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Vegna hinnar fyrirhuguðu Urriðafossvirkjunnar þurfti að rannsaka nokkrar rústir sem munu fara undir stíflugarð eða lón. Fyrsti áfangi rannsókna fór fram árið 2007. Minjarnar sem rannsakaðar voru 2008 reyndust vera skepuhús af ýmsum toga og einnig hús frá seinni hluta víkingaaldar, en um hlutverk þess er erfitt að segja til um með vissu. Gjóskugreiningar benda til þess að sumar minjanna geti verið nokkuð fornar, eða frá því um 1000 AD.

Lykilorð: Urriðafossvirkjun, Þjórsá, Þjótandi, Fornleifafræðistofan, fornleifarannsókn, skepuhús, vinnsluhús, laxaverkun, sútun, víkingaöld, miðaldir.

ISBN nr: 978-9979-9865-3-9

ISSN nr:

Undirskrift verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar



# Þjótandi við Þjórsá

Fornleifarannsóknir 2008



Bjarni F. Einarsson  
Sandra Sif Einarsdóttir  
2009

Forsíðumyndin sýnir rúst 4:10a-e í október eftir fyrstu snjókomu haustsins.  
Þjórsá í bakgrunni. (Ljósm. BFE. Horft til SSV. Stafrænar myndir nr. 469).

© Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2009  
Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008  
Útgefandi: Landsvirkjun & Fornleifafræðistofan  
Útgáfustaður: Reykjavík  
Unnið fyrir Landsvirkjun  
ISBN 978-9979-9865-3-9


**FORNLEIFA  
FRÆÐISTOFAN**

## **Efnisyfirlit**

<b>1 INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2 MARKMIÐ OG RANNSÓKN.....</b>	<b>7</b>
2.1 MARKMIÐ RANNSÓKNA Á ÞJÓTANDI .....	7
2.2 AÐFERÐ.....	8
2.2.1 Rúst 4:10 a-e .....	8
Hús 4:10a .....	10
Hús 4:10b1-2.....	13
Hús 4:10c1-2.....	16
Hús 4:10d .....	17
Hús 4:10e .....	17
2.2.2 Rúst 4:11a-c .....	20
Hús 4:11a .....	21
Hús 4:11b .....	28
Hús 4:11c.....	33
Hlað og öskuhaugur.....	34
<b>3 RITHEIMILDIR.....</b>	<b>36</b>
<b>4 STAÐARHÆTTIR.....</b>	<b>38</b>
4.1 UM MERKINGU ÖRNEFNANNA ÞJÓRSÁR OG ÞJÓTANDA .....	38
4.2 NÁTTÚRA OG UMHVERFI.....	39
<b>5 GREININGAR.....</b>	<b>43</b>
5.1 RÚST 4:10A-E.....	43
5.1.1 Gjóskugreiningar .....	43
5.1.2 Skordýragreiningar .....	44
5.1.3 Dýrabeinagreiningar .....	44
5.1.4 Viðarkol og C-14 .....	46
5.2 RÚST 4:11A-C .....	48
5.2.1 Gjóskugreiningar .....	48
5.2.2 Jarðvegsgreiningar.....	49
5.2.3 Dýrabeinagreiningar .....	50
5.2.4 Viðarkol og C-14 .....	51
<b>6 UMFJÖLLUN OG TÚLKUN.....</b>	<b>55</b>
6.1 RÚST 4:10A-E.....	55

6.1.1 Hús 4:10a og 4:10c2 .....	56
Kynslóð 1 .....	57
Kynslóð 2 .....	59
Kynslóð 3 .....	60
6.1.2 Hús 4:10b1-2 .....	61
6.1.3 Hús 4:10c1 og 4:10d .....	63
6.1.4 Hús 4:10e .....	66
6.2 4:11A-C.....	70
6.2.1 Aldur .....	70
6.2.2 Gólfloġ og eldstæði.....	71
Hlutverk eldstæðanna.....	74
6.2.3 Rásin .....	76
6.3 RÚST 4:14 .....	77
<b>7 TEIKNINGAR.....</b>	<b>79</b>
7.1 RÚST 4:10A-E.....	79
7.1.1 Hús 4:10a.....	80
7.1.2 Hús 4:10b1-2 .....	87
7.1.3 Hús 4:10c1-2 .....	89
7.1.4 Hús 4:10d.....	91
7.1.5 Hús 4:10e.....	93
7.1.6 Rúst 4:14.....	95
7.2 RÚST 4:11A-C .....	96
7.2.1 Hús 4:11a.....	97
7.2.2 Hús 4:11b-c .....	110
<b>8 HEIMILDIR .....</b>	<b>117</b>
8.1 PRENTAÐAR HEIMILDIR OG HEIMILDIR AF VERALDARVEFNUM .....	117
8.2 AÐRAR HEIMILDIR.....	120
<b>9 TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR.....</b>	<b>121</b>
<b>10 DAGBÓK .....</b>	<b>123</b>
<b>11 SKRÁR .....</b>	<b>137</b>
11.1 FUNDASKRÁ .....	138
11.2 SÝNASKRÁ.....	145
11.3 SKRÁ YFIR STAÐRÆNAR MYNDIR .....	150
11.4 LITSKYGGNU SKRÁ .....	169

11.5 SÉRSTAKAR LJÓSMYNDIR AF GRIPUM.....	171
11.6 FRUMTEIKNINGASKRÁ.....	173
<b>12 VIÐAUKAR.....</b>	<b>175</b>
12.1 DÝRABEINAGREINING GERÐ AF ALBÍNU HULDU PÁLSDÓTTUR, DÝRABEINAFRÆÐINGI .....	176
12.2 SKORDÝRAGREINING GERÐ AF HRÖNN KONRÁÐSDÓTTUR, FORNVISTFRÆÐINGI.....	190
12.3 GJÓSKUGREINING GERÐ AF DR. ÞORVALDI ÞÓRÐARSYNI, ELDFJALLAFRÆÐINGI .....	194



**Mynd 1.** Yfirlitsteikning af uppgraftarsvæðum rústa 4:10 og 4:11. Á teikningunni er einnig uppgraftarsvæði rústar 4:3, sem rannsökud var árið 2007.

## **I Inngangur**

Að beiðni Landsvirkjunnar tók Fornleifafræðistofan að sér framhaldsrannsóknir á minjum í landi Þjótanda í Villingaholtshreppi í Árnessýslu vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Urriðafoss. Fornleifafræðistofan hefur séð um fornleifaskráningu á svæðinu fyrir Landsvirkjun vegna sömu framkvæmda frá árinu 2001. Fyrsta umferð rannsókna fór fram sumarið 2007, en þá kom í ljós að rannsaka þyrfti fleiri rústir en upphaflega var ráðgert.

Rannsóknir á Þjótanda árið 2008 stóðu yfir í tæpa fjóra mánuði og voru mun tímafrekari en í upphafi var ráðgert. Þær stóðu frá 14. júlí til 12. nóvember, þó með eilitum hléum undir lok rannsókna. Umfang rannsókna breyttist enn þegar í ljós kom að rústirnar á Þjótanda reyndust fleiri og stærri en prufuskurðir árið 2007 höfðu áður gefið til kynna. Þess skal getið sérstaklega að rannsóknum á Þjótanda er ekki lokið, eins og síðar mun koma í ljós. Verkefnisstjóri var Bjarni F. Einarsson, en auk hans unnu við rannsóknirnar fornleifafræðingarnir Ármann Guðmundsson, Brynhildur Baldursdóttir, Guðbjörg Melsted, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Sandra Sif Einarsdóttir og Sindri Ellertson Csillag. Þar að auki bættust Böðvar Þór Unnarsson, Óskar Leifur Arnarson fornleifafræðingar og Benedikt Bragi Sigurðsson, MA-nemi í sálfræði við hópinn á seinni stigum rannsókna. Sömuleiðis var Kristján Mímisson fornleifafræðingur með í lokin.

Fulltrúar verkkaupa voru Guðlaugur Þórarinsson og Helgi Jóhannesson hjá Landsvirkjun.

Öllum þessum aðilum eru færðar hinár bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og góðan hug. Einnig þökkum við þeim greiningaraðilum sem við sögu koma, enginn nefndur, enginn gleymdur.

	<b>4:10a</b>	<b>4:10bI</b>	<b>4:10bII</b>	<b>4:10c</b>	<b>4:10d</b>	<b>4:10e</b>	
<b>Bein</b>	-	-	-	-	-	-	-
<b>Gjóska</b>	3	-	1	-	-	-	4
<b>Gólf</b>	1	-	-	-	-	-	1
<b>Jarðvegur</b>	-	-	-	-	-	-	-
<b>Viðarkol</b>	4	-	-	-	1	3	8
<b>Alls</b>	8	-	1	-	1	3	<b>13</b>

**Tafla 1.** Tafla sem sýnir tegund og fjölda sýna sem tekin voru úr rúst 4:10. Doktorsnemi í eldfjallafræði frá Háskólanum í Edinborg tók fleiri sýni úr og í kringum rústirnar. Greint verður frá greiningu sýnanna í viðauka 1212.3 (en ekki þeirra sem doktorsneminn tók).

	<b>4:10a</b>	<b>4:10bI</b>	<b>4:10b2</b>	<b>4:10c</b>	<b>4:10d</b>	<b>4:10e</b>	<b>Hlað</b>	<b>Lausaf.</b>	<b>Alls</b>
<b>Bein og tennur</b>	7	-	1	-	1	-	-	-	9
<b>Gjall</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Hnoð</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Hóffjöður</b>	-	1	-	-	-	-	-	-	1
<b>Hnoð og timbur</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Járn</b>	1	-	-	1	3	-	-	-	5
<b>Koparhringur</b>	3	-	-	-	-	-	1	-	4
<b>Járnpinni</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Leirtau</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Nagli</b>	1	-	-	-	-	-	-	-	1
<b>Skeifa</b>	-	-	-	-	-	-	1	-	1
	17	1	1	1	4	0	2	-	<b>26</b>

**Tafla 2.** Tafla sem sýnir dreifingu og fjölda gripa í og við rúst 4:10.

<b>Rúst</b>	<b>Ytra mál</b>		<b>Innra mál</b>		<b>Br. veggja</b>	<b>Önd</b>	<b>m<sup>2</sup></b>
	<b>Lengd</b>	<b>Breidd</b>	<b>Lengd</b>	<b>Breidd</b>			
<b>4:10</b>	21,00 m	12,20 m	-	-	-	-	-
<b>4:10a</b>	16,80 m	5,00 m	13,60 m	2,00 m	1,30 m(1,70)	-	27,90
<b>4:10aI</b>	9,90 m	5,00 m	8,10 m	2,00 m	1,30 m(1,70)	$1,95 \times 0,6 m$ , $1,6 \times 0,55 m$	18,25
<b>4:10aII</b>	3,30 m	4,65 m	2,40 m	1,75 m	1,30 m(1,60)	$0,40 \times 0,40 m$	4,36
<b>4:10aIII</b>	4,80 m	4,50 m	2,70 m	1,90 m	1,30 m(1,50)	$0,68 \times 0,70 m$	5,29
<b>4:10bI</b>	6,00 m	3,15 m	4,05 m	2,45 m	0,85 m (1,00)	$1,10 \times 0,6 m^*$	10,58**
<b>4:10b2</b>	4,45 m*	3,05 m*	3,40 m*	2,35 m*	0,65 m (1,05)	-	7,99
<b>4:10cI</b>	2,80 m	2,40 m	2,20 m	1,70 m	0,50 m*	-	3,74
<b>4:10c2</b>	4,50 m	4,50 m	3,30 m	2,50 m	1,05 m (1,10)	$1,8 \times 0,5 m^*$	9,15**
<b>4:10d</b>	3,70 m*	3,60 m*	2,50 m*	2,50 m*	0,85 m*	-	6,25*
<b>4:10e</b>	10,80 m	4,35 m	8,85 m	2,60 m	1,00 m (1,10)	-	24,28**
<b>4:10eI</b>	5,90 m	4,70 m	5,90 m	2,60 m	1,00 m (1,10)	-	15,34
<b>4:10eII</b>	5,00 m	4,70 m	3,20 m	2,45 m	0,7 m*	$1,30 \times 0,85 m$	8,94

\* Stærðir eru að vissu marki áætlaðar sökum þess hve illa farin rústinn var.

\*\* Heildartala inniheldur að einhverju leyti áætlaðar stærðir.


**Tafla 3.** Tafla sem sýnir stærðir rústar 4:10. Tölur innan sviga í breidd veggja sýnir mestu breidd þeirra. Sú fremri sýnir meðal breidd veggja. Mesta breidd veggja er ekki sýnd við þau hús þar sem breidd veggja er áætluð (merkt með stjórnun).

## 2 Markmið og rannsókn

### 2.1 Markmið rannsókna á þjótandi

Hluti af rannsóknum sumarsins 2007 á Þjótanda var að kanna hvort eldri rústir kynnu að liggja undir beitarhúsi frá 20. öld, rúst 4:2. Var þetta gert að kröfu Fornleifaverndar ríkisins. Það gekk eftir og í ljós kom rúst á um eins metra dýpi sem fékk nafnið rúst 4:10, eins og greint var frá í fyrri skýrslu. Við það breyttust forsendur rannsóknarinnar og í framhaldi af því var svæðið kannað á ný með það að leiðarljósi að fleiri rústir gætu leynst á svæðinu. Vegna þess dýpis sem rúst 4:10 lá á gætu aðrar rústir frá svipuðum tíma falist í umhverfinu á svipuðu dýpi eða meira, og því verið ógreinanlegar á yfirborði. Um tíu metrum VSV við rúst 4:2 var lágur ílangur hóll sem þótti bera með sér útflatt form rústar. Prufuskurður var gerður þvert í þennan hól og þar kom í ljós rúst 4:11 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2008, bls. 5-13).

Verkefni sumarsins 2008 voru því að rannsaka rústir 4:10 og 4:11 til hlítar. Í ljós kom að báðar rústirnar, einkum þó rúst 4:10, voru mun umfangsmeiri en prufuskurðirnir höfðu gefið til kynna. Þetta hafði í för með sér að upphaflegar tímaáætlanir varðandi upgröft og úrvinnslu brustu í samræmi við breyttar



**Mynd 2.** Hér má sjá hvernig rúst 4:2 lá ofan á rúst 4:10 (Frumt. ÁG, KM, IHV, SSE. Hreint. SSE).

forsendur. Unnt reyndist að ljúka rannsókn á rúst 4:11, en á síðustu dögum rannsókna í nóvember kom í ljós enn ein rústin sem lá undir rúst 4:10, rúst 4:14. Frekari rannsóknir eru því nauðsynlegar á henni.

Í I. hluta verður farið almennt yfir allar rústirnar, aðferðir, greiningar og umfang rannsókna. Í II. hluta, verður svo farið í nánari túlkun á rústum 4:10 og 4:11. III. hluti hefur svo að geyma skrár og viðauka skýrslunnar.

## 2.2 Aðferð

Sama hnita- og hæðakerfi var notað og árinu áður á bæði rústir 4:10a-e og 4:11a-c. Færa þurfti fix punktinn, þar sem hann hafði verið steypuklumpur á N-hlið rústar 4:2, en rústin var fjarlægð áður en eiginleg rannsókn hófst. Punkturinn var fluttur á hnitin X 116,05 Y 198. Upphafleg hæð hans var 100 m.y.s., en mældist 99,50 m.y.s. eftir flutninginn. Á seinni stigum rannsókna varð fix punkturinn fyrir hnaski af völdum vinnuvéla við stækkun uppgraftarsvæðis 4:10. Hnitin héldust óbreytt, en hæð hans mældist þá 99,30 m.y.s.

Númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerum. Sama á við um aðra lista og skrár, sem og ljósmyndir. Planteikningar voru gerðar í mælikvarðanum 1:20, sértækningar í 1:10 og yfirlits teikning af uppgraftarsvæðum var gerð í 1:100. Teknar voru litskyggjur og stafrænar myndir. Einnig voru nokkrar litskyggjur teknar á 120 formati.

Í umfjölluninni hér á eftir verða heitin 4:10 og 4:11 notuð sem yfirheiti á tvær rústaþyrpingar, þ.e.a.s. með rúst 4:10 er t.d. átt við alla þyrpinguna 4:10a-e.

### 2.2.1 Rúst 4:10 a-e

Stærsta viðfangsefni uppgraftarins á Þjótanda á síðastliðnu ári var rúst 4:10a-e. Prufuskurðirnir sem gerðir voru sumarið 2007 sýndu að um væri að ræða a.m.k. fimm metra breiða rúst með gólfagni. Erfitt var að gera sér grein fyrir lengd hennar vegna þess að ofan á henni lá rúst 4:2. Reynt var að ákvarða lengd hennar með prufuskurðum, en ekki tókst það svo að öruggt væri. Í verkáætlun var þó rústin talin vera um 7 x 18 m stór og voru þá afar ójós form á yfirborði túlkuð á nokkuð

frjálslegan hátt. Við upphaf rannsókna 2008 var rúst 4:2 fjarlægð með vélgröfum eins og áður greinir. Var gröfunni beitt þar til rúst 4:10 fór að koma í ljós og endimörk hennar fundin.<sup>1</sup>

Í fyrstu var opnað um 254 m<sup>2</sup> stórt svæði með vélgröfum, og þegar rústin fór að taka á sig mynd tók handmokstur við. Þegar leið á uppröftinn varð greinilegt að rúst 4:10 var mun viðameiri en í fyrstu var ætlað. Uppgraftarsvæðið var því stækkað í nokkrum áföngum eftir því sem ný hús komu í ljós. Alls varð uppgraftarsvæðið rúmir 318 m<sup>2</sup> að stærð þegar mest létt. Þegar umfang rústarinnar fór að skýrast var uppgraftarsvæðið minnkað um 28 m<sup>2</sup>, úr 318 m<sup>2</sup> í 290 m<sup>2</sup>.

Rúst 4:10 var samsett úr fimm húsum og snéri húsaþyrpingin í N-S. Alls var hún 21 m á lengd og mesta breidd hennar var 12,20 m. Það er þó fjarri lagi að einstök hús hafi nokkurn tíman verið samtíða öll í einu, en þau hafa verið byggð á mismunandi tímum og enst mislengi. Sum hafa verið endurbyggð hvað eftir annað, á meðan sum sjaldan eða aldrei. Þetta byggingar- og endurbyggingarferli hefur haft í för með sér að myndast hefur þyrping rústa sem nefnd var 4:10 og grafin var fram árið 2008. Alls hefur ferlið náð yfir um 300 ár, en þá er ekki tekið tillit til þess að enn er ógrafen rúst undir öllu saman, rúst 4:14. Hún gæti lengt þetta ferli um 100 - 200 ár og breytt allri túlkun staðarins á afgerandi hátt. Um hana verður ekki fjallað sérstaklega hér, heldur biður hún betri tíma. Nánar verður farið í aldursgreiningar og túlkun í köflum 5 og 6.

Í heildina voru 18 fundanúmer skráð úr rúst 4:10 og af svæðinu umhverfis hana. Undir þessi fundanúmer falla 23 gripir<sup>2</sup> og koma 17 þeirra úr húsi 4:10a (11 fundanúmer). Einn gripur fannst í húsum 4:10b1, 4:10b2 og 4:10c2 hverju fyrir sig og og fjórir gripir (tvö fundanúmer) fundust í húsi 4:10d. Þá fundust einnig tveir gripir á hlaðinu (tvö fundanúmer). Í heildina voru 13 sýni tekin úr rústinni, flest þeirra viðarkolasýni eða átta alls. Ekkert húsanna hefur verið mannabústaður þar sem engin eldstæði fundust í þeim og gólfög bentu ekki til þess að í þeim hafi

<sup>1</sup> Síðar kom í ljós að þetta voru einungis endimörk húss 4:10a. Hús 4:10c átti eftir að bætast við norðan megin, 4:b og e vestan megin og 4:10d austan megin.

<sup>2</sup> Fjöldi gripa sýnir hve margir einstakir hlutar hafa fundist, en tákna ekki heilan grip. Ástæðan fyrir þessu er sú að í fundaskrá Fornleifafræðistofunnar eru taldir hve margir einstakir hlutar tilheyrja einum fundi, en ekki hve mórgum gripum þeir tilheyra. Þetta á t.a.m. við ef að hnífur finnst brotinn í tvo hluta er fjöldi gripa undir fundanúmerinu skráður tveir. Slíkt heyrir þó til undantekninga.

nokkurn tímann brunnið eldur. Ekki er þó hægt að útiloka að hús 4:10c2 sé í raun norðurgafafl húss 4:14, meints skála. Um það verður ekkert sagt án frekari rannsóknar, en veggjagerðin í 4:10c2 bendir til þess.

Yfir rústaþyrringunni lá nokkuð mikið gjóskulag sem greint hefur verið af eldfjallafræðingi sem Katla 1500 og annað sem lá utan í þeim var greint sem gjóska úr Veiðivatnakerfinu frá árinu 1477 (sjá kafla 5.1.1).

#### 2.2.1.1 Hús 4:10a

Hús 4:10a snéri N-S og var stærst þeirra húsa sem rúst 4:10 samanstóð af, 16,80 x 4,80 m að ytra máli og 12,00 x 1,80 m að innra máli, að öndum undanskildum. Þrennar dyr voru á húsinu; á S- og N-göflum og við SV-horn. Fyllt hafði verið í þær tvær síðastöldu. Hér verður fjallað um þær tvær syðri, en þær þriðju lágu á milli húsa 4:10a og 4:10c2 og fjallað verður um þær í kaflanum um hús 4:10c1-2. Stærð þeirra reiknast því ekki með húsi 4:10a.

Öndin við SV-hornið var 1,95 löng og 0,60 m breið. Lá hún dálitið á ská inn í húsið. Öndin á S-gaflinum var 0,60 löng og 0,55 m breið. Að þeim meðtöldum var húsið alls 27,90 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Mesta breidd veggja var 1,70 m, en meðalbreidd þeirra var 1,30 m. Veggar voru úr torfi með grjóthleðslum að innan- og utanverðu.

Gólf hússins var aðeins um 2-3 sm á þykkt og mjög lífrænt. Það var ljóst, feitt og innihélt örfaa viðarkolamola og enga ösku. Þetta bendir til þess að eldur hafi ekki brunnið í húsinu að staðaldri og því ekki um mannabústað að ræða. Í miðlinu rýmis I fannst þó stór kolaflekkur, 38 x 34 sm að stærð, sem var líklegast leifar stoðar með brenndum botni fremur en eldstæði. Ef um eldstæði hefði verið að ræða hefðu ummerki um viðarkol og ösku í gólfínu verið mun umfangsmeiri en raun bar vitni. Niðurstaða viðargreiningar á kolum úr flekkinum sýndi að um birki hefur verið að ræða. Ómögulegt er að stofn birkitrés verði 40 sm á þykkt. Sennilegast hefur botnin verið 10-20 sm í þvermál og hann dreift úr sér og svo flast út þegar húsið féll úr notkun. Til að trjástofn sé notaður sem stoð þarf hann að vera a.m.k. tíu sm í þvermál. Birkitré ná víða slíkri stærð á Suðurlandi og því ekki ósennilegt að þau hafi verið nýtt sem stoðir.



**Mynd 3.** Hér sést inn í húsi 4:10a. Rými I er í forgrunni og rými III er fjærst. Sjá má two stoðarsteina sem fjallað er um í textanum um miðja mynd. Kolaflekkurinn fannst aðeins norðan við efri steinin, þar sem sést smá steinakraðak. (Ljósm. BFE. Horft til N. Stafrænar myndir nr. 436).



**Mynd 4.** Hér sést inn í rými II og III í húsi 4:10a. Hæðarmunurinn á milli rýmanna sést aðeins, en hann reyndist vera um 18 sm. (Ljósm. BFE. Horft til N. Stafrænar myndir nr. 368).



**Mynd 5.** Járnpinni eða sill sem fannst í A-vegg húss 4:10a. (Ljósm. BFE. Gripur nr. 73).

Sunnan megin við kolaflekkinn fundust stoðarsteinar sem lágu einnig við miðlinu hússins og mynduðu línu ásamt kolaflekknum. Það þýðir að húsið hefur verið einása með einni röð stoða sem legið hefur eftir því miðju. Þegar einása hús voru of läng til að nóg væri að ásinn lægi á göflunum til að bera þakið, voru stoðir settar undir ásinn honum til stuðnings (Hörður Ágústsson, 1987, bls. 309). Stoðirnar stóðu ýmist á stoðarsteinum eða að þær voru grafnar niður. Í þeim tilfellum þar sem stoðirnar voru grafnar niður tilkaðist stundum að brenna botninn til að verjast fúa, líkt og gert var í húsi 4:10a. Steinarnir gegndu sama hlutverki. Kolaflekkurinn fannst 0,65 m norðar en nyrðri stoðarsteinninn. Syðri stoðarsteinninn var 1,35 sunnan við þann nyrðri og 2,60 m á milli syðri steinsins og kolafleksins. Fjögurra sentimetra hæðarmunur var á syðri steininum og kolaflekknum, en 17 sentimetrar á milli stoðarsteinanna tveggja og 21 sentimetrar munur á nyrðri stoðarsteininum og kolaflekknum. Vegna hæðarmunar kolafleksins og nyrðri steinsins sem og nálægðar þeirra er ekki víst að þeir séu samtíða. Líklegra er að syðri steinninn og kolaflekkurinn séu samtíða. Alls eru 2,60 m á milli þeirra. Nyrðri steinninn tilheyrir þá yngra skeiði hússins.

Á einu skeiði hússins hefur því verið skipt upp með milliveggjum úr grjóti í þrjú rými (I-III). Dyr eða op hafa verið vestan megin á veggnum sem aðskildi rými I og II og austan megin á veggnum milli rýma II og III (sjá mynd 3 og 10). Rými I var syðst og þeirra stærst,  $8,10 \times 2,00$  m að innra máli og  $18,25 \text{ m}^2$  að flatarmáli, að öndum meðtöldum. Rými II var  $2,40 \times 1,75$  m að stærð að innra máli og  $4,36 \text{ m}^2$  að flatarmáli, að dyrum meðtöldum. Veggurinn á milli rýma I og II var um  $0,40$  m á breidd. Rými III var  $2,70 \times 1,90$  m að stærð og  $5,29 \text{ m}^2$  að flatarmáli, að dyrum meðtöldum. Veggurinn á milli rýma II og III var um  $0,70$  m á breidd. Rými III virðist hafa verið niðurgrafið að einhverju leyti og hefur hugsanlega verið hlaða. Hæðarmunurinn á milli rýma II og III var um 18 sm. Seinni tíma súrheysgryfjur frá Suðurlandi eru einmitt yfirleitt ysta rýmið á fjárhúsum, fjærst útidyrum líkt og rými III. Þær eru þó töluvert meira niðurgrafnar. Ekki er hægt að útiloka að rými III hafi verið dýpra. Hér gæti því verið um tilraunir fólks til súrheysgerðar að ræða.

Ögn neðar í gólfum fundust tvær steinhleðslur sem eru líklegast hluti af eldra skeiði hússins. Hleðslurnar lágu inn í rými II og hafa verið hluti af eldri vegg og hefur húsið þá upphaflega verið mun styttra, eða  $11,65$  m á lengd í stað  $16,80$  m.

Eins og greint var frá hér að framan þá fundust sautján gripir undir 11 fundanúmerum í rúst 4:10a. Allt eru þetta fremur óræðir og lítilfjörlegir gripir<sup>3</sup>, en einn er þó fremur athyglisverður. Það er járnþinni eða sill sem stungið hafði verið í A-vegg hússins. Aðrir gripir voru m.a. gjall, bein, hnoð og bronshringur.

Tveir gripir fundust á hlaðinu austan við húsið. Annars vegar var það tiltölulega ungt skeifubrot sem fannst ofarlega í moldum og er líklegast frá 18. - 19. öld. Hins vegar var það brotinn hrингur úr bronsi eða öðrum koparríkum málmi. Áþekkur gripur fannst í rými I í húsi 4:10a.

Fjórar planteikningar voru gerðar af húsi 4:10a. Alls voru átta sýni tekin úr því, þrjú gjóskusýni, eitt gólfssýni og fjögur viðarkolasýni.

#### Hús 4:10b1-2

Hús 4:10b1 snéri N-S og var áfast V-hlið húss 4:10a og lá sunnan við hús 4:10e. Það var  $6,00 \times 3,15$  m að ytra máli og  $4,05 \times 2,45$  m að innra máli, að önd undanskilinni.

<sup>3</sup> Sjá töflu 2 á bls. 6.



**Mynd 6.** Bæði húsin sem tilheyra rúst 4:10b. (Ljósm. BFE. Horft mótt N. Stafrænar myndir nr. 418).

Öndin var 1,10 á lengd og 0,6 m á breidd og að henni meðtalinni hefur húsið verið  $27,58 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Mesta breidd veggja var 1,00 m og meðalbreidd þeirra var 0,85 m. Veggirnir voru úr torfi með grjóthleðslum að innan- og utanverðu. Austur veggur var sameiginlegur húsi 4:10a og sá hluti hans sem snúið hefur inn í hús 4:10b1 var einnig sá best hlaðni. Dyr voru á S-gafli og voru þær nokkuð illa farnar. Ekkert gólf fannst í húsinu og aðeins einn gripur kom í ljós en það var hóffjöður (gripur nr. 27). Engin sýni voru tekin.

Hús 4:10b2 lá undir rúst 4:10b1 og var nokkuð minni. Húsið snéri einnig N-S og var  $4,45 \times 3,05$  m að ytra máli og  $3,40 \times 2,35^4$  m að innra máli. Dyr hafa að öllum líkendum verið á S-gafli en húsið var það skemmt af yngra húsi (4:10b1) að ekki var hægt að sjá þær með vissu. Áætlað flatarmál þess var því  $7,99 \text{ m}^2$ . Mesta breidd veggja var 1,05 m og meðalbreidd þeirra var 0,65 m. Veggir voru úr torfi með grjóthleðslum á innan- og utanverðum V-vegg. Ekkert er hægt að segja til um gerð hinna veggjanna vegna slæms ástands hússins. Í N-gafli hússins sást torfveggur þess nokkuð vel en þar voru engar

<sup>4</sup> Breiddin er áætluð sökum þess að V-veggur húss 4:10a liggar ofan á A-vegg húss 4:10b2. Vegna þess er ekki hægt að sjá hver innri mörk hússins voru.



**Mynd 7.** Hér sést vel hvernig rúst 4:10c1 var byggð innan í rúst 4:10c2. Takið eftir þverstrengnum í torfveggnum. Þar er ekkert grjót sem bendir til forn veggja! (Ljósm. BFE. Horft mótt S. Stafrænar myndir nr. 413).



**Mynd 8.** Rúst 4:10d. (Ljósm. BFE. Horft mótt V. Stafrænar myndir nr. 458).

grjóthleðslur að finna. Hugsanlegt er að grjótið hafi verið fjarlægði við bygginu 4:10b1 og/ eða 4:10a. Örþunnt gólfag fannst í húsinu, mjög lífrænt.

A-vegur húss 4:10b2 lá undir V-vegg húss 4:10a og er því eldra. Húsið hefur skemmt nokkuð eins og að ofan greinir þegar hús 4:10a hefur verið byggt. Í húsinu fannst eitt bein (gripur nr. 90). Eitt gjóskusýni var tekið úr rústinni (nr. 40).

Alls voru gerðar fjórar planteikningar af húsum 4:10b1-2. Þrjár planteikningar voru gerðar af húsi 4:10b1 og á þeirri þriðju voru bæði hús 4:10b1 og 4:10b2 teiknuð. Á síðasta planinu var aðeins hús 4:10b2 teiknað, en þá hafði hús 4:10b1 verið fjarlægt.

#### Hús 4:10c1-2

Hús 4:10c1 var mjög illa farið og erfitt að sjá umfang þess nákvæmlega. Það snéri NA-SV og hefur verið að ytra máli um  $2,80 \times 2,40$  m og  $2,20 \times 1,70$  að innra máli. Ekki var hægt að sjá hvar dyrnar hafa verið út úr því, ef þær hafa verið þar yfir höfuð. Alls er óvist að þetta hafi verið mannvirki með þaki.

Eyður í veggnum gefa þó vísbendingar um að dyr geti hafa verið á austanverðri NA-hlið eða norðarlega á V-hlið. Líklegra er þó að dyrnar hafi verið á NA-hlið þar sem NA-horn húss 4:10c2 sem hús 4:10c1 var byggt ofan í er mjög eytt, hugsanlega af umferð í og út úr yngra húsinu.

Húsið hefur verið um  $3,74 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Veggirnir voru einvörðungu úr grjóti og voru að því er virtist um  $0,5$  m á breidd. Húsið hafði verið byggt ofan í innanverða rúst 4:10c2.

Hús 4:10c2 snéri N-S eins og nær öll húsin sem tilheyrðu rúst 4:10. Það var áfast N-gaflí húss 4:10a og dyr hafa legið á milli þeirra. Það voru einu dyrnar á húsinu og því hafa engar dyr legið út úr því. Húsið var  $2,80 \times 2,40$  m á stærð að ytra máli og  $2,20 \times 1,70$  m að innra máli að dyr undanskildum. Fyllt hefur verið í dyrnar á einhverjum tímapunkti og notkun hússins því lagst af á undan húsi 4:10a. Dyrnar hafa farið nokkuð illa þegar fyllt var í þær og stærð dyranna byggir því að vissu marki á áætlun. Mikið af steinum vantar í dyrnar og hugsanlegt að þeir hafi verið fjarlægðir eftir að notkun dyranna lagðist af. Nokkrir urðu þó eftir og þeir benda til þess að dyrnar hafi verið um  $1,8$  langar og  $0,5$  m breiðar og að þeim meðtöldum

hefur húsið verið 9,15 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Veggir voru úr torfi eingöngu. Mesta breidd þeirra var 1,10 m og meðalbreidd þeirra var 1,05 m. Aðeins fundust þunn og slitrótt ummerki um gólfag og einn járngrípur. Fjórar planteikningar voru gerðar af húsum 4:10c1-2, þar sem bæði húsín koma fyrir á öllum. Nokkuð af torfslettum fannst í húsinu og eru þær líklegast leifar af þaki hússins. Athygli að veggir 4:10c2 voru byggðir úr þverstrengjum. Slík aðferð er mjög lítið þekkt. Hún hefur þó sést áður, þ.á.m. í nokkrum húsum frá landnámsöld í Hólmi í Laxárdal (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 11). Þetta bendir til þess að húsið sé fornt og að það gæti jafnvel verið hluti af meintum skála, húsi 4:14 eins og áður hefur komið fram.


#### Hús 4:10d

Hús 4:10d snéri A-V og var 3,70 x 3,60 m að stærð að ytra máli og 2,50 x 2,50 m að innra máli. Engar dyr voru sjáanlegar á húsinu, en það var mjög illa farið. Alls var það 6,25 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Sökum þess hve illa farið húsið var eru allar stærdir að vissu marki áætlaðar. Húsið var áfast A-hlið húss 4:10a, alveg við NA-horn þess. Veggir voru að mestu leyti úr grjóti, en þeir hlutar sem voru sameiginlegir húsi 4:10a voru bæði úr torfi og grjóti. Meðal breidd veggja var 0,85 m og mesta breidd þeirra var 0,95m. Erfitt er þó að segja til um mestu breidd þeirra sökum þess hve illa farnir þeir voru.

Ekkert gólfag fannst en stór og mikill viðarkolaflekkur, hugsanlega eftir stoð sem hefur brunnið fannst í rústinni. Almennt var nokkuð mikið af viðarkolum í húsinu miðað við að ekkert gólf var þar að finna. Það er því hugsanlegt að húsið hafi brunnið. Fjórir gripir fundust í húsinu, eitt bein og þrír járngrípir (nr. 101). Járngripirnir þrír fundust í fyrrnefndum kolaflekk. Eitt viðarkolasýni var tekið úr húsinu. Fjórar planteikningar voru gerðar af húsinu. Fyrsta planið er á plani þrjú af húsi 4:10a, þar sem ekki var í fyrstu ljóst að um hús væri að ræða. Húsið minnir mjög á hús 4:10c1.

#### Hús 4:10e

Hús 4:10e snéri N-S og var 10,80 x 4,35 m að stærð að ytra máli og 8,85 x 2,60 m að innra máli. Húsið liggur við V-hlið húss 4:10a, en hefur þó ekki verið samtíða




**Mynd 9.** Hús 4:10e. Vinstra megin á myndinni má sjá rúst 4:10a. Greinilegt er á myndinni hve illa farið húsið var (Ljósm. BFE. Horft mótt S. Stafrænar myndir nr. 456).

því. Austur-vegg hússins var ekki að finna í fyrstu, en ummerki hans fundust undir V-vegg húss 4:10a. Af þeim sökum, auk þeirra staðreyndar að húsið liggur stratigrafiskt lægra, er hægt að álykta að hús 4:10e sé eldra en hús 4:10a.

Hvorki voru útidyr sjáanlegar á húsinu né visbendingar um hvar þær væru að finna. Lausnin á því liggur þó líklegast í þeirri staðreynd að S-gafl hússins var með öllu horfinn og hafa dyrnar líklegast verið þar, eins og algengt er á húsum með þessu lagi. Leiða má líkur að því að gaflinn hafi horfið vegna þess að hús 4:10e er eitt af eldri húsunum á svæðinu og steinar úr veggjum þess líklega verið endurnýttir í yngri hús og því voru leifar þess mun rýrari en þeirra sem yngri eru.

Húsinu var skipt upp í tvö rými (I-II). Dyr voru á milli rýmanna. Veggir voru úr torfi og grjóti, mesta breidd þeirra var 1,10 m og meðal breidd var 1,00 m. Rými I, það syðra og stærra, var 5,90 x 2,60 m að innra máli og 15,34 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Rými II var 3,20 x 2,45 m að stærð að innra máli og dyr verið 1,30 á lengd og 0,85 m á




**Mynd 10.** Hér má sjá hvernig öll hús rústar 4:10a-e lágu. Teikningin er samansett af neðstu plönum hverrar rústar og eru einungis veggir þeirra sýndir. Milliveggir í rúst 4:10a eru þó teknir af plani þrjú þar sem þeir höfðu verið fjarlægðir þegar síðasta planteikningin var gerð af húsinu.

breidd. Að þeim meðtoldum hefur rýmið verið  $8,94 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Alls var hús 4:10e því  $24,28 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Veggir rýmis II voru mjög illa farnir og því eru stærðir þess áætlaðar að vissu marki, byggðar á þeim veggjaleifum sem eftir voru.

Þrjú viðarkolasýni voru tekin, en engir gripir fundust í húsini. Ein planteiking var gerð af rými I og tvær af rými II.

### 2.2.2 Rúst 4:11a-c

Prufuskurðurinn sem gerður var í rúst 4:11 sumarið 2007 sýndi að um væri að ræða a.m.k. sjö metra breiða rúst með miklu gólfagni. Út frá formi hennar á yfirborði var áætlað að rústin væri um 17 m á lengd. Gerðar voru greiningar á gjósku úr veggjartorfi og reyndist þar vera Landnámslagið svokallaða, sem féll  $871 \pm 2$  (Karl



**Mynd 11.** Yfirlitsteikning af rúst 4:11a-c. Sjá má prufuskurð frá 2007 hægra megin á myndinni.

Grönvold o.fl. 1995). Yfir rústinni lá þunnt gjóskulag sem hugsanlega kemur úr Heklugosinu frá 1104 (Þorvaldur Þórðarson, 2008). Opnað var um  $190 \text{ m}^2$  (ca.  $19 \times 10 \text{ m}$ ) stórt svæði með vélgröfu, en við tók handmokstur þegar fyrstu vísbendingar um veggi komu í ljós. Fljótlega varð þó ljóst að ekki væri um einugis eitt hús að ræða. Í fyrstu sáust tvö hús, 4:11a og 4:11b, en þegar neðar dró mátti sjá móta fyrir tveimur torfveggjum í N-þversniði uppgraftarsvæðisins. Því var svæðið stækkað um  $15 \text{ m}^2$  til norðurs og í ljós kom hús 4:11c.

Þegar umfang rústarinnar fór að skýrast var uppgraftarsvæðið aðlagað að því og minnkað um rúma  $32 \text{ m}^2$ , úr  $205 \text{ m}^2$  í tæpa  $173 \text{ m}^2$ . Rúst 4:11 var samsett af þremur húsum og snéri VNV-ASA. Heildarlengd hennar var  $17,35 \text{ m}$  og mesta breidd

hennar var 10 m, en þá er tekið mið af húsi 4:11c. Samanlagt voru húsin tæpir 42 m<sup>2</sup> að flatarmáli að innan.

Alls voru 85 fundanúmer skráð úr rúst 4:11a-c og svæðinu í kring. Undir þessi fundanúmer falla fleiri en 183 gripir; 63 úr húsi 4:11a (39 fundanúmer), 90 í húsi 4:11b (31 fundanúmer), 24 af hlaðinu (13 fundanúmar), fimm gripir úr öskuhaugunum (eitt fundanúmer) og 1 lausafundur. Enginn gripur fannst í húsi 4:11c. Stærsti gripaflokkurinn hefur reyndar bara eitt fundarnúmer og telur meira en 50 gripi. Um er að ræða járnhrúgu og brýni sem fundust upp við vegg í húsi 4:11b. Að þessu fundanúmeri undanskildu þá voru stærstu gripaflokkarnir „Bein og tennur“ fleiri en 59 og „Naglar“ með 10 stykki.

Í heildina voru 32 sýni tekin úr rústinni, en flest þeirra voru viðarkolasýni, 19 alls.

#### Hús 4:11a

Hús 4:11a snéri VNV-ASA og var V-hluti rústar 4:11. Húsið var 8 x 3,5 m að stærð að ytra máli og 5 x 2,20 m að innra máli, að önd undanskilinni. Öndin var 1,00 m á lengd og 0,4 m á breidd og að henni meðtalinni hefur húsið verið 11 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Mesta breidd veggja var 1,70 m við vesturgaflinn, en meðalbreidd þeirra var um 1,1 m. Dyr voru á A-gaflí og lágu inn í hús 4:11b. Upphaflega hafa þær þó verið útidyr þar sem húsum 4:11b-c hefur verið bætt við hús 4:11a seinna. Um þetta og þróun einstakra hluta rústar 4:11 verður fjallað nánar í kafla 6.

Gólf hússins var um 8-10 sm á þykkt, gráleitt að mestu leyti, með brenndum beinum, sóti, ösku, viðarkolum og lifrænum leifum. Mikil litadýrð var í gólfinitu á köflum, margir gráir tónar og mikið af ljósnum og gulum lögum og jafnvel laxableikum. Það var einkum áberandi vestarlega í húsinu, norðan megin við miðju, en þar var gólfíð gulbleikt og feitt<sup>5</sup>. Í efstu lögum gólfinsins var lagið mjög útbreytt,

---

<sup>5</sup> Undirrituð hafa séð slík lög í kringum eldstæði í víkingaaldarskálum þó í minna mæli væri, m.a. í Vögi á Reykjanesi, Hólmi í Laxárdal í Nesjum og á Granastöðum í Eyjafirði. Þar eru um venjuleg íbúðarhús að ræða þar sem margvísleg starfsemi sem hver og ein er í tiltölulega litlum mæli fyrir heimabréuk. Í húsum 4:11:a-b hefur hins vegar farið fram sérhæð og einsleit starfsemi og því sjáum við þetta efni í svo miklu meira mæli en í skálum. Því er þetta ekki hefðbundinn mannabústaður.

	<b>4:I I a</b>	<b>4:I I b</b>	<b>4:I I c</b>	<b>Hlað</b>	<b>Alls</b>
<b>Bein</b>	1	-	-	-	1
<b>Gjóска</b>	-	-	-	-	-
<b>Gólf</b>	2	1	1	-	4
<b>Jarðvegur</b>	4	3	-	1	8
<b>Viðarkol</b>	10	9	-	-	19
<b>Alls</b>	17	13	1	1	32

**Tafla 4.** Tafla sem sýnir tegund og fjölda sýna sem tekin voru úr rúst 4:I I. Doktorsnemi í eldfjallafraði frá Háskólanum í Edinborg tók fleiri sýni úr og í kringum rústirnar.

	<b>4:I I a</b>	<b>4:I I b</b>	<b>Hlað</b>	<b>Öskuh.</b>	<b>Lausaf.</b>	<b>Alls</b>
<b>Bein og tennur</b>	29	>9	16	5	-	>59
<b>Bryni</b>	4	1	-	-	1	6
<b>Heinbrýni</b>	-	-	1	-	-	1
<b>Hnífur</b>	5	3	-	-	-	8
<b>Hnoð</b>	-	-	1	-	-	1
<b>Hrafntinna</b>	7	2	-	-	-	9
<b>Járn</b>	5	-	1	-	-	6
<b>Járnhringur</b>	-	3	-	-	-	3
<b>Járnhrúga</b>	-	>50	-	-	-	>50
<b>Járnteinn</b>	-	8	-	-	-	8
<b>Kléberg</b>	1	-	-	-	-	1
<b>Lykkja</b>	-	3	-	-	-	3
<b>Lyklar</b>	-	2	-	-	-	2
<b>Nagli</b>	2	5	3	-	-	10
<b>Pinni</b>	-	-	1	-	-	1
<b>Sakka/ kljásteinn</b>	6	3	-	-	-	9
<b>Skrautsteinn</b>	1	-	1	-	-	2
<b>Slípisteinn</b>	1	1	-	-	-	2
<b>Snældusnúður</b>	1	-	-	-	-	1
<b>Unninn steinn</b>	1	-	-	-	-	1
<b>Alls</b>	63	>90	24	5	1	>183

**Tafla 5.** Tafla sem sýnir dreifingu og fjölda gripa í rúst 4:I I.

<b>Rúst</b>	<b>Ytra mál</b>		<b>Innra mál</b>		<b>Br. veggja</b>	<b>Önd</b>	<b>m<sup>2</sup></b>
	<b>Lengd</b>	<b>Breidd</b>	<b>Lengd</b>	<b>Breidd</b>			
<b>4:I I</b>	17,35 m	10,00 m	14,25	7 m	-	-	41,66
<b>4:I I a</b>	8,00 m	4,5 m	5 m	2,12 m	1,1 m (1,70)	1x0,4 m	11
<b>4:I I b</b>	11 m	6,40 m	8 m	3,40 m	1,2 m (1,40)	1,05x0,6 m	27,46
<b>4:I I c</b>	4,60 m	3,90 m	2,10 m	1,4 m	1,2 m (1,35)	0,75x0,35 m	3,2

**Tafla 6.** Tafla sem sýnir stærðir rústar 4:I I. Tölur innan sviga í breidd veggja sýna mestu breidd þeirra. Sú fremri sýnir meðal breidd veggja.



**Mynd 12.** Hús 4:I la, plan 7 (af 9). Hérra sést neðsta planteikningin af gólfinu. Pinnaholar og eldstæði 3 og 4 eru tekin af plönum 8 og 9. Einnig hefur verið bætt við sérteikningu af rásinni sem lá frá eldstæði 1 út um S-vegginn vestanverðan. (Frunt. SSE. Hreint. SSE.)



**Mynd 13.** Hús 4:I la. Vinstra megin við miðja mynd má sjá eldstæði 2. Hér sést vel hvé trampað svæðið er í kringum eldstæðið. Neðan við það má sjá steinvölur sem fjallað er um síðar í skyrslunni. (Ljósm. BFE. Horft mótt A. Stafrænar myndir nr. 395)

en þegar neðar dró kom í ljós eldstæði eða seyður<sup>6</sup> (eldstæði 2). Innihald eldstæðisins hefur því flætt út fyrir barma sína og þannig orðið hluti af gólfinu. Enda er sama innihald í eldstæði og gólf. Húsið hefur verið þrískipa og gólfíð því eðlilega þykkt í miðskipinu. Meðfram langveggjum hafa verið set eða bekkir á köflum og því aðeins mannvistarlagsslettur og slitrur af gólf sem fundust þar. Mjög margar pinnaholur fundust í gólfinu, þær má sjá á mynd 12 hér að framan. Fjöldi pinnahollanna var ekki undir 117.

Alls fundust fjögur eldstæði/ seyðar í húsinu. Sýni voru tekin úr hverju þeirra. Eldstæði 1 var við SV-horn hússins, upp við S-vegginn. Það var 0,4 x 0,5 m á stærð og 0,10 m á þykkt og virðist einungis hafa verið lítillega niðurgrafið. Fylling eldstæðisins var aska, sót viðarkol og lífrænar leifar. Á V-hlið eldstæðisins var steinn og eru það einu ummerki umbúnaðar sem fundust í



**Myndir 14-16.** Hér að ofan má sjá þversnið eldstæða 1-4 í húsi 4:IIa. Eldstæði 1 er efst og 3/4 er neðst. Mælikvarðinn sýnir 40 sm. (Ljósm. BFE. Mót S, N og A. Stafrænar myndir nr. 507, 508 og 512).

	<b>Stærð</b>	<b>Dýpt</b>	<b>Fylling</b>
<b>Eldstæði 1</b>	0,4 x 0,5 m	0,10 m	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar. Steinn á V-hlið og stoðarholta upp við A-hlið.
<b>Eldstæði 2</b>	0,55 x 0,85 m	0,17 m	aska, sót, lífrænar leifar, viðarkol og brennd bein. Að hluta til var fyllingin dekkri en í öðrum eldstæðum og lagskiptari.
<b>Eldstæði 3</b>	0,45 x 0,58 m	0,08 m	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar. Stoðarholta upp við N-hlið. Rofin S-megin af eldstæði 4.
<b>Eldstæði 4</b>	0,15 x 0,38 m	0,15 m	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar

**Tafla 7.** Hér má sjá stærð og dýpt eldstæða í húsi 4:IIa, ásamt upplýsingum um fyllingu þeirra.  
er hins vegar að þau passa ekki heldur við skilgreininguna á þeim. Til eintöldunar verður því framveigis talað um eldstæði. Nánar verður fjallað um þetta í kafla 6.



**Myndir 17 og 18.** Til vinstri má sjá slípistein úr vikri og til hægri er snældusnúður, en báðir gripirnir fundust í húsi 4:I 1a. Vinstra megin á slípisteininum má sjá hvernig vikurinn hefur eyðst á álagsfletinum. Mælikvarði sýnir 5 sm. (Ljósm. BFE. Gripur nr. 87 og 117).



**Mynd 19.** Til vinstri má sjá grip 84 sem talin er hafa verið hluti búnaðar til reipa- eða snærisgerðar. Hægra megin á myndinni má svo sjá áætlað þvermál gripsins og hugmyndir um staðsetningu gatanna á honum. (Ljósm. SSE. Teikn. SSE. Gripur nr. 84).

kringum eldstæðin í rúst 4:11.

Í vegnum sunnan við eldstæði 1 fundust ummerki lofrásar. Loftrásin var tæplega 1 m á lengd og hefur fallið saman. Rásin lá nokkuð fyrir ofan gólfíð og var full af mannvistarlagi, einkum og sérlagi viðarkolum og einnig var talsverð mannvistarlagssletta á hlaðinu fyrir utan húsið þar sem rásin endaði. Þar sem rásin hefur opnast inn í hús 4:11a lá hella yfir henni, en undir henni fundust bein.

Hugsanlega hefur hún verið fóðruð með timbri svo hún félli ekki saman, en það fundust þó engin ummerki um það. Nánar verður fjallað um lofrásina í kafla 6.2.3.

Eldstæði 2 var V-megin við miðju á N-langvegg og eldstæði 3 og 4 A við miðju í miðskipi. Eldstæði 2 var þeirra stærst og var  $0,55 \times 0,85$  m stórt og 0,17 m á þykkt. Eldstæðið er nokkuð niðurgrafið með áberandi gubleikri fyllingu, ösku, lífrænum leifum sóti og viðarkolum. Fyllingin var ekki eins blönduð og í öðrum eldstæðum og mun lagskiptari. Sum lögin voru mjög dökk af viðarkolum og sóti á meðan önnur voru mjög ljós og rík af lífrænum leifum. Lífrænu leifarnar voru meira áberandi í eldstæði 2 en í öðrum eldstæðum. Þegar fyrst var grafið niður á eldstæði 2 var yfirborð þess og gólfssins í kring mjög gárótt, ekki ólikt úttrömpuðu forarsvaði eins og sjá má á mynd 13 hér að framan.

Eldstæði 3 og 4 eru í reynd tvær kynslóðir sama eldstæðis og lágu austarlega í miðju húsi. Eldstæði 3, það nyðra af þeim tveimur var það eldra og er rofið af eldstæði 4. Það er 0,08 m á þykkt og er lítillega niðurgrafið. Fyllingin inniheldur ösku, sót, viðarkol og lífrænar leifar. Lífrænu leifarnar hafa haldist nokkuð óblandaðar og eru ljós gubleikar. Eldstæði 4 hefur verið aðeins meira niðurgrafið og er 0,15 m á þykkt. Fyllingin er samsett úr ösku, sóti, viðarkoli og lífrænum leifum. Viðarkolin og sótið virðast vera dreifðari hér en í eldstæði 3. Öll eldstæðin innihéldu tiltölulega lítið af kolum.

Timburleifar eða fór eftir timbur fundust í N-hliðarskipi hússins og lágu í A-V. Annað faranna eftir timbrið lá vestan megin við og alveg upp að eldstæði 2 og hitt lá við hliðina á eldstæði 3. Hugsanlega hafa þetta verið undirstöður undir set eða bekki.

Leifar eftir þröskulda úr timbri fundust í dyrum hússins, sín hvoru megin við öndina (sjá teikningu nr. 74 og 75). Austan megin við sitthvorn enda þröskuldsins fundust grannar stoðarholur (aðeins önnur þeirra fékkst staðfest með þversniði). Þær eru líklegast leifar af dyraumbúnaði hússins.

Í rúst 4:11 varð nokkuð vart við litríkar líparít völur í hruni og áfoki. Steinvölnar eru algengar á svæðinu umhverfis rústir 4:10 og 4:11, einkum þegar komið er nærri Þjórsá. Það var þó á einum stað sem þessar steinvölr fundust í mun meira magni en annars staðar en það var innarlega í gólfí húss 4:11a, nærri V-gafli. Völnar lágu mjög þétt á um  $0,5 \times 0,3$  m stóru svæði. Hvað þetta steinvölusafn


getur táknað eða hvaða hlutverki þær þjónuðu er erfitt að segja til um og verður hér látið liggja á milli hluta.

Eins og kom fram hér að framan þá voru 39 fundanúmer skráð í húsinu með alls 63 gripum. Flestir af þessum gripum voru tennur eða bein, 29 alls. Nokkrir athyglisverðir gripir fundust í húsinu, þ.á.m. slípisteinn úr vikri, snældusnúður úr innlendum rauðum sandsteini og brot af unnum innlendum rauðum sandsteini með boruðu gati sem lá skáhallt um hann (sjá myndir 17 - 19). Steininn með gatinu hefur upprunalega verið rúmir 4 sm sm í þvermál og líklegast hafa fleiri göt legið skáhallt í gegnum hann. Hugsanlega hefur steinninn verið notaður til reipa- eða snærgerðar, t.d. hefur hann leikið á hrosshári þegar það var tvinnað.

Slípisteinninn úr vikri var með athyglisverðum slípiförum sem sýna á óyggjandi hátt hvert hlutverk hans var. Margar ílangar rákir eru á virkurmolanum, en ein þeirra er hvað mest áberandi og er um 1 sm á breidd og 3,5 sm á lengd. Erfitt er að segja til um hvað hefur verið brýnt eða slípað með steininum, en það hefur í öllu falli verið nokkuð fíngert verkfæri hugsanlega úr beini timbri eða horni, jafnvel skinni eða sinum. Einnig fannst töluvert af hnífum í húsinu, eða alls fimm stykki.

Þá fundust sex sökkur eða kljásteinar. Ekki er hægt að gera greinarmun á því hvort um kljástein eða sökku sé að ræða af gripunum einum og sér, og því þarf að treysta á að fundarsamhengið gefi frekari vísbendingar. Áhugavert er að geta þess að þrír gripanna fundust í eldstæði 1. Hugsanlega hafa þeir verið lagðir í eldstæðið til hreinsunar og athyglisvert er að velta fyrir sér hvers konar óhreinindi hafi átt að ná af þeim. Óhreinindi geta verið af alls konar toga, breytileg eftir samhengi og samfélagi. Einnig geta þau verið bæði hlutlæg og huglæg. Ef um sökkur er að ræða er hugsanlegt að þeim hafi verið hent eldinn til gæfu, aukna fengseld eða til að hreinsa af þeim fiskifælni. Nánar verður fjallað um hugsanlega notkun eldstæðanna í kafla 6.

Þrjár staðfestar stoðarholur fundust í húsinu. Ein hefur verið sett alveg ofan í eldstæði 1 eftir að það hefur verið lagt af, önnur var alveg upp við eldstæði 4, N-megin og sú þriðja var yst í dyrum hússins, einnig N-megin. Grunur er um fleiri stoðarholur en þær fengust þó ekki staðfestar. Tveir líklegir stoðarsteinar liggja í línu (A-V) við stoðarholuna við eldstæði 1, í syðra hliðarskipi hússins.



**Mynd 20.** Hús 4:IIb, plan 4 og hús 4:IIc, plan I (Frumt. ÁG, SEC, SSE. Hreint. SSE).

Níu planteikningar voru gerðar af húsi 4:11a, auk sérteikninga af þversniðum eldstæðanna og stoðarholanna. Einnig voru tvær sérteikningar gerðar í plani af loftrásinni frá eldstæði 1. Alls voru tekin 17 sýni úr rúst 4:11a, sjá töflu 3.

### 2.2.2.1 Hús 4:11b

Hús 4:11b snéri VNV-ASA og var A-hluti rústar 4:11. Húsið var 11 x 6,40 m að stærð að ytra máli og 8 x 3,40 m að innra máli að önd undanskilinni. Dyrnar voru 1,05 m langar og 0,6 m breiðar og að henni meðtalinni hefur húsið verið  $27,5 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Mesta breidd veggja var 1,40 m, en meðalbreidd þeirra var um 1,2 m. Þrennar dyr voru á húsinu. Einar eru fyrniefndar dyr sem liggja úr húsi 4:11a yfir í 4:11b. Aðrar lágu í norður inn í hús 4:11c og þá voru útidyr á S-hlið sem snéru að ánni. Þær tvær síðasttöldu voru gegnt hvor annarri og lágu alveg upp við millivegg húsa 4:11a og b (V-gafl húss 4:11b). Við útidyrnar fannst þrepskjöldur og hellulagt var bæði fyrir utan og innan hann. Hellulögnum náði um 0,7 m inn í húsið. Hellurnar



**Myndir 21-24.** Hér má sjá þrjá járnhringi sem fundust í húsi 4:I lb og neðst til hægri má sjá tvo járngripi sem fundust saman og hafa líklegast verið einn gripur upphaflega (Ljósm. BFE. Gripir nr. 57, 58, 68 og 63).



**Myndir 25.** Hér má sjá járnsjóð sem fannst í húsi 4:I lb og neðst til vinstri er brýni (heinbrýni) (Ljósm. BFE. Gripir nr. 51).

að utan voru þrjár sem lágu að húsinu og náðu um 0,8 m frá þrepskildinum til suðurs í átt að ánni (sjá myndir 20 og 31). Við útidyrnar mátti greina stutta kampa sem gengu út frá veggjunum, báðum megin dyranna.

Gólf hússins var um 8-10 sm á þykkt, grátt og dökkgrátt, með brenndum beinum, ösku, sóti og viðarkolum. Gólfíð var mun einsleitara en í húsi 4:11a. Húsið hefur verið þrískipa og gólfíð því þykkast í miðskipinu. Mikið var af pinnaholum í gólfínu, en þó ekki jafn margar og fundust í húsi 4:11a. Pinnaholurnar voru a.m.k. 75 talsins. Í öndinni var þó allt öðru vísi gólf. Þar hafði sandi verið dreift um næra alla öndina og sennilega hefur hann verið sóttur niður að á. Þar undir voru hellur. Til hvers sandurinn var borin í gólfíð er ekki fyllilega vitað, en hugsanlega er það í einhverjum gagnlegum tilgangi, svo sem að þurrka það upp (sjá mynd 31).

Í hliðarskipinu hafa verið set eða bekkir, en aðeins á köflum og í þeim fundust aðeins slitrur af mannvistarlagi. Austast í húsinu hækkaði gólfíð og var þynnra. Líklegast hefur pallur verið við A-gafl hússins á fyrra skeiði þess, og horfið síðar þegar gólf þykknuðu. Á mörkum þeirrar hækunar kom í ljós eldstæði 2 undir góflaginu, seint í uppgraftarferlinu.

Alls fundust fjögur eldstæði/seyðir í húsinu. Eldstæði 1 var í miðju gólfí, V-megin við miðju. Það var mjög viðamikið og djúpt niðurgrafið eldstæði og mikið af innihaldi þess hafði flætt um gólfíð. Það var 0,5 x 0,7 m að stærð og mesta dýpt þess var 29 sm.



**Myndir 26-29.** Hér að ofan má sjá þversnið eldstæða 1-4 í húsi 4:11b. Eldstæði 1 er efst og 4 er neðst. Mælikvarðinn sýnir 20 sm. (Ljósm. BFE, SSE. Horft mótt N,A, N og V. Stafrænar myndir nr. 527, 522, 524 og 534).

	<b>Stærð</b>	<b>Dýpt</b>	<b>Fylling</b>
<b>Eldstæði 1</b>	<b>0,5 x 0,7 m</b>	<b>0,29 m</b>	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar. Niðurgrafin. Grábleik og gulbleik.
<b>Eldstæði 2</b>	<b>0,2 x 0,35 m</b>	<b>0,03 m</b>	aska, viðarkol, sót, brennd bein og lífrænar leifar. Mun minna af lífrænum leifum en í öðrum eldstæðum í rúst 4:11.
<b>Eldstæði 3</b>	<b>0,55 x 0,55 m</b>	<b>0,12 m</b>	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar
<b>Eldstæði 4</b>	<b>0,45 x 0,75 m</b>	<b>0,15 m</b>	aska, sót, viðarkol, brennd bein og lífrænar leifar. Grábleik, nokkuð ljós. Viðarkol mjög afmörkuð, aðeins litillega blönduð við aðra hluta fyllingarinnar

**Tafla 8.** Hér má sjá stærð og dýpt eldstæða í húsi 4:11b, ásamt upplýsingum um fyllingu þeirra.

Eins og kom fram hér að ofan þá var eldstæði 2 austarlega í miðju gólfí. Það var 0,2 x 0,35 m að stærð og var mun grynnra en hin þrjú, einungis um 3 sm á þykkt. Fylling þess var ekki jafn litskrúðug. Þar að auki var það að hluta til mjög ríkt af kolumn, ólikt hinum þremur. Eldstæði 3 var í N-hliðarskipi hússins og var 0,55 langt og 0,55 m breitt og 0,12 m á dýpt. Það var litillega niðurgrafið og fylling þess samansett af ösku, sóti, brenndum beinum og lífrænum leifum. Fyllingen var afar blönduð og því ekki jafn litskrúðug og í mörgum öðrum eldstæðum í rúst 4.11.

Eldstæði 4 var mjög vestarlega í húsinu á mörkum miðskips og N-hliðarskips. Það var nokkuð niðurgrafið og fylling þess var lítið blönduð. Hlutar hennar voru mjög ljósir og ríkir af lífrænum leifum og inn á milli voru stórir viðarkolamolar. Sýni voru tekin úr hverju þeirra. Alls voru tekin 13 sýni úr rúst 4:11b, sjá töflu 3. Nánar verður fjallað um eldstæðin í kafla 6.2.2.

Leifar af timbri fundust austarlega í húsinu. Þær lágu í N-S yfir S-hliðarskip og yfir í mitt miðskipið, að eldstæði 2. Einnig fundust timburleifar upp við (A-megin) þrjá steina sem lágu í N-S í syðra hliðarskipi. Annað hvort er um að ræða leifar seta eða bekkja líkt og í húsi 4:11a, eða einhvers konar innréttingu svo sem skápa eða geymslna.

Nokkuð margir athyglisverðir gripir fundust í húsi 4:11b. Þar ber helst að nefna þrjá járnhringi, þrjá hnifa, two járnripi sem minna mikið á lykla en hafa líklegast verið einn gripur og verið einhvers konar lykkja sem fest hefur verið á timbur, klæði eða leður. Líklegast er þó að hann hafi verið hluti af upphengibúnaði á fötu eða álíka grip. Þá fannst einnig slípistein úr vikri, áþekkum þeim sem fannst í húsi 4:11a. Það er þó einn fundur sem sker sig verulega frá hinum, þó aðallega í magni fremur en gerð. Það var járnsjóður sem fannst þétt upp við vegg undir veggjarhruni úr N-vegg hússins. Fleiri en 50 járnripir lágu ofan á heinbrýni. Enginn gripanna er einstakur



**Mynd 30.** Hús 4:IIb. Efst í hægra horni myndarinnar má sjá hús 4:IIc og efst á miðri mynd má sjá innganginn í hús 4:IIa. Skurðirnir í veggjum húss 4:IIb eru ummerki prufuskurðar sem tekin var árið 2007. (Ljósm. BFE. Horft mótt V. Stafrænar myndir nr. 334).



**Mynd 31.** Útidyr húss 4:IIb. Horft er inn í húsið og sjá þrepskjöldinn og sandlagið innan við hann sem lá ofan á stein-hellum í öndinni. (Ljósm. BFE. Horft mótt N. Stafrænar myndir nr. 417).

eða óvenjulegur, en saman komnir eru þeir harla athyglisverðir. Líklegst er um að ræða einhvers konar varasjóð, þar sem járngrípirnir, aðallega naglarnir, voru flestir bognir og sumir brotnir. Brýnið var brotið um gatið og lá undir járngrípunum, sem voru m.a. naglar, lykkjur, skinnur og hringur. Upphaflega hafa grípirnir líklegast verið í einhvers konar pung. Engin ummerki um slikt höfðu þó varðveist.

Engar stoðarholur fundust í húsinu sem fengust staðfestar með þversniði, en þrjár mjög líklegar fundust á mörkum hliðar- og miðskipa. Í sömu línum lágu efnilegir stoðarsteinar og ein steinvelta<sup>7</sup>. Einnig fannst stoðarholra A-megin við útidyr hússins.

Fjórar planteikningar voru gerðar, auk sérteikninga af þversniðum eldstæðanna.<sup>8</sup>

#### Hús 4:11c

Hús 4:11c snéri NNA-SSV og var áfast N-hluta húss 4:11b. Húsið var 4 x 3,40 m að stærð að ytra máli og 2,10 x 1,40 m að innra máli að önd undanskilinni. Öndin var 0,75 löng og 0,35 m breið og að henni meðtalinni hefur húsið verið 3,2 m<sup>2</sup> að flatarmáli og mesta breidd veggja var 1,35 m. Meðalbreidd veggja var hinsvegar um 1,2 m. Einar dyr eru á húsinu og liggja þær inn í hús 4:11b. Gólfíð var mjög þunnt og náði alveg upp að V-vegg hússins, út um dyrnar og tengdist gólfí 4:11b. Engin ummerki gólfis voru hins vegar við N- og A veggi hússins. Á mörkum gólfins A-megin mátti sjá timburleifar sem benda til þess að einhvers konar mannvirkri úr timbri hafi verið í húsinu þeim megin, mögulega einhverskonar hillu umbúnaður. Breidd þessa mannvirkis eða hillubúnaðar var vart meiri en 25 sm. Nokkuð miklar timburleifar lágu svo alveg við A-vegginn. Stoðarholur fundust í NV- og SA-hornum, þétt upp að torfveggnum.

Engir grípir fundust í húsi 4:11c og þar var eitt gólfþýni tekið. Ein planteikning var gerð af húsinu.

<sup>7</sup> Steinvelta er far eftir Stein.

<sup>8</sup> Öll eldstæðin voru teiknuð að eldstæði 2 undanskildu. Það var sökum þess að eldstæðið var það grunnt að slík teikning hefði ekki bætt neinu við þær upplýsingar sem þegar lágu fyrir.



**Mynd 32.** Hús 4:IIc og inngangurinn yfir í 4:IIb. Grágræna sandlagið ofan á veggnum er nær víst landnámslagið. (Ljósm. BFE. Horft mótt S. Stafrænar myndir nr. 376).

#### Hlað og öskuhaugur

Vestan við og alveg upp að húsi 4:IIa lá öskuhaugur. Til að kanna umfang hans var grafinn prufuskurður í hann sem lá A-V eða því sem næst. Prufuskurðurinn var 1,9 m á lengd og 0,5 m á breidd. Hann leiddi í ljós að öskuhaugurinn var allt að 10 sm á þykkt. Engir gripir fundust í honum að undanskildum fimm beinum sem safnað var úr prufuholunni. Í öskuhaugnum var trúlegast einvörðungu innihald eldstæða, en



**Myndir 33 og 34.** Bronspinni og skrautsteinn sem fundust á hlaði rústar 4:II. (Ljósm. SSE. Gripir nr. 33 og 38).

ekki annað rusl. Greinilegt var að öskuhaugurinn hafði nýlega (talið í mánuðum) verið raskaður með skurði, líklegast í tengslum við jarðfræðikannanir. Ákveðið var að rannsaka öskuhuginn ekki frekar.

Á bæjarhlaðinu fundust alls 24 gripir, þ.á.m. 16 bein. Þar ber helst að geta lítils brots af heinbrýni og eins bronspinna. Þar fannst einnig mjög lábarinn og ávalur skrautsteinn. Grafið var niður á gjóskulag sem greint var sjónrænt af eldfjallafræðingi sem Landnámslagið  $871\pm2$ . Mikið af mannvistarlagsslettum fundust á hlaðinu og þær auðraktar til öskuhaugsins.

### **3 Ritheimildir<sup>9</sup>**

Fáar ritheimildir eru til sem varða Þjótanda og sem dæmi má nefna að bæjarnafnið kemur aldrei fyrir í Íslenzku fornbréfasafni. Elstu heimildir um bæinn eru að finna í jarðabókum og þeirra elst er frá 1597. Þar kemur fram að landskuld á Þjótanda sé 40 aurar og kúgildi séu þrjú, en dýrleika er ekki getið (*Jarðabók 1597*, bls. 55). Næst kemur Þjótandi fyrir í jarðabók frá 1686 en þar segir að dýrleiki bæjarins sé tíu hundruð, kúgildi fjögur og landskuld sé 60 álnir. Engin breyting er á þessum töluum í jarðabók frá 1695 (Björn Lárusson, 1967, bls. 107). Jarðabækurnar frá 1686 og 1695 eru einu heimildirnar um dýrleika Þjótanda. Ítarlegust er lýsing á landi Þjótanda í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* en hún er frá 1709. Þar er dýrleika Þjótanda þó ekki getið fremur en annarra jarða í eigu biskupsstólanna eða konungs, sökum þess að ekki var greidd tíund af þeim (*Saga Biskupsstólanna*, 2006, bls. 92). Árið 1574 var gerð samþykkt á Alþingi um að „gjaldast skuli tíund fátækum af öllum kóngs jörðum og kirkjunnar...“ (*Alþingisbækur Íslands I*, 1912, bls. 234). Í *Jarðabók Árna og Páls* segir þó aftan við umfjöllun um Sandvíkurhrepp, Hraungerðishrepp, Villingaholtshrepp og Eystri – Hrepp að bændur á svæðinu þykist ekki kannast við þessi lög og að svokallaður jarðareyrir hafi ekki verið greiddur í meira eða minna 30 ár (*JÁP*, 1918-1921, bls. 115-116, 148-149, 181, 232).

Í *Kirkjueignum á Íslandi 1597 – 1984* kemur hins vegar fram að Þjótandi hafi verið 23 hundruð að dýrleika (*Kirkjueignir 1597 – 1984*, 1992b, bls. 98). Þetta stemmir ekki við eldri heimildir og því líklegast um innsláttarvillu að ræða. Í inngangi skrárinnar segir: „Einnig hefur verið stuðst við Jarðabók sem tekur til allra jarðeigna á Íslandi frá 1695... er í jarðabókinni getið um eignarhald jarðanna og þar er tilgreint matsverð þeirra og fjöldi kúgilda sem fylgia“ (*Kirkjueignir 1597 – 1984*, 1992a, bls. 4). Upplýsingarnar koma án efa einvörðungu úr jarðabókinni 1695 eða hugsanlega 1686, því eins og áður sagði kemur dýrleiki Þjótanda hvorki fram í jarðabókinni 1597 né í þeirri frá 1709.

---

<sup>9</sup> Þessi kafli og sá næsti birtust fyrst í skýrslu fyrsta áfanga rannsókna á Þjótanda. Þeir birtast hér aftur lítillægð breyttir.

Þjótandi hélst í eigu Skálholts allt þar til 8. september árið 1798 þegar hún var seld á 74 ríkisdali (*Kirkjueignir 1597 – 1984*, 1992b, bls. 98). Veturinn 1916 – ’17 keypti Fossafélagið Titan svo jörðina á 26.000 kr (Guðjón Friðriksson, 1999, bls. 374-375) og hélst hún í eigu þeirra allt til 1952, þegar jörðin fóll í eigu ríkisins (Ríkisendurskoðun, 2007).

## 4 Staðarhættir

Í dag er ekkert eftir af bænum Þjótanda annað en rústir einar, yngstar frá byrjun 20. aldar. Það er þó ekki langt síðan að jörðin lagðist í eyði, en yngstu bæjarhúsin eyðilögðust í jarðskálftunum árið 2000 og voru rifin í kjölfarið. Þau stóðu nálægt Þjórsárbrúnni gömlu, en þangað hafði bærinn verið fluttur í kringum aldamótin 1900. Áður stóð hann ofar í landinu og þær rústir liggja eftir óhreyfðar. Hvað olli þessum flutningi er ekki vitað með vissu, en þó eru líklega tveir atburðir áhrifamestir. Annars vegar er það bygging brúarinnar yfir Þjórsá, en hún var tekin í gagnið árið 1895. Hugsanlega hafa ábúendur á Þjótanda séð aukinn hag í nálægð við þjóðveginn og nýreista brúnna. Hinn atburðurinn átti sé stað snemma hausts ári síðar, en þá urðu nokkrir snarpir jarðskjálftar á Suðurlandi. Þeir eru taldir hafa verið 6 – 7,5 stig á Richterskalanum (*Sunnlenskar byggðir*, 1981, bls. 365-637) og ekki ólíklegt að bæjarhúsin hafi orðið fyrir skemmdum vegna þeirra. Það var að öllum líkindum samspil þessara atburða sem varð til þess að bærinn var fluttur.

### 4.1 Um merkingu örnefnanna Þjórsár og Þjótanda

Nafnið Þjórsá er yfirleitt útskýrt með tengingu við naut, þar sem merking orðsins þjór er naut. Af sama meiði er skýring nafnsins í *Landnámu*, en þar segir: „Þórarinn hét maðr, sonr Porkels ór Alviðru Hallbjarnarsonar Hörðakappa; hann kom skipi sínu í Þjórsárós ok hafði þjórshöfuð á stafni, ok er þar áin við kennd“ (*Íslenzk fornrit*, 1968, bls. 370). Tengingin við nautgripi kemur þó víðar fyrir á svæðinu, m.a. í örnefninu Nautavaði við Þjórsárholt og Kúadal í landi Þjótanda (*Örnefnaskrá Skálholts og Þjótanda*).

Þetta er þó ekki eina útskýringin sem sett hefur verið fram og er Svavar Sigmundsson einn þeirra sem lagt hefur til aðra tilgátu. Hann segir:

Gísli Gestsson segir í Árbók Ferðafélagsins 1956 að á vetrum komi það oft fyrir, að Þjórsá bólgni svo mjög upp í frostum, að hún flæði langt upp á tún og sjálfur fossim (Urriðafoss) hverfi með öllu. Það er fornenska orðið þeð, sem merkir ‘bólga’ eða ‘kýli’ sem hjálpar hér til skýringar. Það er skyldt orðinu þjó, sem er af indóevrópskri rót +teu, sem merkir að ‘bolgna’. Í sumum norskuum örnefnum sem hafa Tjörn að forlið, er talað um sömu merkinguna „eð klunnalegt“. Nafnið Þjórn er haft í formmáli um eyjuna Tjörn í Bóhusléni í Svíþjóð þar sem eru há fell. Af þessari ástæðu þykir mér ekki ósenilegt að nafnið Þjórsá sé dregið af slíkri ishrönn fremur en af því að nausthöfuð hafi verið í stafni skips sem silgdi upp á Anna (Svavar Sigmundsson, 1990, bls. 131-132).

ENN önnur tilgáta er þess efnis að áin og bærinn Þjótandi eigi sér sama uppruna. Þessi tilgáta hefur verið lögð fram í ljósi þess að þegar litið er á heimildir um Þjórsá kemur fyrir orðmyndin *Pjótsá*. Þórhallur Vilmundarson telur að líklegast sé um að ræða eldri mynd á nafni árinnar og sé dregið af þrengslunum sem verða í ánni við Þjótanda. Hann segir:

Nafnið Þjótandi og aðstæður þar gætu bent til þess, að \*Pjótsá kunni að vera eldra nafn árinnar, af \*Pjótr, annarri mynd nafnsins Þjótandi, sbr. Lútur-Lítandi, en nafnmyndin Þjótr er til sem síkisheiti í Hálssasveit í Borgarfirði... \*Pjótr ætti þá að hafa verið ofan þrengslanna í *Þ.[jórsá]* ofan og neðan við Urriðafoss“ (Þórhallur Vilmundarson, 1996, bls. 137)<sup>10</sup>.

*Pjótsá* kemur fyrir á nokkrum stöðum í *Íslenzku fornbréfásafni (D.I)* og t.d. er talað um *þjótzá* í dómi frá 1476 (1900, bls. 82). Orðmyndin kemur líka fyrir í skrá frá 1615, en þar segir: „Vmm ausutskóguna j árnessyslu firir vtan *þiotsä* og þeirra ørnefne norður fra Sandartungu“ (*DI*, 1888, bls. 867) (leturbr. höf.). Einnig kemur orðmyndin *Þjósá* eða *Þjóssá* fyrir í *Fornbréfásafninu*. Til dæmis er talað um í vitnisburði um landamerki frá 1384 um *þiosar holli* (1896, bls. 19). Elsta dæmi þess að áin er nefnd annað en *Þjórsá* kemur fyrir í tylftatali frá 1312, þar sem talað er um *þirossaros* (1896, bls. 379).

#### 4.2 Náttúra og umhverfi

Í *Sunnlenskum byggðum* er Þjótanda lýst á þessa leið: „Þjótandi er lítil jörð, eingöngu heiðlendi, skjólgóð en frekar landlétt“ (*Sunnlenskar byggðir*, 1981, bls. 36). Í Nytjalandi – Jarðabók Íslands segir að 42,4% jarðarinnar sé rýrt mólendi og 22,1% sé ríkt mólendi. Þrátt fyrir að einungis séu átta ár frá því að jörðin fór í eyði falla 0,1% hennar undir ræktað land. Annað fellur t.d. undir votlendi og hálfdeigju<sup>11</sup> (*Nytjaland – Jarðabók Íslands*, 2006a). Upplýsingarnar í eldri jarðabókunum sýna greinilega fram á að þetta er ekki nýleg þróun og Þjótandi hefur ekki verið gjöful jörð. Í *Jarðabók Árna og Páls* segir:

Torfrista og stúnga engin að telja og er heytorf tilfengið af Skálmholtshrauni, en hefur þó ei viss tollur fyrir goldist til þessa.

<sup>10</sup> Texti innan hornklofa eru viðbætur frá höfundum.

<sup>11</sup> Á heimasiðu Nytjalandi er hugtakið „hálfdeigja“ útskýrt á eftirfarandi hátt: „Í þennan flokk falla gróðurlendin hálfdeigja, jaðar og framræst votlendi sem ekki er farið að bera augljós merki gróðurbreytinga yfir í þurrandi (valllendi eða mólendi)“ (Nytjaland – Jarðabók Íslands, 2006b). Samkvæmt *Íslenskri orðabók* þá merkir hálfdeigja m.a. votlent engi. Jaðar er svæði á mórkum votlendis og þurrleidis (2002, 543; 723)

Móskurður hefur verið til eldiviðar, meinast nú engin.  
 Engjar öngvar, nema hvað hent er úr vallendis dældum í úthögum.  
 Landþróng er mikil, og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna, en ekki  
 geldst hjer beitartollur nje hefur goldist so menn viti.  
 Hætt er kvíkfje á vetur í stórvíðrum fyrir hrakningi í Þjóssá.  
 Vatnsból bregst á vetur og er þá í Þjórsá vatns að afla, sem so er erfitt,  
 að menn verða að ausa upp vatnið, og bera það í ílátum yfir gljúfur,  
 sem liggar með ánni, þángat sem peningi verður að komið (JÁP,  
 1918-1921, bls. 178).

Í þessari lýsingu er ekki minnst að sandur spilli landinu, en þó er liklegt að svo  
 hafi verið. Mögulegt er þó að vandamálið hafi ekki verið mjög slæmt í upphafi 18.  
 aldar á þeim tíma sem *Jarðabók Árna og Páls* var skráð. Um Skálmholt, sem er  
 næsti bær við Þjótanda segir: „Túninu grandar sandfok, sem mjög fer í vöxt,  
 sjerdeilis í landnýrðingi“ (JÁP, 1918-1921, bls. 179). Við uppgröft á rústum í landi  
 Þjótanda sést að land hefur verið og er mjög sendið, og hugsanlega fundust  
 ummerki tilrauna til landgræðslu.

Verið getur að aðrir fýsilegri kostir en landgæði hafi verið við ábúð á Þjótanda.  
 Fiskigengd upp með Þjórsá hefur verið nýtt um aldaraðir. Fyrsta heimildin sem  
 nefnir þetta er *Jarðabók Árna og Páls* frá byrjun 18. aldar, en Urriðafoss er efsti  
 bærinn sem þar er sagður nýta sér hana (JÁP, 1918-1921, bls. 177). Það útilokar þó  
 ekki að án hafi verið nýtt fyrr og öðruvísi en þar er vísað til. Áður en án þrengist  
 við Þjótanda er hún breið og nokkuð lygn og vel hugsanlegt að þar hafi veiðar verið  
 stundaðar áður fyrr. Þjórsá var fiskgeng frá náttúrunnar hendi allt að Hestafossi og  
 Búðafossi (Búða) við Árnes, sem eru mun ofan í Þjórsá en svæðið við Þjótanda  
 (Magnús Jóhannsson o.fl., 2002, bls. 1).<sup>12</sup>

Elsta heimildin um ánni í *Fornbréfasafhinu* er frá 1198 og þar er hún nefnd  
 þiorsa. (D.I. 1857-1876, bls. 303). Þetta styður ekki kenningar þess efnis að Þjótsá  
 sé eldri mynd nafnsins, en þó er ekki hægt að útiloka að svo sé. Þórhallur bendir á  
 að framburður nafna geti breyst, sérstaklega í orðum þar sem -rs- eða -ts- standa  
 saman. Samsetning þessara stafa er oft borin fram sem -s- (Þórhallur Vilmundarson,  
 1996, bls. 137).

Þetta útskýrir þann rugling sem virðist vera á nafninu, en segir ekki til um hvort  
 sé eldra. Nafnið virðist vera nokkuð á reiki lengi fram eftir og sem dæmi má nefna

<sup>12</sup> Þjórsá hefur í dag að geyma einn stærsta laxastofn landsins og um 4,9% allrar árlegrar laxveiði á  
 Íslandi kemur úr ánni. Talsvert hefur verið um seiðasleppingar síðastliðin ár og hefur Landsvirkjun  
 staðið straum af kostnaði við það (Magnús Jóhannsson o.fl., 2002, bls. 3).

að í *Jarðabók Árna og Páls* frá byrjun 18. aldar, er talað jöfnum höndum um *Pjóssá* og *Pjórsá*, jafnvel á sömu síðunni (sjá t.d. bls. 175 og tilvitnunin hér á bls. 38).

Þórhallur segir nafnið **Pjótanda** dregið af „straumþunga og dyn árinna“ (Þórhallur Vilmundarson, 1996, bls. 137). Því er hugsanlegt að bærinn dragi nafn sitt af ánni eða öfugt, t.d. hefur nafn bæjarins verið dregið af þrengingunni og bærinn þá gefið ánni nafn. Það er kannski ekki að furða ef svo væri sökum þess hve mikil breyting verður á ánni á þessum stað sem setur mikinn svip á svæðið. Um uppruna örnefnisins segir Svavar Sigmundsson:

Líklegt er að nafnið Dynjandi hafi snemma orðið karlkyns eins og oft gerist um örnefni, ekki síst bejanöfn. Bærinn hefur verið nafnlaus í fyrstu en sá sem fyrstur byggði þar hefur búið “at Dynjandi”, þ.e. við fossinn Dynjandi. Svipað hefur gerst með bæjarnafnið **Pjótanda** í Bjórsá. Orðið þjótandi var kvik. í forná málí og merkti ‘lifæð’. Nafnið hefur vaftalitið átt við þrengslin sem verða í ánni þar sem brúin hefur staðið við bæinum **Pjótanda**. Ásgeir Blöndal Magnússon segir í orðsifjabók sinni að þjótandi sé kk.orð og merki ‘þytur, hraður straumur’ og er það efaltið dregið af nafni bæjarins, sem hefur verið kk. **Þjótandi**, um **þjótanda**“ (Svavar Sigmundsson, 2005).<sup>13</sup>

Hvort áin öll dragi nafn sitt af þessu svæði verður hér látið ósagt, en það verður að teljast a.m.k. jafn líkleg skýring, ef ekki líklegrí og að nafnið sé dregið af nautshaus á stafni eins landnámsmanna. Sérkennilegt verður þó að telja að jafn lítið býli og **Pjótandi** trúlega var og við þekkjum úr ritheimildum, hafi gefið jafn mikilli á nafn sitt, kannski er skýringin fólgin í því að þarna stóð bær á landnámsöld, sem hvarf síðar, en skildi eftir sig nafn á mikilli á? Nánari rannsókn á staðnum mun hugsanlega skýra þetta.

Líklegt er að áin hafi verið fiskgeng enn ofar fyrr á öldum, þar sem talið er að Árnes hafi verið landfast vestan megin (í Árnessýslu). Við þær aðstæður hefur allt vatn runnið um Árneskvísl. Í skýrslu um rannsóknir á lífríki **Pjórsár** segir að við þær aðstæður hafi verið fiskgengt um Hestafoss (Magnús Jóhannsson o.fl., 2002, bls. 15). Því til stuðnings hefur verið vísað til Landnámu en þar segir frá Þorbirni Laxakarli sem nam **Pjórsárdalinn** allan og Gnúpverjahrepp ofan til Kálfá og er talinn hafa búið á Haga (*Íslenzk fornrit*, 1968, bls. 381).

Hagi er vel fyrir ofan Árnes. Sumir vilja túlka viðurnefni **Þorbjarnar** á þann veg að fiskgengd hafi náð alveg upp að landnámi hans. Hvort eitthvað sé að marka

<sup>13</sup> Tilvitnunin er tekin úr safninu „Örnefni mánaðarins“ á heimasiðu Stofnunar Árna Magnússonar, en birtist á heimasiðu Örnefnaðstofnunar frá 2002-2006. Upplýsingar um **Pjótanda** er að finna í umfjöllun um örnefnið Dynjanda frá maí 2005 (Arnastofnun, 2007).

frásögn Landnámu eða hvort merking nafnsins „Laxakarl“ sé bein tenging við veiðar í Þjórsá er erfitt að segja til um. Hinsvegar er varla hægt að draga í efa að náttúruleg fiskgengd hefur náð langt fram hjá bæjarstæði Þjótanda og því mögulegt að áður fyrr hafi þessi auðlind verið nýtt, þó það hafi ekki ratað í ritheimildir. Staðsetning elstu húsanna sem fundist hafa við Þjótanda (4:10 og 4:11) gæti gefið til kynna að hlutverk þeirra hafi verið í tengslum við nýtingu árinnar eins og síðar getur.

Ritheimildir frá 18. og 19. öld gefa þó ekki mynd af mjög gjöfulum veiðum í Þjórsá. Eins og áður kom fram þá var Urriðafoss efsti bærinn skv. *Jarðabók Árna og Páls* sem hafði hlunnindi af silungaveiðum og laxveiði hvergi talin til hlunninda á bæjum við Þjórsá. Í *Ferðabók Sveins Pálssonar* frá lokum 18. aldar er þess getið að laxveiði sé lítið stunduð í Þjórsá og að sumir haldi því jafnvel fram að enginn lax sé í ánni eða að hann sé af „annarri tegund en hinn venjulegi S. scalar<sup>14</sup>“ (Sveinn Pálsson, 1945, bls. 520-521).

Í Lýsingu Árnass-sýslu eftir Jón Þórðarson frá 1848 segir: „Nokkuð ofar er foss eigi all líttill, hann heitir Urriðafoss, og er þar ágæt laxveiði“ (Jón Þórðarson, 1990, bls. 21). Bjarni Sæmundsson sem stundaði rannsóknir á svæðinu árið 1896 segir í skýrslu sinni að engin veiði sé fyrir ofan Urriðafoss, en áður fyrr hafi þó verið veiddur hoplax<sup>15</sup> á haustin í Holtunum (Bjarni Sæmundsson, 1897, bls. 135). Holtin eru austan við Þjórsá og rétt NA við Þjótanda. Þau eru hins vegar við sama breiða kafla árinnar og Þjótandi, þ.e.a.s. fyrir ofan þrenginguna. Því er ekki ósennilegt að veiðar á hoplaxi hafi einnig verið stundaðar á Þjótanda og hefur líklegast verið gjöfulasta áin á þessu svæði sé tekið mið af heimildum.

Ekki er hægt að útiloka að áin hafi litið talsvert öðru vísí út fyrr á öldum, t.d. verið tærari og minna um flóð en síðar varð. Hafi hún þá jafnvel verið enn gjöfulli.

---

<sup>14</sup> Hér er átt við Salmo Salar sem er Atlantshaflax.

<sup>15</sup> Hoplax er niðurgöngulax.

## **5 Greiningar**

### **5.1 Rúst 4:10a-e**

#### **5.1.1 Gjóskugreiningar**

Tekin voru fjögur gjóskusýni (nr. 26, 31, 39 og 40) úr rúst 4:10a-e og þau öll send í greiningu til dr. Þorvaldar Þórðarssonar, eldfjallafræðings hjá Edinborgarháskóla. Doktorsnemi á hans vegum kom einnig á Þjótanda og tók fleiri sýni, en niðurstöður þeirra höfðu enn ekki borist þegar þessi skýrsla fór í prentun. Þær munu þó væntanlega birtast í doktorsrigerð viðkomandi.

Sýni 26 var tekið úr gjóskulagi sem lá utan í A-langvegg rústar 4:10a og er því yngri en hún. Efnasamsetning sýnis 26 bendir til þess að gjóskan komi úr Veiðivatnakerfinu og líkist þá einna helst gjósku úr gosunum 1477 eða Landnámslaginu  $871\pm 2$ . Hægt er mjög auðveldlega að útiloka Landnámslagið sem möguleika, þar sem viðarkol innan úr húsi 4:10a hefur verið aldursgreint til. 13. aldar (sjá kafla 5.1.4). Að auki voru gjóskukorn (*e. tephra grains*) í sýninu sem talin eru tilheyra annað hvort Heklugosinu 1104 eða 1389. (Þorvaldur Þórðarson, 2009, bls 1: sjá viðauka 12.3). Ef það reynist rétt liggur lagið hugsanlega ekki *in situ*, heldur hefur það blásið upp og blandast öðrum gjóskum á svæðinu. Það getur einnig hafa blásið í lagið eftir að það féll.

Sýni 31 var tekið úr gjóskulagi sem lá yfir rúst 4:10a-e. Efnasamsetning gjóskunnar sýndi að hún hefur komið úr Kötlu og passar við þrijú gos frá árunum 920, 1500 og 1721 e. Kr. Samkvæmt mati Þorvaldar er Katla 1500 sennilegasti kosturinn (Þorvaldur Þórðarson, 2009, bls 1). Það passar vel við viðarkolsgreininguna úr húsinu, en hún útilokar Kötlu 920 sem möguleika af sömu ástæðum og greint var frá hér að ofan. Gjóskulagið sem sýni 31 var tekið úr lá beint ofan á rúst 4:10a-e og því hefur ekki mjög langur tími liðið frá því að notkun hennar lagðist af og þar til lagið féll. Af þeim ástæðum er ósennilegt að gjóskulagið tilheyri Kötlugosinu frá 1721. Meðalíftími torfhúsa á suður Íslandi hefur verið um 50-75 ár og því hugsanlegt að síðasta skeið húss 4:10a-e (vænanlega hús 4:10d) sé ekki mikið eldra en frá því um 1400. Um þetta verður fjallað nánar í kafla 6.1.1.

Sýni 39 var tekið úr gjóskulagi sem fannst í meintum húsvegg á mörkum húsa 4:10a og c. Við fyrstu skoðun reyndist meintur veggur vera náttúrumyndun, en við nánari skoðun er vel hugsanlegt að hann sé forn veggur húss 4:14. Sýni 40 var tekið úr gjóskulagi innan í húsi 4:10bII, ofan á mannvistarlagi. Gjóskugreiningin sýnir að um sömu gjósku sé að ræða, bæði í sýnum 39 og 40. Samsetning gjóskunnar bendir til þess að gjóska sé úr Landnámslaginu 871±2 (Þorvaldur Þórðarson, 2009, bls 1).

### 5.1.2 Skordýragreiningar

Aðeins eitt gólf- eða jarðvegsýni var tekið úr rúst 4:10, en það var tekið úr rými I í húsi 4:10a. Tekið var fimm lítra gólfssýni (nr. 48) og sent til Hrannar Konráðsdóttur, fornvistfræðings til greiningar, líkt og gert var árinu áður við sýni úr rústum 4:3 og 4:5:1.

Í sýninu fundust leifar tveggja tegunda skordýra. Annars vegar var það hélukeppur (*O. nodosus*) og hins vegar túnrani (*T. obustus*), en báðar eru af ranabjölluætt (Hrönn Konráðsdóttir, 2009, bls. 2. Sjá viðauka 12.2). Hvorug tegundin er talin tengjast hýbýlum manna sérstaklega. Skordýragreiningin bar mjög litinn árangur þar sem varðveisla á sýnunum var mjög léleg. Þær fáu skordýraleifar sem sýnin gáfu virðast vera skemmdar af einhvers konar efnim að mati Hrannar (Hrönn Konráðsdóttir, 2009, bls. 2). Vegna þess hve fá skordýr fengust úr sýnunum segja þau okkur ekkert nánar um hlutverk hússins.

### 5.1.3 Dýrabeinagreiningar

Alls fundust meira en níu bein í rúst 4:10, í öskuhaugnum og á hlaðinu umhverfis húsin og félru þau undir sjö fundanúmer. Þau voru öll send til greiningar hjá Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings. Eins og með skordýrin þá er varðveisla á dýrabeinum frá Þjótanda slök. Þetta á við um dýrabein frá mest öllu Suðurlandi, sökum þess hve súr jarðvegurinn er (Albína Hulda Pálsdóttir, 2009, bls. 11). Sjá viðauka 12.1). Vegna þessa hafa eflaust færri bein varðveist en ella, þar sem þau sem fundust voru í nokkuð slæmu ástandi. Niðurstöður beinagreininganna endurspeglar þetta, því af níu beinum voru aðeins þrjú greinanleg til tegundar. Tvö

Deildir (e. taxon) eftir efnahagshópum	Hús 4:11 11. óld	Hlað/öskuhaugur 11. óld	Hús 4:10 13. óld
Kýr ( <i>Bos taurus</i> )	5	2	1
Hestar ( <i>Equus caballus</i> )		1	
Kindur ( <i>Ovis aries</i> )	4	2	
Kindur/geitur ( <i>Ovis/Capra sp.II</i> )	3	1	2
	12	6	3

**Heildarfjöldi tegundargreinanlegra  
beina (TOTAL NISP) =**

Meðalstór landdýr (e. Medium Terrestrial Mammal)	5	2	2
Stór landdýr (e. Large Terrestrial Mammal)	2		

Ógreinanleg brot af spendýrabeinum (e. Unidentified Mammal Fragments)	3	4	3
<b>Heildarfjöldi brota (TNF) =</b>	<b>22</b>	<b>12</b>	<b>8</b>


**Tafla 9.** Skipting beinanna frá Þjótanda eftir fundarstað og tímabili. Taflan er fengin úr viðauka 12.1 (Albína Hulda Pálsdóttir, 2009, bls. 11).

Sýni nr.	Hús	Viðartegund	Eiginaldur	Athugasemdir
41. 4 st kol, rest jarðvegur með mjög smáum kolabrotum	4:10d	Birki Viðir ( <i>Salix</i> ) Viðir Viðir	25 ár 12 ár 20 ár 28 ár	C-14 ? Ekki við börk. C-14 Ok, en frekar lítið efni. C-14 Nei C-14 Nei (öll í sér pokum)
<b>42. 4 st kol</b>	<b>4:10a</b>	<b>I. Birki</b> 2. 3. st Birki	<b>14 ár</b> --	<b>C-14 Já</b> C-14 Nei
44. 2 st smábrot af kolum, mest jarðvegur í sýnapoka	4:10e	I. Barrviður 2. Barrviður	----	C-14 Nei. Viðareki eða innfluttur viður. (Ekki hægt að greini nánar til tegundar en virðist ekki vera greni, Liklega fura eða lerki.)
45. 2 st kol	4:10e	I. Birki 2. Birki	7 ár 13 ár	C-14 ? (Ekki við börk) C-14 ? (Ekki við börk)
46. 2 st kol, lítil	4:10e	Birki	18 ár	C-14 Nei, ekki ráðlegt, í sér poka.
49. 10 kolbrot greind til tegunda	4:10al	Öll birki Sýni fyrir C-14	6 ár	C-14 sýni í poka, sæmilegt en gæti gefið of hán aldur vegna bess að það er ekki úr þeim hluta trésins sem er undir berki.
56. Smá kolabrot	4:10a	Ekki hægt að greina		C-14 Nei
57. Mjög smá kolabrot	4:10a	Engin greining framkvæmd		C-14 Nei

**Tafla 10.** Niðurstöður tegundargreiningar á viðarkolasýnum úr rúst 4:10a-e (Ólafur Eggertsson, 2009, bls. I-2). Upplýsingum um úr hvaða húsi sýnin voru tekin og feit- og skáletrun var bætt við af höfundum. Feit- og skáletrun sýnir hvaða sýni var sent út til C-14 greiningar.

beinanna koma úr kindum/ geitum og eitt bein fannst úr kýr. Hluta af beinunum, eða fimm brot var aðeins hægt að greina nánar en til spendýra. Þar af voru tvö meðalstór landdýr<sup>16</sup> og þrjú ógreinanleg brot af spendýrum. Engir áverkar eftir t.d. slátrun eða skurð sáust á beinunum (Albína Hulda Pálsdóttir, 2009, bls. 11). Végs konar hve fá beinin eru er ekki hægt að draga neinar viðtækjar ályktanir út frá niðurstöðum beinagreiningarinnar aðrar en þær að þeir sem höfðust við í og við rústirnar á þjótanda höfðu aðgang að kindum/geitum og nautgripum.

#### 5.1.4 Viðarkol og C-14



**Mynd 35.** Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 42 úr rúst 4:10a.

Tekin voru átta viðarkolasýni úr rúst 4:10a-e. Þar af voru fjögur tekin úr rúst 4:10a, þrjú úr rúst 4:10e og eitt sýni var tekið úr rúst 4:10d. Sýnin voru send til tegundagreiningar á Rannsóknarstöð Skógræktar á Móglisá og greininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson jarðfræðingur.

<sup>16</sup> Landdýrum er skipt upp í þrjá flokka: Stór, meðalstór og lítil. Stór eru t.d. hestar og kýr. Meðalstór eru t.d. manneskjur, kindur, geitur, svín og hundar. Lítill landdýr eru t.d. mys, refir og smáir hundar.

Sýni nr.	Hús	Viðartegund	Eignaldur	Athugasemdir
27. 10 st. kolabrot greind til tegunda	4:IIb	Allt birki (Betula) 6 st 4 st fyrir C-14	15-28 ár Undir 10 ára	Í sér poka, ekki góð C-14 sýni Öll góð í C-14, í sér poka. Má senda saman í aldursgreiningu.
28. I st kol	4:IIb	Birki	16 ár	C-14 já, í poka
29. 5 stærstu valin	4:IIa	1. Birki 2. Birki 3. Birki 4. Birki 5. Birki	12 ár 23 ár 10 ár 10 ár 6 ár	C-14 Nei, ekki við bork C-14 Nei, ekki við bork C-14 Nei, ekki við bork C-14 já C-14 já
30. 10 stærstu kolin greind til tegunda.	4:IIb	1. Birki 2. Birki 3. Birki 4. Birki 5. Birki 6. 3st birki 7. 2st birki	30 ár 39 ár 25 ár 23 ár 35 ár 25-36 ár 18-33 ár	C-14 já, en frekar hár eignaldur C-14 Nei of hár eignaldur C-14 já, við bork C-14 já, við bork C-14 Nei C-14 Nei, ekki við bork C-14 Nei, ekki við bork. (Sýni 1, 3, 4 má aldursgreina saman og fá þannig meira efni)
32. I st kol	4:IIb	Birki	22 ár	C-14 já, í sér poka
33. I st kol	4:IIb	Birki	16 ár	C-14 já, í sér poka
34. 5 st kol	4:IIb	1. Birki 2. Birki 3. Birki 4. Birki 5. Birki	8 ár 17 ár 10 ár 15 ár 13 ár	C-14 ? Ekki við bork C-14 ? Ekki við bork C-14 ? Ekki við bork C-14 já C-14 já (má senda saman með sýni 4)
38. Illa varðveisitt kol, hægt að greina tvö brot sem eru af eik	4:IIa	2 st Eik (Quercus)		C-14 Nei, í sér poka
43. I st kol	4:IIa	Birki	22 ár	C-14 já, í sér poka
47. I st kol	4:IIa	Birki	17 ár	C-14 já, í sér poka
51. 3 st kol greind til tegunda	4:IIa	1. Birki 2. Birki 3. Birki	18 ár 25 ár 17 ár	C-14 já C-14 Nei C-14 já en frekar líttif efniviður (má setja sýni 1 og 3 saman og aldursgreina)
52. I st kol	4:IIa	Birki	5 ár	C-14 já, gott sýni börkur tekinn í burt. Í sér pokum ekki aldursgreina börkinn.
54. 5 stærstu brotin valin til greininga	4:IIa	1. Birki 2. Birki 3. Birki 4. Birki 5. Birki	7 ár 14 ár 10 ár 4 ár 6 ár	Öll sýnin í lagi fyrir C-14 greiningu. Hægt að sameina þau og senda saman sem eitt sýni í aldursgreiningu.
55. I st kol	4:IIa	Birki	18 ár	C-14 já, í sér poka
63. 5 stærstu kolin greind til tegundar	4:IIa	1. Birki 2. Viðir/birki 3. Birki 4. ekki hægt 5. Barrviður	7 ár 5 ár 12 ár --- 8 ár	C-14 já C-14 já C-14 já C-14 Nei C-14 Nei (reki eða innflutt)
64. 5 kol valin til greininga, þau stærstu	4:IIa	1. Birki 2. Birki 3. Birki 4. Birki 5. Birki	11 ár 13 ár 15 ár 15 ár 22 ár	C-14 Nei C-14 já C-14 nei C-14 já C-14 já (Það má setja saman sýni 2,4,5 sem eitt sýni í aldursgreiningu)
65. Litið um varðveisitt kol. 3 st í lagi	4:IIb	1. Birki 2. Viðir 3. Birki	16 ár 6 ár 8 ár	C-14 já C-14 já, frekar litið efni C-14 Nei, ekki við bork
66. 2 st kol greind	4:IIb	1. Birki 2. Birki	13 ár 18 ár	C-14 já C-14 já (má setja saman og senda í C-14 greiningu)

**Tafla II.** Niðurstöður tegundagreiningar á viðarkolasýnum úr rúst 4:IIa-c (Ólafur Eggertsson, 2009, bls. I-2). Upplýsingum um úr hvaða húsi sýnin voru tekin og feit- og skáletrun var bætt við af höfundum. Feit- og skáletrun sýnir hvaða sýni voru send út til C-14 greiningar.

Sýni úr öðrum viðartegundum en birki og víði eru gjarnan ekki send í aldursgreiningu þar sem þau eru af erlendri gerð og geta hafa rekið á strendur landsins eða verið hluti af eignum manna, og því verið mjög gamalt þegar það lenti í jörðu. Eins og sjá má af töflunni hér að neðan voru nær öll sýnin ónothæf til C-14 greininga. Aðeins eitt þeirra var vel nothæft en það var var einn af fjórum kolamolum sem voru í sýni 42 úr húsi 4:10a. Sýnið reyndist vera úr birki með eignaldur upp á 14 ár.

Niðurstaða C-14 greiningar gáfu þá niðurstöðu að sýni nr. 42 reyndist vera  $780 \pm 40$  BP, þ.e.a.s.  $780 \pm 40$  árum eldra en nútími (1950). Sýnið er því frá árunum 1130 – 1210 e. Kr. samkvæmt óleiðréttí niðurstöðu. Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt samkvæmt hefðbundinni leiðrétttingarkúrfu (sbr. mynd 35) með 2 sigma staðalfráviki þá má halda því fram með 95% öryggi að sýnið sé einhvern tímann frá tímabilinu 1200 – 1280 e. Kr. Með 1 sigma staðalfráviki eða 68% vissu er það frá tímabilinu 1220 – 1270 e. Kr.

## 5.2 Rúst 4:11a-c

### 5.2.1 Gjóskugreiningar

Af þeim gjósusýnum sem tekin voru sumarið 2008 náðist ekki að greina þau sýni sem tekin voru úr rúst 4:11a-c, en úr rúst 4:1a-e eru niðurstöður birtar hér í kafla 5.1.1. Þau sýni sem tekin voru úr rúst 4:11a-c sumarið 2008 voru tekin af eldfjallafræðingum í tengslum við nám þeirra og rannsóknir (doktorsnám). Niðurstöður greininganna munu því birtast á þeirra vegum og vonandi einnig í skýrslu um rannsóknir á rúst 4:14.

Hér verða niðurstöður greininga á sýnum sem tekin voru í rúst 4:11b sumarið 2007 birtar aftur (tafla 12), en þau sýni voru tekin af dr. Þorvaldi Þórðarsyni jarðfræðingi. Niðurstöður þeirra greininga eru að í veggjatorfi hússins fannst Landnámslagið frá  $871 \pm 2$  og ofan á húsinu lá lag sem hugsanlega kemur frá Heklugosinu árið 1104 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarssdóttir, 2008, bls. 26; 143). Húsið er því yngra en  $871 \pm 2$  og eldra en 1104. Vegna þess hvernig gjóskan frá 1104 lá yfir rústinni má draga þá ályktun að húsið hafi verið orðið að

Nr.	Rúst	Lýsing	Niðurstaða	Ályktun
TT01	Snið í skála (rúst II)	0.5-1.5 sm grábrún -, fin - miðlungs gróf -, öskurík - sandlinsa	Blandað sýni úr ýmsum áttum	-
TT02	Snið í skála (rúst II)	0.1-0.2 sm mjög fin gjóska	Katla 1721	Katla 1721
TT03	Snið í skála (rúst II)	0.5-1.2 sm grábrún fin - miðlungs gróf gjóska	Bárðarbunga seinni hluti 17. aldar eða snemma á 18. öld	Bárðarbunga seint á 17. öld eða snemma á 18. öld.
TT04	Snið í skála (rúst II)	0.3-0.6 sm grábrún fin - miðlungs gróf gjóska	Bárðarbunga fyrri- eða miðhluti 16. aldar	Bárðarbunga, fyrri- eða miðhluti 16. aldar
TT05	Snið í skála (rúst II)	0.2-0.7 sm grá brún miðlungs gróf gjóska	Veiðivötn 1477	Veiðivötn 1477
TT06	Snið í skála (rúst II)	0.1-0.2 sm svört fin gjóska	Katla 15. öld eða Katla 1440	Katla á 15. öld
TT07	Snið í skála (rúst II)	0.5-1.0 sm grábrún fin eða miðlungs gróf gjóska	Blandað sýni úr ýmsum áttum, vindborin gjóska	-
TT08	Snið í skála (rúst II)	0.5-1.0 sm grásvört - svört miðlungsgróf gjóska	Niðurstaðan ekki einhlít (hugsanlega byrjunarfasi H 1300)	Hekla 1300
TT09	Snið í skála (rúst II)	0-0.5 sm gráleit - hvít mjög fin gjóska	Niðurstan ekki einhlít (hugs. byrjunarfasi H11206)	Hekla 1206
TT10	Snið í skála (rúst II)	0-0.5 sm svört mjög fin gjóska	Blandað sýni úr ýmsum áttum. Vindborin gjóska	-
TT11	Snið í skála (rúst II)	0-0.4 sm svört mjög fin gjóska	Lagið er komið frá Heklu, en ekki ljóst hvenær (mögulega 1104)	Hekla 1104
TT12a	Snið í skála (rúst II)	Dökkur hluti af gjóskulagi í torfvegg	L a n d n á m s s y r p a n (Vatnaöldur ~870AD + Katla)	Landnámslagið
TT12b	Snið í skála (rúst II)	Ljós hluti af gjóskulagi í torfvegg	L a n d n á m s s y r p a n (Vatnaöldur ~870AD + Katla)	Landnámslagið

**Tafla 12.** Niðurstöður gjóskugreininga dr. Þorvalds Þórðarsonar frá 2007 og birtust í skýrslu 2008 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008). Reiturinn lengst til hægri eru túlkunar höfunda og þýðingin er þeirra.

rúst löngu fyrir 1104. Hversu löngu fyrir þann tíma er óvísst, en varla er hægt að tala um minni tíma en eina öld.

### 5.2.2 Jarðvegsgreiningar

Fjögur gólfssýni (sýni nr. 35, 36, 37 og 50) voru tekin úr rúst 4:11a-c og átta jarðvegssýni úr eldstæðum (sýni nr. 59-63 og 67-69). Ákvæðið var að senda eitt gólfssýni úr 4:11a (nr. 50, fimm lítrar) og eitt sýni úr eldstæði 1 úr húsi 4:11b (nr. 67, fimm lítrar) í skordýragreiningu til Hrannar Konráðsdóttur, fornvisstræðings.

Sýnið úr eldstæðinu innihélt því miður engar skordýraleifar. Samkvæmt Hrönn kemur sú niðurstaða ekki á óvart, af tveimur ástæðum. Annars vegar af því að skordýrin

forðast eldinn og hins vegar vegna þess að þær leifar sem eru í eldstæðum fara svo illa í eldinum að þær verða illgreinanlegar (Hrönn Konráðsdóttir, 2009, bls. 2).

Í gólfssýni fundust leifar einnar skordýrategundar. Það var færilús sem leggst á kindur (Hrönn Konráðsdóttir, 2009, bls. 2). Þær festa sig á ull þeirra með safa og sennilegt að þær detti af ullinni þegar hún er unninn (Hrönn Konráðsdóttir, 2009, bls. 2). Einnig getur lúsin hafa borist inn með skóbúnaði fólks. Þar sem aðeins eitt skordýr fannst er ekki hægt að draga neinar ályktanir um hlutverk hússins út frá því. Þrjú gólfssýni (nr. 35-37) voru tekin og send til greiningar hjá Veiðimálastofnun á Selfossi. Markmiðið var að finna hreistur af laxfiski og staðfesta að húsin hafi verið notuð við vinnslu á fisk úr ánni. Ekki bar sú greining árangur, þar sem engin hreistur fundust. Tvennt getur verið áhrifavalldur í því. Annars vegar er það fyr nefndur súr jarðvegur á Suðurlandi. Hins vegar er staðreyndin sú að Veiðimálastofnun er ekki vön að leita eftir og rannsaka 1000 ára gömul brot af hreistri. Því er sá möguleiki fyrir hendi að þeim hafi yfirsétt eitthvað. Neikvæð niðurstaða þarf þess vegna ekki að þýða að laxfiskur hafi ekki verið verkaður í húsinu.

### 5.2.3 Dýrabeinagreiningar

Alls fundust meira en 59 bein í rúst 4:11, öskuhaugnum og á hlaðinu umhverfis húsin og féllu þau undir 20 fundanúmer. Eins og sagt var frá í kafla 5.1.3 þá er varðveisla á beinum á Þjótanda ekki góð og því sama vandamál á ferðinni við greiningu beinanna sem komu úr rúst 4:11 og þeirra sem komu úr rúst 4:10.

Af þessum 59 beinum voru 18 greinanleg til tegundar. Eins og sjá má í töflu 9 voru flest beinanna úr kindum eða kindum/ geitum, alls sjö úr húsunum og þrjú af hlaðinu og úr öskuhaugnum. Fimm bein úr kúm fundust í húsum 4:11a-c og tvö slík fundust á hlaðinu eða í öskuhaugnum. Á hlaðinu fannst einnig eitt bein úr hestri. Hluta af beinunum, alls 16 brot var ekki hægt að greina nánar en til spendýra. Þar af voru fimm meðalstór landdýr í húsum 4:11a-b og tvö slík voru af hlaðinu og úr öskuhaugnum. Tvö stór landdýr fundust í húsum 4:11a-b og þrjú ógreinanleg brot af spendýrum. Fjögur ógreinanleg brot fundust á hlaðinu og í öskuhaugnum. Engir áverkar um t.d. slátrun eða skurð fundust á beinunum (Albína Hulda Pálsdóttir, 2009, bls. 11).


Eins og í rúst 4:10 var ekki hægt að draga neinar víðtækar ályktanir út frá niðurstöðum beinagreiningarinnar vegna fæðar og ástands beinanna. Hægt er þó að sjá hvaða dýr fólk ið hafði aðgang að. Þau hafa verið hin hefðbundnu íslensku húsdýr. Athygli vekur að engin höggförl fundust á beinum eða ummerki um slátrun. Tvennt kemur til greina, annars vegar að um sjálfdauð dýr sé að ræða eða að ummerkin sjáist ekki vegna slæms ástands þeirra. Hið síðarnefnda hlýtur að teljast líklegrí skýring. Ástæðan fyrir beinafæðinni getur einnig legið í þeirri ástæðu að þetta hafi verið útstöð og að slátrun hafi ekki farið fram á staðnum heldur hafi aðeins ákveðnir hlutar skepnunar verið teknir með sem nesti. Hvort þetta sé útstöð eður ei fæst þó ekki á hreint fyrr en meintur skáli (rúst 4:14) er staðfestur og að hann hafi verið samtíða húsum 4:11a-c.

#### 5.2.4 Viðarkol og C-14


Tekin voru 19 viðarkolasýni úr rúst 4:11a-c. Þar af voru tíu tekin úr rúst 4:11a og níu úr húsi 4:11b. Ekkert viðarkolasýni var tekið úr húsi 4:11c sökum þess að nær engin viðarkol fundust í húsinu.

Átján sýnanna voru send til tegundagreiningar á Rannsóknarstöð Skógræktar á Mógilsá. Eins og sjá má af töflunni hér að neðan voru mörg sýnanna hæf til C-14 greininga en voru þó með nokkuð háan eignaldur. Tvö þeirra, sýni 52 og 65 voru valin úr sitthvoru húsinu og þau send utan til aldursgreinigar. Sýni 52 úr húsi 4:11a reyndist vera úr birki með eignaldur upp á 5 ár. Í sýni 65 úr húsi 4:11b var litið um varðveisst kol en þrír viðarkolamolar voru í lagi og einn þeirra hæfur til C-14 greiningar. Hann reyndist einnig vera úr birki með eignaldur upp á 16 ár.

C-14 greining á sýni 52 gaf þá niðurstöðu að sýnið reyndist vera  $880 \pm 40$  BP (sjá mynd 36). Sýnið er því frá árunum 1030 – 1110 e. Kr. Samkvæmt óleiðréttum niðurstöðu. Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt samkvæmt hefðbundinni leiðréttungarkúrfu) með 2 sigma staðalfráviki þá má halda því fram með 95% öryggi að sýnið sé einhvern tímamann frá tímabilinu 1040 – 1240 e. Kr. Með 1 sigma staðalfráviki eða 68% vissu er það frá tímabilinu 1060 – 1080 e. Kr og 1150-1210. Út frá gjóskulögum er líklegra að rústin sé frá neðri mörkun C-14 greiningarinnar. Sagt verður nánar frá því í kafla 6.2.1.




Mynd 36. Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 52 úr rúst 4:I la.



Mynd 37. Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. 65 úr rúst 4:I b.

C-14 greining á sýni 65 gaf þá niðurstöðu að sýnið reyndist vera  $940 \pm 40$  BP (sjá mynd 37). Sýnið er því frá árunum 970 – 1050 e. Kr. samkvæmt óleiðrétti niðurstöðu. Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt samkvæmt hefðbundinni leiðréttингarkúrfu með 2 sigma staðalfráviki þá má halda því fram með 95% öryggi að sýnið sé einhvern tímann frá tímabilinu 1020 – 1200 e. Kr. Með 1 sigma staðalfráviki eða 68% vissu er það frá tímabilinu 1030 – 1160 e. Kr. Um þessa niðurstöðu má segja það sama og fyrri niðurstöðuna, gjóskugreiningarnar benda til neðri markanna.



**Mynd 38.** Niðurstöður C-14 greiningar á sýni nr. I úr prufuskurði í rúst 4:Ib, sem gerður var árið 2007.

Tekið var viðarkolasýni (sýni 1) úr gólfí rústarinnar þegar prufuskurður var gerður í hana árið 2007 þegar hún fannst. Það var sent til greiningar og samkvæmt viðargreiningu var sýnið ekki gott til aldursgreiningar sökum þess að það var innan úr tré, en ekki við börk þess. Það var úr birki og með 6 ár í eignaldur. Sýnið var samt sem áður sent til C-14 aldursgreiningar þar sem um birki var að ræða þrátt fyrir allt. Reyndist aldur þess vera  $850 \pm 40$  BP eða frá árunum 1060 – 1140 e. Kr. óleiðrétt. Sé niðurstaðan leiðrétt kemur í ljós að hún lendir á mjög óheppilegum stað

á leiðréttингarkúrfunni (sjá mynd 38). Með 2 sigma staðalfráviki og 95% öryggi er sýnið frá 1050 – 1090, 1130 – 1140 eða 1140 – 1260. Leiðréttинг samkvæmt 1 sigma hefur í för með sér einhlítari niðurstöðu eða að sýnið sé einhverntíman frá 1160 – 1230 með 68% öryggi. Eins og áður segir benda gjóskulög til þessað neðri mörk þessara greininga sýni líklegasta aldur rústar 4:11a-c (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2008, bls. 26-27).

Af þessari síðustu greiningu má sjá hve mikilvægt það er að senda „rétt“ sýni til C-14 aldursgreiningar.

## 6 Umfjöllun og túlkun

### 6.1 Rúst 4:10a-e

Eins og áður hefur verið komið inn á myndaðist rústaþyrpingin 4:10a-e á tiltölulega löngum tíma þar sem hús voru byggð ofan á og utan í eldri hús. Mörg hundruð árum seinna, löngu eftir að notkun húsanna lagðist af var fjárhús (4:2) byggt ofan á rústir þeirra.

Hús	Ytra mál		Innra mál		m <sup>2</sup>	Tilgáta	Aldur
	Lengd	Breidd	Lengd	Breidd			
<b>4:10</b>	21,00 m	12,20 m	-	-	-	-	11.-15. öld
<b>4:10a</b>	16,80 m	4,80 m	13,60 m	1,85 m	27,90	Fjárhús og hlaða	<13.öld
<b>4:10aI</b>	9,90 m	4,95 m	8,10 m	2,00 m	18,25	Fjárhús	-
<b>4:10aII</b>	3,30 m	4,65 m	2,40 m	1,75 m	4,36	Fjárhús	-
<b>4:10aIII</b>	4,80 m	4,50 m	2,70 m	1,90 m	5,29	Hlaða	-
<b>4:10bI</b>	6,00 m	3,15 m	4,05 m	2,45 m	10,58**	Skepuhús***	12.-13. öld
<b>4:10b2</b>	4,45 m*	3,05 m*	3,40 m*	2,35 m*	7,99	Skepuhús***	11.-12. öld
<b>4:10cI</b>	2,80 m	2,40 m	2,20 m	1,70 m	3,74	Fiskbyrgi	14.-15. öld
<b>4:10c2</b>	4,50 m	4,50 m	3,30 m	2,50 m	9,15**	Hlaða	13. öld
<b>4:10d</b>	3,70 m*	3,60 m*	2,50 m*	2,50 m*	6,25*	Fiskbyrgi	14.-15. öld
<b>4:10e</b>	10,80 m	4,35 m	8,85 m	2,60 m	24,28**	Fjós og hlaða	11.öld.-12.öld
<b>4:10eI</b>	5,90 m	4,70 m	5,90 m	2,60 m	15,34	Fjós	-
<b>4:10eII</b>	5,00 m	4,70 m	3,20 m	2,45 m	8,94	Hlaða	-

\* Stærðir eru að vissu marki áætlaðar sökum þess hve illa farin rústun var.

\*\* Heildartala inniheldur að einhverju leyti áætlaðar stærðir.

**Tafla 13.** Tafla sem sýnir stærðir húsa sem falla undir rúst 4:10 og tilgátu um hlutverk þeirra.

Þetta ferli, að fjárhús séu byggð ofan á og við eldri minjar er víða þekkt. Það var gert aðallega af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að graslendi í kringum rústir er iðulega mun gróskumeira sökum þess magns af lífrænum leifum sem eru að finna í jarðveginum og koma frá rústunum. Í öðru lagi vegna þess að svæðið eða staðurinn var enn eftirsóknarverður til húsbygginga af sömu ástæðum og hann var það í upphafi þegar staðurinn var fyrst valinn, t.d. þurr og vatn í nágrenni. Í þriðja lagi var nýtanlegur efniviður þegar kominn á staðinn og hann mátti endurnýta í ný hús. Þetta á bæði við grjót og torf, sem hægt var að stynga upp aftur. Í einhverjum tilfellum hafa nýtanlegir raftar verið til staðar.

Undir lok rannsókna á Þjótanda 2008 fannst enn ein rústin (4:14) undir 4:10a-e og er því ljóst að nýting þessa staðar á sér mjög langa sögu. Dæmi um slíka endurnýtingu svæða með eldri minjum er t.d. að finna í *Jarðabók Árna og Páls*, í skráningu þeirra frá Völlum í landi Ketilsstaða í Austur-Barðastrandasýslu. Þar segir:

Í heimalandi er pláts eitt, kallað **Veller**. Þar er nú brúkaður stekkur. Af girðingum og tóftavexti, sem þar er, sýnist so sem þar hafi að fornu kunnad að vera býli, en þar um veit þó enginn neitt að segja annað en munnmæli. Kann nú ómögulegt að byggjast (*JAP*, 1938, 97).

Þetta sama ferli má t.d. líka sjá við Fjárhól á Síðu í V-Skaftafellssýslu. Þar eru margar fornar rústir sem eru að öllum líkindum frá fyrstu öldum byggðar í landinu. Ofan á nær öllum þeirra hafa verið reist yngri fjárhús (Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsson, 2004).

Ekkert húsanna sem falla undir rúst 4:10a-e hafa verið mannabústaðir. Í engu þeirra fannst eldstæði og í þeim voru lítil sem engin gólfloð, að húsi 4:10a undanskildu. Þetta á þó kannski ekki við rúst 4:10c, sem gæti verið hluti af hinu órannsakaða húsi 4:14.

#### 6.1.1 Hús 4:10a og 4:10c2

Hús 4:10a var langt og mjótt hús með mjög lifrænu gólfloði og með engum eldstæðum. Það hefur því verið skepuhús - sennilega verið fjárhús af sömu gerð og önnur kynslóð rústar 4:5:1 sem fjallað var um í skýrslu fyrra árs. Önnur kynslóð rústar 4:5:1 var að vísu mun styttri en 4:10a (3 - 4 m styttra), en annars mjög áþekk. Húsið er mjög mjótt eins og rúst 4:5:1, en í umfjöllun í skýrslu fyrra árs var litið nánar á slíkar rústir. Þar kom í ljós að hús sem hafa verið mjó miðað við lengd eru nokkuð algeng á miðoldum á Suðurlandi. Litið var á hlutfall lengdar og breiddar og voru Þórarinssstaðir á Hrunamanna-afrétti með hæstan stuðullinn (þ.e. mjóst miðað við lengd) af þeim rústum sem fannst í þeim rústum sem litið var á eða níu rústir. Önnur kynslóð rústar 4:5:1 var með stuðulinn 6,44 og hús 4:10a hefur verið mest með stuðulinn 7,35<sup>17</sup> (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsson, 2008, bls. 33).

Á mynd 39 - 41 má sjá grófar hugmyndir um það hvernig hús 4:10a hefur þróast í gegnum tíðina. Það hefur tekið mörgum breytingum á sínu notkunarskeiði og hafa þær skilið eftir sig ummerki í fornleifunum sem þessar tilgátur byggjast á. Hins vegar eru sum þeirra ummerkjja sem finnast svo ógreinileg að ekki sést hvaða breytingum þau tilheyra. Sem dæmi má nefna að í syðri hluta vestur veggjar hússins var steinaröð langsum í honum miðjum. Hún hefur í eina tíð verið hluti af ytra eða


<sup>17</sup> Allar tölur í L/B stuðli miðast við innra mál húsanna.

innra byrði veggjarins (líklega innri röð) þegar hann lá annað hvort lengra til austurs eða vesturs. Vegna þess að steinaröðin stendur stök er í raun ekkert meira hægt um hana að segja. Þetta stig hússins er of illa farið vegna ítrekaðra endurbýgginga og lagfærings til að hægt sé að segja eitthvað um það.


Viðarkolasýni var tekið úr rými III (því nyrsta) og það sent utan til C-14 greiningar. Niðurstæða hennar sýndi með 95% öryggi að kolið sé frá 13. öld (sjá 5. kafla). Sýnið var tekið neðarlega úr rýminu og tilheyrði fremur kynslóð 2 en 3. Eins og minnst var á fyrr í þessari skýrslu entust torfhús á suðurlandi að jafnaði um 50-75 ár og kynslóð 1 gæti því verið um 50-75 árum eldri en C-14 greiningin sýnir. Því er sennilegt að elsta kynslóð hússins sé frá því fyrir 1200, jafnvel frá miðri 12. öldinni.

### Kynslóð I

Í upphafi hefur húsið verið einása með dyr á V-hlið við SV-horn og nokkuð styttri en yngri kynslóðir þess. Þessi túlkun byggir á því að veggur fannst undir rými II eins og sagt var frá í kafla 2.2.1 og hefur hann í eina tíð verið N-gafl hússins. Samkvæmt því hefur húsið upphaflega verið um fimm metrum styttra að ytra máli og um þremur metrum styttra að innra máli. Dyr hafa verið við SV-horn og snúið móti V. Þegar húsið var grafið fram hafði verið fyllt í þær en ekki í dyrnar við S-gafl. Því tilheyra dyrnar við SV-hornið líklega



**Myndir 39-41.** Tilgáumyndir af húsi 4:10a. Hér eru lagðar til þrjár kynslóðir af húsinu. (Frunt. ÁG, KM, SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 42.** Rústir B og C á Þórarinsstöðum í Hrunamannafrétti (Kristján Eldjárn, 1949, bls. 34).

eldra stigi hússins. Enginn stoðarsteinanna sem fundust í húsini er talinn hafa tilheyrт þessari kynslóð. Annars vegar er það vegna þess að þeir fundust nokkuð ofarlega í gólfum og hins vegar vegna þess að einásá hús þurftu ekki stoðir nema að þau væru þeim mun lengri (Hörður Ágústsson, 1987, bls. 309).

Ef húsið er borið saman við hús B á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti (sjá mynd 42), sést að form þeirra eru mjög áþekk að undanskildu bogaformi hússins á Þórarinsstöðum. Á Þórarinsstöðum fundust þó ummerki um jötur, en engin slik fundust á Þjótanda. Það útilokar þó ekki að jötur hafi verið í húsini - þeim getur hafa verið eytt af yngri kynslóðum.

Óljósar vísbendingar eru um að enn eldri kynslóð þessa húss hafi verið til, nokkrum metrum styttri en sú sem hér er nefnd kynslóð 1. Grjóthleðsla í V-vegg hússins liggar þvert á hann og hefur ef til vill verið NV-horn þessa húss á einhverjum tímapunkti. Úr þessu verður ekki skorið.


## Kynslóð 2

Túlkun á kynslóð 2 byggir m.a. á ummerkjum þeirra stoðarholna sem lægra lágu í gólfínu. Allar kynslóðir húss 4:10a hafa verið einása, en eins og áður hefur komið fram þurfa lengri einása hús stoðir til þess að styðja við ásinn. Stoðarsteinarnir eru því vísbending um breytta lengd hússins. Tvær kynslóðir stoðarsteina fundust og einn flekkur eftir brennda stoð. Samkvæmt ummerkjum stoðanna sem lægra lágu í gólfínu hefur syðsta stoðin verið mjög nærrí S-gaflí hússins og nánast alveg við yngstu dyr þess. Ef dyrnar á S-gaflí hafa verið í notkun á sama tíma og þessi stoð hefur verið mjög þróngt við innanganginn og ólíklegt er að stoð hafi verið sett beint fyrir framan hann. Því er líklegast að dyrnar við S-gaflí hafi ekki verið komnar til sögunnar á þessum tímapunkti og dyrnar við SV-hornið hafi verið notaðar áfram í fyrstu eftir að húsið var stækkað.

Að öllum líkindum hefur hús 4:10c2, sem liggur við N-gafl 4:10a, verið í notkun á svipuðum tíma og kynslóð 2 og þá hugsanlega gegnt hlutverki hlöðu. Dyr lágu á milli rýmanna og fyllt hafði verið í þær áður en notkun 4:10a lagðist af. Því hefur 4:10c2 ekki verið í notkun á síðasta skeiði húss 4:10a.

Ef litið er aftur á mynd 42 má sjá rúst C á Þórarinsstöðum. Að undanskilinni lambakrónni á SA-hlið hússins er það mjög áþekkt tilgátunni um kynslóð 2 í húsi 4:10a. Að öllum líkindum munar ekki miklu í aldri á þeim, en þær eru báðar taldar vera frá því um 1100. Samkvæmt Sigurði Þórarinssyni eru afstöður gjóskulaga á Þórarinsstöðum og á Stöng í Þjórsárdal nær algjörar hliðstæður. Yfir báðum rústunum lá ljóst gjóskulag sem hann kallaði áður 1300-lagið (Sigurður Þórarinsson, 1949, bls. 52). Umrætt lag kemur úr Heklu og var aldursgreining þess endurskoðuð af Sigurði sjálfum. Niðurstaðan var sú að gosið hafi átt sér stað um 1104, og var fyrsta Helkugos eftir að byggð hófst hérlandis (Sigurður Þórarinsson, 1968, bls. 30-34). Íðulega er vísað til lagsins sem H1.

Umfangsmiklar fornleifarannsóknir áttu sér stað í Þjórsárdal árið 1939 og samkvæmt niðurstöðum þeirra rannsókna lagðist dalurinn í eyði vegna Heklugossins árið 1104 (þá talið hafa gerst árið 1300). Síðari rannsóknir á Stöng leiddu í ljós að bærinn hafði verið í notkun eftir gosið og hefur því búseta þraukað áfram í dalnum eftir 1104 (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1994). Ef að hægt hefur



**Myndir 43-44.** Kynslóðir 1-2 í rúst 4:3 á Þjótanda. Yngri kynslóðin er til vinstri og sú eldri til hægri (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2008, bls. 47).

verið að halda búsetu áfram í Þjórsárdal í 15-20 km fjarlægð frá Heklu er ekki ósenilegt að byggð hafi einnig þraukað á Þórarinsstöðum í Hrunamannafrétti, í 50 km fjarlægð frá Heklu. Um það er þó ekkert hægt að segja enn sem komið er þar sem þær rústir hafa ekki verið endurrannsakaðar líkt og þær á Stöng.

Aldursgreining Kristjáns Eldjárns á Þórarinsstöðum byggðist að mestu leyti á gjóskulagarannsónum og aldursgreiningu Sigurðar Þórarinssonar á H1 sem síðar reyndist röng. Hann taldi að húsin hefðu verið byggð upp seitn á 13. öld, ekki löngu áður en gjóskan fíll, sem hann taldi þá hafa fallið árið 1300 (Kristján Eldjárn, 1941, bls. 41). Nú er ljóst að aldursgreining Kristjáns stenst ekki og eru rústirnar á Þórarinsstöðum því eldri en hann taldi í fyrstu. Líklegast eru þær frá lokum 12. aldar eða hugsanlega frá þeirri 13 ef að búseta hefur haldist áfram á svæðinu eftir gosið 1104. Því er hægt að álykta að elstu rústir 4:10a-e séu líklegast frá svipuðum tíma og rústirnar í Þjórsárdal og á Þórarinsstöðum og eru þá Þórarinsstaðir ekki nema í mesta lagi um 100 árum eldri.

### Kynslóð 3

Samkvæmt þeim ummerkjum sem fundust við rannsókn N-gafls 4:10a hefur fjárhúsið og hlaðan verið stytt, þ.e.a.s. Hús 4:10c2 var lagt af og hlöðu verið bætt við inni í húsi 4:10a. Þá hefur húsinu verið skipt upp í áðurnefnd þrjú rými sem fundust við rannsóknina. Innst í húsinu fannst rými (rými III) sem hefur verið túlkað sem hlaða og var það nokkuð niðurgrafið. Sunnan við það var annað lítið rými sem

hefur hugsanlega verið lambakró. Syðst hefur þá verið aðalrými fjárhússins fyrir sauðféo.

Ef meðal endingartími torfhúsa er um 75 ár og kynslóð 2 er aldursgreind til 13. aldar (1200-1280), þá er hægt að ganga út frá því að kynslóð 3 sé ekki yngri en frá 14. öld. Í gólfí annarrar kynslóðar rústar 4:5:1 fundust tvær rásir sem í voru gjóskulag sem greint var til Kötlu 1440 eða annars 15. aldar goss úr henni. Ofan á gólfinu var annað gjóskulag sem greint var sem Veiðivötn 1477. Því er rústin ekki yngri en það. Yfir rúst 4:10a-e lá gjóskulag sem greint var sem Katla 1500 og rústin því ekki yngri en það. Því er ekki útilokað að rúst 4:5:1, sem rannsökuð var 2007, hafi tekið við hlutverki húss 4:10a á Þjótanda.

#### 6.1.2 Hús 4:10b1-2

Hús 4:10b1 sem lá áfast V-hlið húss 4:10a hafði dæmigert form úтиhúss. Fjallað var um slík hús í skýrslunni um rannsóknir á Þjótanda árið 2007 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008). Tvaer yngstu kynslóðir rústar 4:5:1 og 1. stig rústar 4:5:2 höfðu sama form og fíllu því í sama flokk (ibid, 2008, bls. 44). Þetta er mjög yfirgripsmikill flokkur og í hann falla margs konar hús, eins og t.d. beitarhús, skemmur, útibúr og smiðjur. Sama byggingarform var stundum notað á kórlaus bænhús og kirkjur. Það er fljótelegt að útiloka nokkra af þessum möguleikum strax. Hús 4:10b var hvorki kirkja, bænhús né smiðja. Það er augljóst þar sem húsið snéri N-S og var alveg laust við viðarkol og gjall. Eins og áður segir brann eldur ekki í húsinu og var það því ekki mannabústaður. Út frá þessum upplýsingum og nálægðarinnar við önnur skepuhús er hægt að gera ráð fyrir því að hús 4:10b1 hafi verið einhvers konar skepuhús. Eins og kom fram hér að ofan var húsið áfast V-hlið 4:10a og því líklega samtíða því. Hvaða kynslóð húss 4:10a það tilheyroi er ekki eins ljóst og getur í raun hafa tilheyrт hverri þeirra, þó líklegast sé að það hafi tilheyrт yngri skeiðum þess. Því er hús 4:10b u.p.b. frá 12.-14. öld. Nánari aldursgreiningu er ekki að fá á þessu stigi málsins.

	<b>Ytra mál</b>	<b>Innra mál</b>	<b>m<sup>2</sup></b>
<b>4:3, K1</b>	3,20 x 3,80 m	2,0 x 2,60 m	5,2
<b>4:3, K2</b>	3,80 x 2,80 m	2,60 x 1,50 m	3,9
<b>4:10b1</b>	6,00 x 3,15 m	4,05 x 1,70 m	10,58
<b>4:10b2</b>	4,45 x 3,05 m	3,40 x 2,35 m	7,99

**Tafla 15.** Hér má sjá stærðir rústa 4:3 og 4:10b1-2 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2008, bls. 46).

Hús 4:10b2 hefur hugsanlega verið skepnuhús af svipaðri gerð. Fremur lítið hefur varðveist af húsinu, en þó nógum mikið til þess að hægt er að geta í eyðurnar. Það var 4,45 x 3,05 m að ytra máli og 3,40 x 2,35 m að innra máli og hefur verið 1,50 m styttra en hús 4:10b1 (sjá töflu 15). Form þess svipaði til rústar 4:3 sem rannsökuð var árið 2007, en var þó aðeins stærra en báðar kynslóðir þess. Þess ber þó að geta, eins og áður hefur komið fram, að stærðir eru að vissu marki áætlaðar, sökum þess hve illa farin rústin var. Hóffjöður fannst í húsinu sem er gæti verið vísbending um hlutverk þess, þ.e.a.s. að það hafi verið hesthús.

Eins og kom fram í kaflanum um hús 4:10b1-2 (bls. 13 og áfram) þá liggur A-veggur hússins undir húsi 4:10a og er því eldra. Áður voru líkur leiddar að því að elsta kynslóð húss 4:10a væri frá 12. öld. Því er þetta hús ekki yngra og hefur verið fallið í eyði þegar hús 4:10a er reist. Sé miðað við stratigrafíu (jarðlagaskipan) svæðiðsins mætti ætla að húsið væri að öllum líkindum frá 11.-12. öld. Niðurstaða gjóskugreinigar veldur þó nokkurri óvissu hvað varðar þessa aldursgreiningu. Inn í húsinu fannst gjóska sem talin er geta verið Landnámslagið (871±2 AD). Ef rétt reynist þýðir það að húsið hefur að öllum líkindum verið fallið í eyði þegar sú gjóska fíll og er því nokkuð eldra en landnám Íslands. Hið svonefnda landnám fyrir landnám er umdeilt atriði á Íslandi og hefur ollið nokkrum deilum. Þekktasta dæmið er doktorsritgerð Margrét Hermanns-Auðardóttur sem olli miklu fjaðrafoki þegar hún kom út. Þar heldur dr. Margrét því fram að Ísland hafi verið byggt þegar á 7. öld. Sú niðurstaða hennar byggist reyndar á því að Landnámslagið tittnefnda hafi verið rangt aldursgreint og sé í raun frá 7. öld. Þessi niðurstaða hennar hefur almennt verið hafnað.

Dr. Þorvaldur Þórðarsson birtir þessa niðurstöðu þó með þeim varnagla að sýnin bíði enn frekari greiningar. Því verður engu slegið föstu hér um aldur sýnisins fyrr

en þær berast. Hér skal þó minnt á umfjöllun um gjósku í kafla 5.1.1 þar sem sýni var greint sem landnámslag eða V-1477, en þau munu vera talsvert lík. Á sömu forsendum og þar má því útiloka landnámslagið í húsi 4:10b2 með talverðu öryggi.

#### 6.1.3 Hús 4:10c1 og 4:10d

Hús 4:10c1 hefur verið 3,74 m<sup>2</sup> að flatarmáli og eingöngu úr steini og nokkuð minna en 4:10c2. Hús 4:10d var einnig eingöngu úr steini, að V-hlið undanskilinni sem var sameiginleg 4:10a, sem var bæði úr torfi og grjóti. Það var nokkuð stærra en 4:10c1, eða 6,25 m<sup>2</sup>. Húsin voru mjög áþeckk í formi og efnivið og sökum þess verður hér fjallað um þau saman.

Hvaða hlutverki þessi hús þjónuðu er nokkuð snúið að segja til um. Engin gólfloß voru í þeim og aðeins örfáir gripir almenns eðlis fundust í þeim og baettu engum upplýsingum við um hlutverk húsanna. Niðurstöður jarðvegssýna og dýrabeinagreiningar hafa sýnt að varðveisla á lífrænum leifum á Þjótanda er svo slæm að greiningar á slikum sýnum ferur mjög takmarkaðarupplýsingar.

Þegar kemur að túlkunum þarf því að reiða sig á formi húsanna og hvernig minjunum þau líkjast helst. Ein tegund þeirra eru svonefnd fiskbyrgi, sem notuð voru til fiskþurrkunar og geymslu. Í raun er eini munurinn á fiskbyrgjum og húsunum á Þjótanda sá að þau fyrnefndu voru yfirleitt kringlótt eða sporoskjulaga, en húsin á Þjótanda voru bæði nánast ferhyrnd. Vegna nálægðar húsanna við Þjórsá er ekki ósennilegt að einhver starfsemi þarna hafi snúið að verkun og geymslu laxfiska sem fengust úr ánni. Eins og áður hefur verið nefnt er Þjórsá ein af gjöfulli laxveiðiÁG landsins.

Slík byrgi voru algeng á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum og á Snæfellsnesi, en eru lítið þekkt utan þeirra svæða (Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 289). Notkun þeirra á sér langa sögu hérlandis og hafa þau verið notuð allt frá landnámsöld og allt fram til okkar daga. Um þau segir Lúðvík Kristjánsson:

Fiskur var þurrkaður í grjótbyrgjum, ýmist á rÁG eða eftir að hafa skejlað, og á stöku stað var hann geymdur í þeim fullharðu. Þeirra er hvergi getið í gömlum heimildum, en eigi að síður má ætla að notað hafi verið við þau frá fyrstu tið (Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 287-289).

Lítið hefur verið fjallað um veiðar og verkun á fiski úr ám og vötnum á fyrri tíð eða þær verið rannskaðar. Mun ítarlegra hefur verið fjallað í sjávarhætti hérlandis, en aðferðum beittum við sjávarfang ætti að öllum líkendum að vera hægt að beita á vatnafiska og alls ekki ósenilegt að slíkt hafi verið gert.

Purkkun var fram á seinni hluta 18. aldar nær eina aðferðin sem Íslendingar höfðu til að geyma fiskmeti sitt. Purkkun á laxfiski virðist vera óþekkt í heimildum, en þó er ekki ósenilegt að hún hafi verið stunduð. Laxfiskur er feitur fiskur og því erfiðara að þurrka hann en t.a.m. þorsk, en hið sama á við um bæði lúðu og steinbít sem hafa löngum verið þurruð. Það ætti því að vera vel hægt að þurrka laxfisk líkt og annan feitan fisk og ólíklegt að öðruvísi aðferð hafi verið beitt við geymslu hans en annarra fiskitegunda. Fiskþurkkun var þó þeim vandkvæðum háð að á sumrin var hún nær ómöguleg þar sem fluga komst þá í fiskinn. Þá neyddust Íslendingar á tímum einokunarinnar að selja dönskum kaupmönnum fiskinn *blautann*, kaupmenn sáu sjálfir um að setja hann í salt. Það var svo ekki fyrr en á seinni hluta 18. aldar að

Rúst	Ytra mál		Innra mál		m <sup>2</sup>	Tilgáta	Aldur
	Lengd	Breidd	Lengd	Breidd			
4:II	17,35 m	10,00 m	14,25	7 m	41,66		II. öld
4:IIa	8,00 m	4,5 m	5 m	2,12 m	11		II. öld
4:IIb	11,00 m	6,40 m	8 m	3,40 m	27,46		
4:IIc	4,60 m	3,90 m	2,10 m	1,4 m	3,2		

**Tafla 16.** Tafla sem sýnir stærðir rústara 4:II. Tölur innan sviga í breidd veggja sýnir mestu breidd þeirra. Sú fremri sýnir meðal breidd veggja.

Íslendingum var kennt að salta fisk. Fyrir þann tíma höfðu þurkkun og reyking verið einu leiðirnar til þess að geyma fiskinn, og þá hefur þurkkun verið mun algengari af þeim.

Saltfiskur varð fyrst hluti af íslenskum útflutningsvörum á 16. öld. Á tímum einokunarinnar var bæði hertur og saltaður fiskur fluttur út og saltfisksverkunin var alfarið á höndum dönsku kaupmannanna. Skúli fógeti að hafa sagt það berum orðum að „það hafði í gamla daga verið brýnt fyrir kaupmönnum í erindisbréfum þeirra, að aftra landsmönnum frá því að salta kjöt og fisk“ (Jón Aðils, 1919, bls. 487).

Hluti af þeim saltfiski sem fluttur var út á tímum einokunarinnar var laxfiskur, þó það hafi ekki verið í miklum mæli. Jón J. Aðils segir: „Lax var þá eigi reyktur heldur saltaður niður í tunnur, en að jafnaði var þó mjög lítið af honum flutt“ (ibid, 1919, bls. 488). Samkvæmt Jóni hefur laxinn verið lúxusvara og hann segir:



**Myndir 45 - 47.** Tvær efstu myndirnar sýna fiskbyrgi á slóðum Kirkju- og Sandhafnar á Reykjanesi. (Ljósm. SSE. Myndirnar eru úr Fornleifaská Fornleifafræðistofunnar). Á neðstu myndinni má sjá hús 4:10d. Hér má greinilega sjá hve líkar rústirnar eru í formi og efnivið. (Ljósm. BFE. Horft móti V. Stafrænar myndir 411).

Enn fremur sendu biskupar og sýslumenn yfirboðurum sínum og fulltingismönnum í Kaupmannahöfn hitt og þetta góðgæti heiman að, svo sem fisk og kjöt, lax, æðardún, tóuskinn og prjónles af bezta tægi, ef þeir gátu fengið flutning á því, til þess að ávinna sér hylli þeirra, ekki sízt ef þeir þurftu að fá einhverju framengt erlendis. (ibid, 1919, bls. 513).

Þessi lúxusvara hlýtur að hafa verið nýtt áður en söltun fiska kom til sögunnar og þá hlýtur algengustu geymsluaðferð Íslendinga að hafa verið beytt á lax eins og á annan fisk.

Eins og minnst var á hér að ofan eru fiskbyrgi einna helst að finna á m.a. Snæfellsnesi og þar finnast þau hvað þéttast. Ekki er vitað um aldur þeirra, en Lúðvík Kristjánsson telur þó að þau séu frá 14. öld en geti þó verið mun eldri en um það sé ekkert hægt að fullyrða (Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 293). Mat undirritaðra er að elstu fiskbirgin kunni vel að vera frá því um 1200. Það er því vel hugsanlegt að fiskbyrgin á Gufuskálum og þau á Þjótanda séu ekki frá ósvipuðum tíma, en talið er að hús 4:10 c1 og d séu frá 13.-14. öld. Sú aldursgreining fæst vegna þess að gjóskulag sem lá ofan á rústinni hefur verið greint sem Katla 1500 af eldfjallafræðingi. C-14 greining innan úr húsi 4:10a bendir til þess að það hús hafi verið í notkun á 13. öld og jafnvel fram á þá 14. Hús 4:10c1-d og hafa verið byggð nokkru eftir að 4:10a og c2 fóllu í eyði, en fyrir 1500. Aldursgreiningarnar á viðarkolinu og gjóskunni gefa nokkuð afmarkaðan tímaramma sem notkun húsanna getur fallið inn í. Miðað við hann eru hús 4:10c og d frá 14.-15. öld.

Vegna skorts á gripum og lifrænum leifum er ekkert hægt að fullyrða um þetta frekar. Hugsanlegt er að þetta hafi verið taðkofi þar sem þurrkað tað var geymt. Það er þó ósennilegt þar sem taðkofar voru iðulega heima við bæinn, sökum hentugleika.

#### 6.1.4 Hús 4:10e


Form húss 4:10e svipar nokkuð til fjárhúsa á við hús 4:10a og einnig rúst C á Þórarinss töðum. Samt eru nokkur mikilvæg atriði sem skilja þau að. Til að mynda hefur hús 4:10e að öllum líkindum verið nokkuð styttra en hús 4:10a og var 0,45-0,85 m breiðara. Ekki er gott að segja nákvæmlega til um muninn á lengdinni

þar sem syðri hluti húss 4:10e er nánast með öllu eyddur. Það er breiddarmunurinn sem er þó athyglisverður, og hann gæti bent til þess að ekki sé um annað fjárhús að ræða, heldur fjós.

Fjós af svipaðri gerð hafa fundist í Öræfasveit, bæði á Gröf og á Bæ, þ.e.a.s. hlaðan er áfstört við fjósið aftanvert og er nokkuð minna rými. Þar eru þó vissulega um mun stærri fjós að ræða og einnig eru um 200 árum yngri ef gengið er út frá því að rúst 4:10e sé frá 12. öld. Þá eru einnig kampar á milli fjóss og hlöðu á þjótanda, en á Bæ og í Gröf.


Eins og kom fram í kafla 2.2.1.1 er talið að hús 4:10e sé eitt af elstu húsunum sem rúst 4:10a-e samanstendur af og sé frá 11.-12. öld. Sú aldursgreining fæst annars vegar með niðurstöðu C-14 greiningar úr húsi 4:10a og hins vegar stratigrafiu eða lagskiptingu rústanna, en 4:10e lá undir 4:10a, elstu kynslóðinni. Niðurstöður C-14 greininga sýndu að hús 4:10a hefur verið í notkun á 13. öld og miðað við fundarstað viðarkolsins og endingartíma torfhúsa þá eru elstu minjar húss 4:10a allt frá því fyrir 1200, jafnvel miðja 12. öld.

Undir V-vegg húss 4:10a lágu bæði A-veggir húss 4:10b2 og 4:10e. Að öllum líkindum er hvorugt húsanna frá því fyrir 1000 sökum þess að hús fyrir þann tíma á Suðurlandi eru sjaldan eða mjög sjaldan með grjót í veggjum, en það er að finna í báðum húsum. Líklegasta aldursgreiningin er því sú að húsin séu frá 11. öld eða fyrri hluta þeirrar 12. Hvort húsið sé eldra, 4:10 b2 eða 4:10e, er erfitt að segja til um. Hæðarmunur á neðstu steinum er það lítilfjörlegur að hann hjálpar ekki við að segja til um það. Eina vísbendingin sem gæti bent til hærri aldurs 4:10e en 4:10b2 er sú staðreynd að S-gafl húss 4:10e er mjög illa leikinn. Ekki er ósennilegt að hann hafi farið illa þegar hús 4:10b2 var reist mjög nærrí honum og að efni úr gaflinum hafi verið nýtt í yngra húsið. Hús 4:10b2 og e eru hvað verst varðveitt af þeim húsum sem falla undir 4:10a-e og er það líklegast vegna hás aldurs þeirra og mikillar starfsemi á staðnum eftir að þau félru úr notkun. Steinar hafa verið fjarlægðir úr veggjum þeirra og endurnýttir í yngri hús. Rými II í húsi 4:10e hefur verið hlaða líkt og 4:10c2. Hugsanlegt er að rými II hafi verið bætt við síðar, því eins og sjá má á myndinni hér að ofan (mynd 48) þá benda steinhleðslur á ytra NV-horni rýmis I til þess.



**Mynd 48.** Tilgátuteikning af því hvernig hús 4:10e hefur litið út.

Í aðeins einu viðarkolasýni úr húsinu fannst erlendur viður, en það var barrviður í sýni nr. 44.2. Þetta var eina húsið af húsaþyrrpingunni nr. 4:10 sem erlendur viður fannst í. Er það athyglisvert í ljósi þess að barrviður var fyrr á öldum ekki til á Íslandi nema innfluttur eða sem rekaviðar. Slíkur viður var dýrmætur og eftirsóknarverður í húsbyggingar og í landi þar sem ákveðinn viðarskortur er til húsbygginga er slíkur viður varla notaður sem eldiviður að neinu marki. Hins vegar má ætla að á fyrstu öldum byggðar í landinu þegar stærri birkitré og rekaviður var nægur á Íslandi hafi allur viður verið nýttur í eldinn, líka rekaviður. Bendir það því fremur til hás aldurs á húsinu og hugsanlegra tengsla við hús 4:14.



**Mynd 49.** Hér má sjá hugmyndir höfunda um það ferli sem rúst 4:10a-e myndaðist við. Ath. að ekki er tekið tillit til rústar 4:14. (Frumt. ÁG, KM, SEC, SSE. Hreint. SSE).

## 6.2 4:11a-c

Rúst 4:11a-c hefur verið byggð í tveimur til þremur áföngum. Það má ráða af torfi í A-gafli rústar 4:11a. Einnig má sjá á ástandi rústanna að rúst 4:11a er öll mun verr farin en rúst 4:11b. Í byrjun var því hús 4:11a reist á staðnum með útidyr á A-gafli. Á einhverjum tímapunkti hefur starfsemin sem þar var stunduð orðið það umfangsmikil að stækkan á húsinu var nauðsynleg. Húsi 4:11b hefur verið bætt við og það haft breiðara. Að öllum líkindum hefur húsi 4:11c verið bætt við á sama tíma.

### 6.2.1 Aldur

Aldursgreiningar á viðarkolasýnum úr húsum 4:11a-b gáfu nokkuð óræða niðurstöðu. Samkvæmt hefðbundinni leiðréttungarkúrfu (sbr. mynd 36 á bls. 52) með 2 sigma staðalfráviki þá má halda því fram með 95% öryggi að sýni 52 úr húsi 4:11b sé einhvern tímamann frá tímabilinu 1020 – 1200 e. Kr. Með 1 sigma staðalfráviki eða 68% vissu er það frá tímabilinu 1030 – 1160 e. Kr. Og samkvæmt hefðbundinni leiðréttungarkúrfu (sbr. mynd 37 á bls. 52) með 2 sigma staðalfráviki má segja með 95% öryggi að sýni 65 úr húsi 4:11a sé einhvern tímamann frá tímabilinu 1040 – 1240 e. Kr. Með 1 sigma staðalfráviki eða 68% vissu er það frá tímabilinu 1060 – 1080 e. Kr og 1150-1210. e. Kr

Yngri mörk þessara aldursgreininga, þ.e.a.s. 12. og 13. öld er ólíklegur aldur á rústinni sökum þess að yfir rústinni lá lag sem var skotið gjósku úr Heklu 1104 (Þorvaldur Þórðarsson, 2008). Það lag gefur þrengra tímabil til að vinna með, eða u.p.b. 80 ára ramma, frá 1020-1104 e. Kr, ef eldri mörkin eru miðuð við C-14 greininguna.

Ljóst er að gjóskan hefur fallið eftir að húsið er fallið úr notkun. Það mátti sjá í þversniði prufuskurðar sem tekinn var árið 2007. Af því hvernig gjóskan lá yfir rústinni mátti ráða að veggir hennar hafa verið mikið eyddir á þeim tímapunkti sem gjóskan féll. Þetta þýðir að nokkur tími var liðinn í kringum 1104 frá því að húsið féll í eyði og hér að framan hefur var áætlað að það hafi ekki verið skemur en 100 ár (sjá bls. 48).

Í veggjum húss 4:11b fannst einnig Landnámslagið  $871\pm2$ . Það gefur okkur í raun einungis *Terminus Post Quem*, þ.e.a.s. rústin er ekki eldri en  $871\pm2$ . Erfitt er að segja hve lengi gjóskulagið hefur fundist í torflögum eftir að það fíll, þar sem það fer eftir þykknunarhraða jarðvegs, sem er tiltölulega óþekktur á þessum tíma í þessu samhengi. Rúst 4:11a-c er þá sennilega nær neðri mörkum í tíma á C-14 kúrfunni, þ.e.a.s. frá því um 1020-1040 e.Kr.

### 6.2.2 Gólfög og eldstæði

Eins og kom fram í kafla 2, þá þykir litadýrð gólfanna í húsum 4:11a-b athyglisverð og vekur upp margar spurningar. Í gólfínun blönduðust saman gul og laxableik lög við grá öskulög, sem og gráhvítum flekkjum. Þessi lög hafa myndast þegar innihald eldstæðanna hefur flotið út á gólfíð.



**Mynd 50.** Eldstæði I í húsi 4:11a. Myndin var tekin eftir að byrjað var að snitta eldstæðið. Ef myndin prentast vel má sjá hægra megin við eldstæðið hvernig það er rofið af stoðarholu. (Ljósm. BFE. Horft mótt S. Stafrænar myndir 502).

Það hráefni sem unnið hefur verið í eldstæðunum hefur augljóslega verið lykilatriði í því að mynda innihald þeirra og orsakað litina. Hvað það er, er þó ekki vitað. Gólfög svipuð þeim á Þjótanda hafa fundist í öðrum víkingaaldarskálum, eins og minnst var á í kafla 2, en þó í mun minna mæli. Það er einmitt umfang þeirra og

magn og fjölbreytni<sup>18</sup> í gerð sem vekur athygli og virðist það benda til mjög mikillar sérhæfingar og einhæfrar starfsemi í húsinu, sem hefur getið af sér gólf af þessu tagi. Það útilokar því að mestu leyti að hér séu um hefðbundin híbýli fólks að ræða.

Erfitt að setja þessi hús í samhengi við önnur hús frá þessum tíma, þar sem álika hús hafa ekki fundist áður á Íslandi eða í nágannahlöndum, eftir því sem næst verður komist. Eldstæðin í húsum eru öll niðurgrafin, að einu undanskildu (eldstæði 2 í 4:11b). Dýpt hinna eldstæðanna nær er allt frá 0,08 m til 0,29 m. Tvö eldstæðanna eru ferhyrnd (1 og 2 í 4:11a), en önnur eru hringlagða eða því sem næst eða aflöng.

Hús 4:I 1a	Stærð	Dýpt	Hús 4:I 1b	Stærð	Dýpt
<b>Eldstæði 1</b>	0,4 × 0,5 m	0,10 m	<b>Eldstæði 1</b>	0,5 × 0,7 m	0,29 m
<b>Eldstæði 2</b>	0,55 × 0,85 m	0,17 m	<b>Eldstæði 2</b>	0,2 × 0,35 m	0,03 m
<b>Eldstæði 3</b>	0,45 × 0,58 m	0,08 m	<b>Eldstæði 3</b>	0,55 × 0,55 m	0,12 m
<b>Eldstæði 4</b>	0,15 × 0,38 m	0,15 m	<b>Eldstæði 4</b>	0,45 × 0,75 m	0,15 m

**Tafla 17.** Tafla sem sýnir stærðir og dýpt eldstæði í húsum 4:I 1a-b.

Eldstæðin, líkt og húsin sjálf í rúst 4:11a-c falla ekki auðveldlega inn í þá gerðfræði eldstæða sem þekkt er frá víkingaöld. Hitagjafar og eldunaraðstöður á þeim tíma voru langeldar, eldstæði, ofnar, soðholur og soðsteinar, seyðir og jafnvel kolur. Langeldur var byggður upp af liggjandi hellum og steinum og hellum hlaðið umhverfis hann upp á rönd. Eins og nafnið bendir til var hann ílangur og iðulega í miðju rýminu (á breiddina, ekki lengdina). Eldstæði hins vegar voru minni um sig en langeldar, stundum upp við veggi og stundum út á gólfí, jafnvel í hornum. Eldstæði og langeldar voru gjarnan niðurgrafin, en ofnar ekki alltaf. Ætið voru hellur í langeldum, en ekki alltaf í eldstæðum. Soðholur voru hins vegar alltaf niðurgrafnar og í þeim finnast mismargir soðsteinar.

Soðsteinar voru hitaðir í eldstæðum og svo settir í ílát og notaðir til þess að sjóða upp vatn í þeim eða settir í soðholu eða seyð til að sjóða matvöru sem settar voru í holurnar. Einnig voru þeir notaðir til að hita upp einstök rými hýbila þar sem eldstæða naut ekki við. Notkun seyða var mjög svipuð og soðholna, en í þeim finnast færri soðsteinar og meira af lifrænum efnum. Þessi yfirferð er þó ekki

<sup>18</sup> Í fjölbreytninni er fólgin ákveðin einsleitni sökum þess hve gólfíð var jafn litskrúðugt um næra öll húsin.

nákvæm þar sem eingin greining hefur farið fram á eldstæðum og ákveðið hugtakaflakk í gangi í þeim efnum.

Eldstæðin í húsum 4:11a-b innihéldu fáa eða enga soðsteina og eru að því leyti frábrugðin hefðbundnum soðholum og seyðum, en líkjast þeim nokkuð mikil að öðru leyti. Auk þess að falla utan hefðbundinnar flokkunar á eldstæðum, þá eru eldstæðin einnig óvenju mörg í húsum 4:11a-b, eða átta alls. Það er þó ekki óþekkt fyrirbæri og við rannsóknir við Ullandhaug I í SV-Noregi fundust tvö hús<sup>19</sup> með óvenju mörg eldstæði miðað við stærð húsanna. Að auki voru sum þeirra mjög svipuð þeim eldstæðum sem voru á Þjótanda. Fjórar gerðir eldstæða fundust í húsum 1 og 3 á Ullandhaug I og það er gerð *a* sem mest líkist þeim á Þjótanda. Bjørn Myhre sem stýrði rannsóknum á Ullandhaug I lýsir þeim á eftirfarandi hátt:

a) Ildsteder som ikke inneheld skjörbrente steiner; men trekull eller trekullsholdig jord (Myhre, 1980, bls. 193).

Þá fundust tvær soðholur sem svipa til eldstæðanna á Þjótanda við fornleifarannsókn í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Það voru Soðhola 1 í Mannvirki I og Soðhola 4 í Mannvirki II, en þær voru nær algjörlega lausar við soðsteina. Hins vegar voru þær bæði stærri að flatarmáli og dýpri en eldstæðin á Þjótanda. Soðhola 1 í Mannvirki I var um 1,20-1,30 m í þvermál og mesta dýpt hennar var 0,5 m, en soðhola 4 í Mannvirki II var 0,96-1,06 m í þvermál og mesta dýpt hennar var 0,35 m (Margrét Hermanns-Auðardóttir, 1989, bls. 104-105).

Soðholur eru almennt nokkuð stærri og dýpri en eldstæðin sem fundust á Þjótanda. Grunnar soðholur (0,2-0,4 m) finnast víðsvegar í N-Svíþjóð, en þær eru allar frá forsögulegum tíma. Soðholur frá yngri og eldri járnöld eru almennt mun dýpri, allt að einum metra og hélst sú dýpt fram á miðaldir (Focus Laponia, e.d.). Það er í raun aðeins eldstæði 1 í húsi 4:11b sem getur flokkast sem hefðbundin soðhola, ef að miðað við dýpt. Það myndi þó flokkast sem grunn soðhola. Önnur eldstæði í húsinu eru hreinlega of grunn.

---

<sup>19</sup> Húsin sem um ræðir á Ullandhaug I eru nr. 1 og 3 og eru aldursgreind til ca. 6. aldar e. Kr. (Myhre, 1980, bls. 193).

## Hlutverk eldstæðanna

Eins og áður hefur komið fram er ekki vitað til hvers eldstæðin á Þjótanda voru notuð, en hlutverk eldstæða geta verið afar margvísleg. Meðal þeirra eru: eldsmennska, járvinnsla, vinna við ýmsar iðnir, þurrkun eða reyking á fiski eða kjöti, vinnsla á tólg eða lýsi, upphitun á rýmum og einnig eru þau ljósgjafar. Oftast þjóna þau mörgum hlutverkum í einu. Vegna þess magns af innihaldi eldstæðanna sem fannst gólfum húsa 4:11a-b og gerð þess er hægt að útiloka marga möguleika varðandi notkun eldstæðanna. Járn hefur ekki verið unnið þarna, enda fundust engin ummerki sem benda til þess að hér sé um smiðju að ræða, s.s. gjall eða aflgröf. Varla hafa eldstæðin eingöngu verið notuð sem ljósgjafar, til upphitunar eða hefðbundinnar eldamennsku á bónabæ. Til þess er efnið of mikið og sérstakt. Ekki hefði heldur þurrkun eða reyking skilið eftir sig svo umfangsmikil gólfloeg og litskrúðug og raun bar vitni. Fremur væri vinnsla á tólg eða lýsi líkleg, enda er innihald eldstæðanna mjög lifrænt og feitt. Ekkert af efnismenningu eða gripaflóru húsanna styður þó þá kenningu. Þá gæti notkun húsanna, og þá eldstæðanna einnig, tengst nýtingu á ánni á einhvern hátt.

Bæði í húsum 4:11a og b fundust hnefastórir<sup>20</sup> vikursteinar. Meðal þess sem vikursteinar voru notaðir við var verkun og hreinsun á skinni fyrir sútun, einkum þá á húðum sem ætlaðar voru fyrir bókfell. Þeir eru þó iðulega mjög flatir á þeirri hlið sem beitt var á húðirnar, en þeir sem fundust á Þjótanda voru með litla vel afmarkaða slitfleti víðsvegar á yfirborði sínu. Því hafa þeir hugsanlega verið notaðir til annars konar slípun á húðum eða verkfærum.

Lítið sem ekkert er vitað um sútun skinna á víkingaöld og miðöldum hérlendis, þannig að treysta verður á vitnisburði frá nágrannalöndunum. Samkvæmt Gísla Þorkelssyni var barkarsútun<sup>21</sup> ekki tíðkuð í Noregi fyrr en á síðmiðöldum og telur hann sennilegast að eldri form sútunar hafi verið notaðar, og þá einkum fitu- og reyksútun (Gísli Þorkelsson, 1943, bls. 121-134). Fitusútun er talin vera ein allra

<sup>20</sup> Aðeins tveir þeirra komust í fundaskrána. Óvist var talið að sa fyrsti sem fannst væri gripur og rataði því ekki í fundaskrána. Hann fannst í seti í húsi 4:11a og er haldið til haga. Hann er bæði stærri og flatari en hinir tveir sem fundust.

<sup>21</sup> Barkarsútun er á þá leið að hreinsuð skinn eru sett í gryfur í mörgum lögum. Inn á milli hvers lags af skinni er lagður kurlaður trjábörkur sem bleytt hefur verið vel í vatni (Þórarinn Hjartarson, 2000, bls. 21).

fyrsta aðferðin, ef ekki sú fyrsta sem fólk notaði. Reyksútun sem er alltaf háð fitusúninni er einnig ævaform aðferð og er talin hafa bæst við fitusúnina fljótega (Rahme, 1991, bls. 8). Fitu- og reyksútun er á þann veg að eftir að kjöt hefur verið hreinsað af skinnunum (t.d. með vikursteini og bitlausum hníf) eru skinnin nudduð upp úr fitu, oft af dýrinu sjálfu eða öðru dýri. Fitán gat t.d. verið tólg, lýsi, hrogn, sjófuglaegg, beinmergur eða heili. Ef heilar voru notaðir varð að sjóða þá þar til þeir urðu hvítir.

Eftir að fitunni hafði verið nuddað inn í skinnin voru þau hengd upp yfir opinn eld til reykingar. Við reykinguna gekk fitan betur inn í húðina, fyllti upp í inn á milli trefjana og gerði hana vatnsheldnari. Þessi aðferð gerði það þó að verkum að húðin einangraði verr gegn kulda (Rahme, 1991, bls. 59). Fitu- og reyksútun var m.a. notuð af Inúítum á Grænlandi, sem notuðu spík bæði af selum og hvöllum (Sveriges Hemslöjdskonsulenter, 2008). Reykingin gerir það einnig að verkum að skinnin harðna ekki ef þau blotna aftur. Ein gerð af fitu- og reyksútun er m.a. notuð við verkun vaskaskinns (Rahme, 1991, bls. 59).

Mjög lítið er þó vitað um sútun hér á landi fyrir 17. öldina, en seinni tíma heimildir eru til um fitu- og reyksútun hérlandis og er henni líst á þann hátt að áður en skinnin voru elt var borið í þau lýsi og þau hengd upp í rjáfur yfir eldhúshlöðunum, jafnvel svo mánuðum og árum skipti. Þetta var einkum gert við skinn sem ætluð voru í sjóklæði þar sem þau gátu blotnað og þornað á víxl án þess að harðna (Þórarinn Hjartarson, 2000, bls. 29).

Eins og komið hefur fram er talið að mjög einhæf starfsemi hafi verið stunduð í húsum 4:11a-b. Fitu- og reyksútun er ein möguleg skýring á þeirri starfsemi sem þar kann að hafa farið fram og skýrir hún einhæft og feitt gólfaglið, eldstæðin og skort á soðsteinum. Eldstæðin hafa þá verið notuð til þess að bræða tólg eða sjóða heila, og reykurinn af þeim nýttur til þess að reykja skinnin. Ekki er því þó halddið fram hér að verkuð hafi verið skinn í bókfell, en hús 4:11a-c eru frá árdögum handritaritunar á Íslandi (Þórarinn Hjartarson, 2000, bls. 24).

### 6.2.3 Rásin

Eins og sagt var frá í kafla 2 um hús 4:11a, fannst við rannsóknina rás sem var full af mannvistarlagi og lá hún þvert í gegnum vegginn sem eldstæði 1 í húsi 4:11a lá upp við. Rásin var aðeins ofan við sjálft eldstæðið, þ.e.a.s. hún lá ofar en það. Utan við vegginn mátti svo sjá afmarkað svæði með viðarkolum, sóti og ösku. Þetta hefur að öllum líkendum verið loftrás sem hefur séð eldinum fyrir nægu súrefni. Það er þó athyglisvert að aðrar slíkar loftrásir fundust ekki við hin eldstæðin og gæti það bent til þess að þetta eldstæði hafi verið notað á annan hátt en hin. Þetta var einnig eina eldstæðið sem var með einhvers konar umbúnaði, en við V-hlið þess hafði lítilli hellu verið stungið niður. Eldstæði 1 er líklega eitt af eldri eldstæðunum í húsunum, en austan megin við það var stoðarhola sem rauf eldstæðið og er því yngri en það (sjá mynd 50). Stoðinni hefur því verið bætt við eftir að notkun eldstæðisins lagðist af.

Loftrásir líkar þeirri sem fannst við eldstæði 1 eru þekktar frá ýmsum stöðum, bæði Skandinavíu og á Íslandi. Í jarðhýsi á Granastöðum í Eyjafirði (rúst 3) fannst loftrás sem lá út frá eldstæðinu upp úr jarðhýsinu (Bjarni Einarsson, 1989, bls. 43; 66-67). Einig lá rás út úr jarðhýsi á Hvítárholti í Hrunamannahreppi. Hún lá ekki beint frá eldstæðinu sem var í A-horni hússins, heldur út um S-hornið. (Þór Magnússon, 1973, bls. 13).

Bjarni F. Einarsson fjallar um rásir í tengslum við eldstæði í grein sem birtist í tímaritinu *Sílum* árið 1989. Þar telur hann að hugsanlegt sé um svokallaða öfuga brennslu að ræða í Hvítárholti, líkt og fundist hefur m.a. í steinaldarminjum í Norður-Svíþjóð. Hlutverk öfugrar brennslu er þríþætt. Í fyrsta lagi er ferskt loft flutt inn um rás að eldstæði þar sem það hitnar. Í öðru og þriðja lagi flytja rásirnar svo reykmettað heitt loft frá eldstæðum í rásum undir eða ofan á gólfínu út úr húsinu og þannig hitar heitt loftið húsið (Bjarni F. Einarsson, 1989, 66-67).

Ummerki um svipað kerfi fannst einnig í fyrrnefndri rannsókn á rúst 3 við Ullandshaug I. Þar er þó ekki staðfest að um öfuga brennslu sé að ræða. Þar liggja rásir á milli margra eldstæða og út að veggjum. Myhre veltur fyrir sér hvort um öfuga brennslu sé að ræða en telur þó líklegra að rásirnar hafi einungis borið ferskt loft til eldstæðanna fremur en heitt loft frá þeim. Rásirnar á Ullandshaug voru fullar

af dökku mannvistarlagi og telur Myhre að þær hafi verið úr timbri (Myhre, 1980, bls. 216-219).

Í húsi 4 í Hólmi í Nesjum fundust ummerki um mjög líka lofrás og á Þjótanda (Bjarni F. Einarsson 2010). Lá meint rás beint út frá eldstæðinu og handan veggjarins var svæði með talsverðu af viðarkolum, sóti og ösku, alveg eins og á Þjótanda.<sup>22</sup>

Einnig fundust timburstokkar á Þjótanda, mjög nærrí nokkrum eldstæðum (eldstæði 2, 3 og 4 í húsi 4:11a og við eldstæði 2 í húsi 4:11b). Ekki er þó víst að um hola stokka hafi verið að ræða, en það hefði þurft að vera ef þetta hafa verið stokkar til að flytja heitt loft frá eldstæðunum. Að skera úr um þetta atriði var ógerningur á staðnum þar sem timbrið var svo morkið að aðeins voru trefjar eða hismi einar eftir af því.

Eitt af því sem vekur furðu í húsi 4:11a eru hinar mýmörgu pinnaholur sem þar eru. Ein hugsanleg skýring þeirra er að pinnarmir hafi verið burðarvirki fyrir trégólf. Undir því hafi svo verið timburstokkar sem leitt hafi heitan reyk út úr húsinu. Þetta er þó óvist þar sem engin ummerki fundust um að timburstokkarnir hafi legið út úr húsinu. Þau ummerki gátu þó hafa eyðst við byggingu húss 4:11b.

Önnur skýring á pinnaholunum er sú að á þeim hafi hangið kjötstykki til þurrkunar, eða að húðir hafi verið strengdar á þá til þurrkunar. Ekki er vitað til þess að jafn margar pinnaholur og fundust í húsi 4:11a-c hafi áður fundist á Íslandi.

### 6.3 Rúst 4:14

Eins og greint var frá fyrr í þessari skýrslu kom í ljós enn ein rústin undir lok rannsókna á Þjótanda 2008. Rústin fannst þegar prufuskurður var gerður til þess að kanna mannvistarlagi, sem komu fram þegar grafin var svokölluð öryggishola niður úr rúst 4:10a.<sup>23</sup>


---

<sup>22</sup> Ummerkin voru afar veik, en vegna þess hve lítið var af veggnum sást sjálf rásin ekki, en bæði vegna mannvistarlagsins utan við og að einstök viðarkol sáust þrátt fyrir allt í veggnum er líklegt að þarna hafi verið lofrás. Sjálf rásin hefur væntanlega verið ofarlega í veggnum eins og á Þjótanda.

<sup>23</sup> Öryggishola er grafin niður úr rústum eftir að sjálfrí rannsókninni er lokið á þeim til að kanna til hlytar hvort eldri minjar kunni að leyndast undir rústunum sem kannaðar hafa verið.

Tveir skurðir voru grafnir í kross, þ.e.a.s. einn var grafinn í N-S og hinn í A-V og þveruðu þeir hvorn annan (sjá mynd 51). Sá sem lá N-S var 4,95 m á lengd og 0,50 m á breidd. Prufuskurðurinn sem lá A-V var 5,85 m á lengd og 0,5 m á breidd.


Nyrst í N-S prufuskurðinum kom í ljós SA-hluti af eldstæði (hinn hlutinn fíll utan þess svæðis sem prufuskurðurinn náði yfir). Hæð eldstæðisins var um 97,58 m.y.s. en það er um 0,40 m dýpra en neðstu steinar í veggjum húsa 4:10a og e. Hins vegar er það aðeins um 0,10 m dýpra en mannvistarlagið sem fannst inn í 4:10bII og því hugsanlegt að þau séu samtíða. Það sem sást af eldstæðinu minnti mjög á langeld, en þeir fannast aðeins í skálum frá víkingaöld. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða bæinn sem rúst 4:11a-c hefur tilheyrt eða að þetta sé jafnvel enn eldra hús, standist greiningin á gjóskunni innan úr húsi 4:10bII. Samkvæmt henni er hús 4:10bII eldra en  $871 \pm 2$ . Rannsókn á rúst 4:14 er afgerandi fyrir túlkun á elstu mannvirkjunum á staðnum. Eru elstu mannvirkin leifar útstöðvar eða eru þau leifar býlis?



**Mynd 51.** Prufuskurður í hús 4:14 (Frunt. ÁG, SSE. Hreint. SSE).


## 7 Teikningar

### 7.1 Rúst 4:10a-e




**Mynd 52.** Yfirlitsteikning af rúst 4:10a-e. (Frumt. ÁG, KM, SEC, SSE. Hreint. SSE).


### 7.1.1 Hús 4:10a




**Mynd 53.** Hús 4:10a, plan I (Frunt. SEC. Hreint. SSE).




**Mynd 54.** Hús 4:10a, plan 2 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 55.** Hús 4:10a, plan 2a (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 56.** Hús 4:10a, plan 3 og hús 4:10d, plan 1 (Frunt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 57.** Hús 4:10a, plan 3a og hús 4:10d, plan I (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 58.** Hús 4:10a, plan 3b (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 59.** Hús 4:10a, plan 4 (Frumt. ÁG, KM, SSE. Hreint. SSE).


## 7.1.2 Hús 4:10b1-2




**Mynd 60.** Hús 4:10b1, plan 1 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 61.** Hús 4:10b1, plan 2 (Frumt. SEC. Hreint. SSE).




**Mynd 62.** Hús 4:10bl, plan 3 og 4:10bII, plan I (Frumt. SEC Hreint. SSE).




**Mynd 63.** Hús 4:10b2, plan 2 (Frumt. SEC Hreint. SSE).

### 7.1.3 Hús 4:10c1-2




**Mynd 64.** Hús 4:10c1-2, plan 1 (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).



**Mynd 65.** Hús 4:10c1-2, plan 2 (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).




**Mynd 66.** Hús 4:10c1-2, plan 3 (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).




**Mynd 67.** Hús 4:10c1-2, plan 4 (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).


## 7.1.4 Hús 4:10d



**Mynd 68.** Hús 4:10d, plan 2 (Frumt. SSE. Hreint. SSE). Plan 1 má sjá á plani 3 í húsi 4:10a.




**Mynd 69.** Hús 4:10d, plan 3 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 70.** Hús 4:10d, plan 4 (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).

## 7.1.5 Hús 4:10e




**Mynd 71.** Hús 4:10e, plan I (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 72.** Hús 4:10e, plan e (Frumt. SSE. Hreint. SSE).

## 7.1.6 Hús 4:14




**Mynd 73.** Prufuskurður í hús 4:14 (Frumt. ÁG, SSE. Hreint. SSE).

## 7.2 Rúst 4:lla-c




**Mynd 74.** Hús 4:I la-c, yfirlitsteiking (Frumt. SSE. Hreint. SSE).


## 7.2.1 Hús 4:1 la




**Mynd 75.** Hús 4:1a, plan I (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 76.** Hús 4:10a, plan 2 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 77.** Hús 4:10a, plan 3 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 78.** Hús 4:10a, plan 4 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 79.** Hús 4:10a, plan 5 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 80.** Hús 4:10a, plan 6 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 81.** Hús 4:10a, plan 7 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 82.** Hús 4:10a, plan 8 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 83.** Hús 4:10a, plan 9 (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




1. Fylling í eldstæði. Brennd bein, viðarkol og sót.
2. Stoðarhola með M-lagi.
3. Fylling í eldstæði, M-lag.
4. Áfok.
5. Ljóst gjóskulag (H3?).
6. Svart gjóskulag.
7. Fylling í eldstæði. Kolalag.


**Mynd 84.** Þversnið eldstæðis I í húsi 4:IIa (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 85.** Þversnið eldstæðis 2 í húsi 4:I la (Frumt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 86.** Þversnið eldstæða 3 og 4 í húsi 4:I la (Frumt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 87.** Sérteikning af rás sem lá í gegnum S-langvegg húss 4:I Ia (Frumt. SSE Hreint. SSE).




**Mynd 88.** Þversnið stoðarholu I í húsi 4:I Ia (Frumt. SSE Hreint. SSE).


## 7.2.2 Hús 4:IIb-c




**Mynd 89.** Hús 4:IIb, plan I (Frunt. SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 90.** Hús 4:11b, plan 2 (Frumt. SEC, SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 91.** Hús 4:11b, plan 3 (Frumt. ÁG, SSE. Hreint. SSE).




**Mynd 92.** Hús 4:I lb, plan 4 (Frumt. ÁG, SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 93.** Þversnið eldstæðis I í húsi 4:I lb (Frumt. SSE. Hreint. SSE).



**Mynd 94.** Þversnið eldstæðis 3 í húsi 4:1 lb (Frumt. ÁG. Hreint. SSE).



**Mynd 95.** Pversnið eldstæðis 4 í húsi 4:1 lb (Frumt. SSE. Hreint. SSE).

## **8 Heimildir**

### **8.1 Prentaðar heimildir og heimildir af veraldarvefnum**

Albína Hulda Pálsdóttir. (2009). *Pjótandi við Þjórsá*. Greining á dýrabeinum.

Óútgefin skýrsla. Íslenskar fornleifarannsóknir ehf.

*Alþingisbækur Íslands I.* (1912 – 1914). Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur.

Bjarni Einarsson. (1989). Jaðarbyggð í Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. *Sílur 29*, bls. 22-77.

Bjarni F. Einarsson. (2006). *Hólmur í mynni Laxárdals. Skáli*. Skýrsla VII. Óútgefin skýrsla: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. [2010]. *Hólmur í mynni Laxárdals. Hús 1, 3, 4, 5 og leit að nýjum*. Skýrsla X. Í vinnslu: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. *Pjótandi við Þjórsá*. Fornleifarannsóknir sumarið 2007. Landsvirkjun nr. LV-2008/074. Reykjavík 2008.

Bjarni Sæmundsson. (1897). Um fiskirannsóknir 1896, skýrsla til landshöfðingja. *Andvari, tímarit Hins íslenzka þjóðvinafjelags*, bls. 96-172.

Björn Lárusson. (1967). *The old Icelandic land registers*. Lundur: Gleerup.

Focus Laponia - Ájtte, Svensk fjäll- och samemuseum. (E.d.) *Fakta om kokgropen*. <http://www.laponia.info/media/616.pdf>. Skoðað 5. maí 2009

*Íslenskt fornbréfasafn.* (1857 – 1876). 1. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenskt fornbréfasafn.* (1888). 2. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenskt fornbréfasafn.* (1896). 3. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenskt fornbréfasafn.* (1900). 6. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzk fornrit.* (1968). Landnámabók og Íslendingabók. 1. bindi, síðari hluti. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Hrönn Konráðsdóttir (2009). *Skordýragreining á sýnum ír uppgreftinum á Pjótanda* 2. Óútgefin skýrsla.

Hörður Ágústsson. (1987). *Íslensk þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen o.fl. (1995). „Express Letter. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments.“ *Earth and Planetary Science letters*, 135.

Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2004). Heiðarbýlin. Skráning og uppmæling fornminja á heiðunum á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Óútgefin Skýrsla. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. (1918 – 1921). 2. bindi. Árnессýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. (1923 – 1924). 3. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. (1938). 6. bindi. Dala- og Barðastrandarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Jón J. Aðils. (1919). Einokunarverzluun Dana á Íslandi 1602-1787. Reykjavík: Verzlunarráð Íslands.

Jón Þórðarson. (1990). Lýsing Árnесс-sýslu. *Árnesingur, rit I*, bls. 13-23.

*Kirkjueignir á Íslandi 1597 – 1984*. (1992a). I. bindi. Reykjavík: Kirkjueignanefnd.

*Kirkjueignir á Íslandi 1597 – 1984*. (1992b). II. bindi. Reykjavík: Kirkjueignanefnd.

Kristján Eldjárn. (1949). Eyðibyggð á Hrunamannafrétti. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1943-48*, bls. 1-43.

Lúðvík Kristjánsson. (1985). *Íslenskir sjávarhættir*. IV. bindi. Reykjavík: Bókaúgáfa menningarsjóðs.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Erla Björk Örnólfssdóttir, Sigurður Guðjónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir. (2002). *Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjanna neðan Búrfells*. Selfoss: Veiðimálastofnun, Suðurlandsdeild.

Margrét Hermanns-Auðardóttir. (1989). *Islands tidiga bosättning*. Studier med utgångspunkt i merivingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island. Umeå: Umeå Universitet Arekologiska institutionen.

- Myhre, Bjørn. (1980). *Gårdsanlegget på Ullandshaug I: Gårdshus i jernalder og tidlig middelalder i Sørvest-Norge*. AmS-Skrifter 4. Stafangur: Arkeologisk museum i Stavanger.
- Nytjaland – Jarðabók Íslands. (2006a). *Pjótandi*. Skoðað 12. nóvember 2007 á <http://www.nytjaland.is/undri/undri.nsf/a15ece5a2e647a6800256d98003f245e/93ec1341abe4713a0025723a0057fe80?OpenDocument>.
- Nytjaland – Jarðabók Íslands. (2006b). *Gróðurflokkar*. Skoðað 12. nóvember 2007 á <http://www.nytjaland.is/landbunadur/wgrala.nsf/key2/grodur.html>.
- Ólafur Eggertsson. (2009). *Viðargreiningar, niðurstöður*. Óbirt skýrsla. Reykjavík: Mógilsá.
- Ríkisendurskoðun. (2007). *Greinargerð um samning íslenska rikisins og Landsvirkjunar um yfirtöku vatnsréttinda í neðri hluta Þjórsár*. Skoðað 14. desember 2007 á [http://www.rikisend.is/files/skyrslur\\_2007/Landsvirkjun\\_%20samningur.pdf](http://www.rikisend.is/files/skyrslur_2007/Landsvirkjun_%20samningur.pdf).
- Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára* (2006). (Gunnar Kristjánsson aðalritstjóri). Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.
- Sigurður Þórarinsson. (1949). Örlög byggðarinnar í Hrunamannafrétti í ljós öskulagarannsókna. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1943-48*, bls. 44-65.
- Sigurður Þórarinsson. (1968). Heklueldar. Reykjavík: Sögufélagið *Sunnlenskar byggðir*. (1981). II. bindi. Flóinn. Selfoss: Búnaðarsamband Íslands.
- Svavar Sigmundsson. (1992). Örnefni í Árnesþingi. *Árnesingur, rit II*, bls. 123-137.
- Svavar Sigmundsson. (2005). *Dynjandi*. Skoðað 14. nóv. 2007 á vef Stofnunar Árna Magnússonar: <http://www.arnastofnun.is/id/1022712#Dynjandi>.
- Sveinn Pálsson. (1945). *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Reykjavík: Snælandsútgáfan.
- Sveriges Hemslöjdskonsulenter (2008). Övrigt. Ur Hemslöjdens miljösidor. Skoðað 5. maí 2009 á <http://www.hemslojd.org/miljosidor/ovrigt/skinn.htm>
- Þorvaldur Þórðarson. (2008). *Tephra samples from ruins at Pjótandi in Villingaholtshreppur, Árnessýsla, Iceland. Summary of results*. Óútgefin skýrsla: Háskólinn í Edinborg.

Þorvaldur Þórðarson. (2009). *2008 tephra samples Thj26, 31, 39 and 40 from ruins at Þjótandi in Villingaholtshreppur, Árnessýsla, Iceland*. Óútgefin skýrsla: Háskólinn í Edinborg.

Þór Magnússon. (1973). Sögualdarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1972*, bls. 5-80.

Þórarinn Hjartarson. (2000). *Skinna: Saga sútunar á Íslandi*. Safn til iðnsögu Íslendinga XIV. bindi. (Ásgeir Ásgeirsson ritsj.) Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Þórhallur Vilmundarson. (1996). Safn til íslenzkrar örnefnabókar 3. *Grímnir. Rit um nafnfræði 3*. Reykjavík: Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins.

## 8.2 Aðrar heimildir

*Jarðabók 1597*. Norska gjöfin 1974. Sérskjöl.

<http://www.solarnavigator.net/ropes.htm>

## **9 Tæknilegar upplýsingar**

### **Rannsóknarstaður**

Rústir nr. 4:10a-e og 4:11a-c í landi Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

### **Verkkaupandi**

Landsvirkjun

### **Ábyrgðaraðili**

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni

### **Starfsfólk**

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi

Ármanн Guðmundsson, fornleifafræðingur

Benedikt Bragi Sigurðsson, sálfraeðinemi

Böðvar Þór Unnarsson, fornleifafræðingur

Brynhildur Baldursdóttir, fornleifafræðingur

Guðbjörg Melsted, fornleifafræðingur

Inga Hlín Valdimarsdóttir, fornleifafræðingur

Kristján Mímisson, fornleifafræðingur

Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur

Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifafræðingur

Sindri Ellertsson Csillag, fornleifafræðingur

### **Forvarsla**

Þjóðminjasafn Íslands

### **Rannsóknartími**

14. júlí – 12. nóvember 2008

### **Hnitakerfi**

Eigið

## **Hæðakerfi**

Eigið

### **Grafinn flötur**

181,84 m<sup>2</sup>

124,39 m<sup>3</sup>

### **Geymsla gagna**

Öll frumgögn (frumteikningar) verða færð Fornleifavernd ríkisins til geymslu eða frekari ráðstöfunnar þegar öllum fornleifarannsóknum er lokið við Þjótanda.

### **Skrár og fylgirit**

Dagbók

Fundaskrá

Sýnaskrá

Stafrænar myndir

Litskyggヌskrá

Skrá yfir frumteikningar

Skrá yfir hreinteikningar

Fornleifaskrá

Greining á gólfþýnum – Hrönn Konráðsdóttir, fornvistfræðingur annaðist greiningar.

Greining á dýrabeinum - Albína Hulda Pálsdóttir, dýrabeinafræðingur annaðist greiningar.

Greining á gjósku – dr. Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur við háskólann í Edinborg, Skotlandi annaðist greiningar.

## **10 Dagbók**

### **14. júlí**

Vélgraða kom um 11:30 en hóf ekki störf fyrr ne 14:00. Þá var búkollan loksins klár. Við byrjuðum á meintum skála og grófum um 10 m breiða skák um miðbik hans en léttum gaflana vera um stund til að koma hnitakerfinu niður á rétta staði skv. kerfinu sem sett var út í fyrra. Skúr og klósett voru komin á sin stað tæplega 16:00. Rigning á stundum (og það mikil).

### **15. júlí**

Hugsanlega er hús ofan rúst 10 sem ekki sást í sniði. Þá er átt við rúst undir þeirri ungu sem var fjarlægð. Þetta mun vonandi skýrast á allra næstu dögum. Ef þetta reynist rétt heldur áætlunin ekki. Rúst 11 er ekki mjög skýr enn, en það gætu verið komnar dyr til norðurs. Ekki er hægt að útiloka að um tvö lítil hús sé að ræða. Kallt í veðri og rok mest allan daginn.

### **16. júlí**

Nú bendir allt til þess að við hús 10 sé ekki eins ungar kynslóðir húsa og við héldum í gær. Þar virðist vera hús sem minnir afar mikið á hús 4:5, 2. og 3. kynslóð. Húsið virðist líka vera nokkuð lengra en áætlað var, en það var 6 x 13 m.

Svo virðist sem við höfum komist fyrir hús 11 og ef svo er þá gæti það verið um 16 - 17 m langt.

### **21. júlí**

Nú eru húsin komin nokkuð vel í ljós, en þó vantar dálítið upp á að hús 11 sé alveg á hreinu, sérstaklega vesturhlutinn.

Rigning, en þó ekki svo að ekki væri hægt að nota skóflur þar sem það átti við.

Vegna rigningarinnar var aðeins hægtg að vinna grófa „skófluvinnu,“ en hana þurfti hvort eð er að vinna.

### **22 júlí**

Könnunarskurður grafinn nestast á svæðinu til að fylgja m-lagi að jaðri rannsóknarsvæðisins. M-lagið virðist yngra en skálinn (hús 11). Ekki er enn búið að fá á hreint stærð húss 11 til vesturs.

### **23. júlí**

Héldum áfram að fikra okkur niður. Mjög sérkennilegt að sjá smáar torfflyksur út um allt, bæði inni í rústinni [11] og utan hennar.

Þurfti að rjúka upp í Kerlingafjöll til að skoða frágang hjá ítölskum rannsóknarhóp.

#### 24. júlí

Kallt og rakt. Þornaði og birti til þegar á daginn leið. V - hlutinn er mjög óljós. Við dyr utanverðar fannst bein í trúlegum kampi eða torfhruni.

Austur-gaflinn er afar breiður og getur varla hafa tilheirt skála. Nú gæti verið að yngra hús liggi ofan á eldra húsi, húsi sem við höfum kallað meintan skála fram að þessu. Sé svo hefur skálinn náð lengra til austurs, í átt að húsi 10.

Bóndinn á Skálmholti reið fram hjá svæðinu við annan mann. Hann bauð fram aðstoð sína ef við lentum í vandræðum eihverskonar (festum bíla eða tæki).

#### 25. júlí

Hús 11 er sérkennilegt í laginu. A - gaflinn afar breiður miðað við V - gafl. Hugsanlega er yngra hús (A - gafl) ofan á eldra húsi sem við höfum kallað meintan skála.

Í V - hlutanum (vestan við prufuskurðin frá 2007) má sjá torfflyksur sem virðast fylla húsið og jafnvel svæðið rétt utan við. Getur verið að þegar hugsanlegt yngra hús var byggt hafi V - hluti „gamla“ hússins verið jafnaður með aðfengnum torfflyksum?

Hugsanlega er öskuhaugur við V - gaflinn (sjá mynd nr. 1, litsk.). Þetta þarf að rannsaka nánar.

Við meintar dyr til suðurs má sjá einskonar rás eða lægð beint út frá dyrunum. Þetta styrkir skoðun okkar á því að um dyr sé að ræða.

- Rétt vestur af dyrum á S - langhlið sást þverstrengur eins og í Hólmi í Nesjum (strengurinn náði ekki alveg þvert á, var líklega illa blásinn í húsinu utanverðu). Þverstrenginn er ekki hægt að sjá í meintri yngri rúst!!
- Þverstrengurinn sást að lokum ná yfir allan vegginn (þvert).

#### 28. júlí

Þungbúið með stökum skúrum, hlýtt. Haldið var áfram að grafa í kringum rúst 11 og innan í henni.

Hnitakerfið klárað við rúst 10. Torfið í rúst 10 virðist ekki eins og torfið í rúst 11. Byrjað á því að teikna yfirlit yfir hin opnu svæði (1:100), en urðum að hætta vegna rigninga síðdegis.

## 29. júlí

Hlýtt og bjart þegar á morgunin leið. Hópur frá LV og Hnit, ásamt erlendum aðila komu í heimsókn. Einn til að vinna efni á vefinn.

Fallegt og heilt brýni fannst inni í mjórri rústinni við 11 [11a].

Ef m - lagið vestan við rúst 11 er öskuhaugur þurfum við hugsanlega að stækka svæðið til vesturs og komast fyrir umfangið. Þar er ungar skurður sem rofið hefur hinn meinta haug, en skurðurinn er aðeins nokkurra ára.

Þurfum að láta skoða m - og/eða gólfags-sýni með tilliti til fiskihreisturs.

Beinin illa farin (soðin? súr jarðvegur?). Bæði. (frekar fá fram að þessu).

Þurfum að kanna mjög vel norðurhliðina þar sem húsin virðast mætast. M- lag gæti haldið áfram þar um slóðir, undir vegginn austanverðan.

## 30. júlí

Jarðfræðingar komu í heimsókn. Mjög heitt í veðri. Hreinsuðum allan flötinn í kringum hús 11 fyrir ljósmyndun. Byrjuðum á hreinsun á húsi 10. Hættum um miðjan dag til að fara í ferðalag upp á hálandi til að skoða rústir Hvítárness við Hvítavatn, austur af Langjökli. Skoðuðum einnig Eyvindarhelli við Hveravelli.

## 31. júlí

Sól og rigning til skiptis, en heitt.

Loksins kom nýtt klósett, en þjónustan á þeim er afleit sem og samskifti við þá sem leigja það og vinnuskúrinn, en hann er sá lakasti sem ég hef leigt nokkru sinni.

Byrjuðum á 1. flatarteikningu húss 11 í mælikvarðanum 1:20.

Líklega eru tveir veggir/garðar hlið við hlið út frá rúst 11. Þeir gætu tilheyrt hvo sinni rústinni, eldri og yngri. Við þurfum að reyna að komast að því hvort þessar torfhleðslur tilheyri húsi eða garði.

Ljóst er að hús 10 er nokkuð stærra en upphaflega var áætlað eða 6 x 17 m stórt. Því þarf að rannsaka um 7 x 18 m<sup>2</sup>.

Í áfoki inni í rúst 10 fannst keramíkbrot, mjög smátt. Var það rauðleir með rauðbrúnum glerungi öðru megin. Ekki víst að það sé samtíða rústinni!

Torfið í rúst 10 er allt öðruvísí en torfið í rúst 11.

Yfir rúst 10 er grásvart eða svart gjóskulag (sbr. sniðteikn. í 4:2) sem er trúlega frá lokum 17. aldar. Rúst 10 er því nokkuð mikið eldari en það. Hlýtur að vera (eða er trúlega) samtíða einhverri kynslóð 4:5:1.

### *6. ágúst*

Ég og Sandra vorum í bænum í gær að klára 3 skýrslur um rannsóknirnar við Þjórsá í fyrra. Við skiluðum þeim öllum fullkláruðum og tilb. til prentunar (á PDF formi).

Í dag var byrjað á teikn. á rúst 10 og rúst 11 kláruð.

Breyttar aðstæður (stærra hús 10 og 11 auk öskuhaugs) hafa leitt af sér breytingu á áætlun. Ráð er gert fyrir um 100 manndögum til viðbótar þeim 205.6 sem fyrst voru áætlaðir í júlí í fyrra.

Í dag fundust býsna áhugaverðir gripir, mjög stórt brýni og klásteinn/sakka. Síðastaldí gripurinn er tálgaður til og minnir á bát (að tálga bíður upp á að líkja eftir einhverju, annars tálgar maður ekki). Á hliðar eru rákir (birðingur?) og gat borað frá báðum hliðum. Af þessu er líklegra að um sé að ræða sökku.

### *7. ágúst*

Inni í báðum húsum (11a-b) eru m-lagsslettur, misstórar. Í 4:11a eru þær sennilega ofar (fyrir ofan) gólfum, en í 4:11b er gólfíð ekki alveg komið á hreint. Í 4:11b fer sletta upp með vegg við dyrnar mótt S. Af þessu leiðir að þetta getur varla verið gólf. Líklega eru þetta slettur sem fokið hafa úr öskuhaugnum í V-roki.

Við N-vegg 4:11b fannst mikið af járni og eitt brýni. Var þetta allt í einni kös sem gæti bent til þess að þetta hafi verið í einum pungi. Þarna voru naglar, flestir bognir, lykkjur, hringir, hnoð, skinnur o.fl. Kannski er þetta dæmi um endurnýtingu járnhluta sbr. bognu naglana.

Reiknaði út vinnumagnið sem þarf til vegna breyttra aðstæðna. Sendi LV það um helgina.

### *11. ágúst*

Hugsanlega er önnur stoðarhola að koma í ljós við ytri kampinn úr rúst 4:11a.

Hús 4:11b minnir mjög mikið á hús frá Kárahnjúkum, svokallaðri Pálstóft.

### *13. ágúst*

Veðrið hefur verið afar gott síðustu daga, fyrir utan smáskúrir í gær, síðdegis. Verkið gengur mjög vel.

Rúst 10 er að koma betur og betur í ljós. Hugsanlega eru dyr mótt A nyrst á A-vegnum. Svo hafa þær verið aflagðar. Þar er garður sem gengur út úr rústinni til A, svipað og við SA-hornið.

#### *14. ágúst*

Nú liggur næstum ljóst [fyrir] að áfast rúst 4:11b er viðbygging við dyrnar mótt N. Þetta er pínulítið hús. Við þurfum að fá vél og grafa ofan af þessu. Við S-dyrnar í sama húsi eru komnar hellur ogl stoðarholur. Einn hellan er örugglega þrepskjöldur. Frá dyrum virðist liggja stétt til S.

#### *15. ágúst*

1. stig 4:11a. 2. stig 4:11a+b. 3. stig 4:11a+b+c.

Ef ekki finnst eldstæði í 4:11b, hlýtur það að vera í 4:11a og að rýmin hafi því verið samtímis í notkun, um tíma allavega. Hugsanlega má líka sjá þetta á því að gólfín í a og b fljóta í eitt. Einnig mætti reikna með því að gólfíð í a sé þykkara en í b.

A-megin við innganginn í 4:11b er mikill steinn úti á gólfí. Hann hlýtur að vera stoðarsteinn og húsið því þrískipa. S-hliðarskipið er mjög hart viðkomu á stöku stað.

Seinnipartinn kom

#### *18. ágúst*

Í suðurdyrum 4:11b var sandur (úr ánni?), sem náði ekki inn í sjálft húsið (ljósm.).

Undarlegir stuðlar í V-hluta húss 4:11b og hola í miðjunni. Set eða bekkir með N-langhlið mjög áberandi. Minna áberandi við S-hliðina.

#### *19. ágúst*

Við þurftum að stækka svæðið suður af aðaldyrum 4:11b. Þar sést að gólf andrysins hefur verið lægra en yfirborðið utan við þrepskjöldinn. Það hefur sem sagt verið gengið aðeins niður í húsið.

Holan í miðju húsi 4:11b gæti verið eldstæði eða seyður?

M-lagssletturnar, sem hafa verið að finnast út um allt, eru síst við NA-, A- og S-enda húss 4:11b.

Yst (austast) í dyrunum inn í 4:11a hefur verið timburþröskuldur, en rásin eftir hann kom vel í ljós sbr. ljósm. Gólfíð úr 4:11b heldur áfram inn í 4:11a.

Vestur út úr V-langvegg húss 10 er að koma í ljós veggur. Ákv. að leita hann uppi og sjá hvað verður. Þarna gæti verið heystæði.

#### *20. ágúst*

Í morgun kl. 9:00 kom lítil grafa og lítil búkolla til að grafa 5 x 3 m stórt svæði við viðbyggingu 4:11b, sem nú heitir 4:11c. Einnig tókum við smárönd við hið meinta heystæði [4:10b].

Hús 4:11c er lítið hús, en heystæðið [4:10b] liggur ekki ljóst fyrir en, þ.e.a.s. hve langt það nær til suðurs.

Sjá mátti hvernig þakið á 4:11c hafði lagst ofan í tóttina þegar þakið féll, svipað og sjá mátti t.d. í hlöðunni á Bæ (snið ekki teiknað þvert á 4:11c).

### 21. ágúst

Byrjuðum á rúst 4:11c (viðbyggingin við rúst 4:11b). Hið meinta heystæði [4:10b] gæti verið eiginlegt hús, áfast húsi 4:10a, t.d. hrútakofi, lambhús eða sauðahús [geitahús?]. Rúst 4:11a minnir nú mjög á skálann á Grelutóttum er þó sá munurinn á að langeldur var á Grelutóttum, en sennilega ekki í 4:11b. Þetta á þó eftir að koma í ljós.

Fór að rigna síðdegis, og kuldinn læddist að manni.

### 22. ágúst

Hlýtt og sæmilega þurrt. Blaðamaður Gluggans á Selfossi kom og kannaði rannsóknirnar.

Sjá má að ytri veggur rústar 4:10a er lang best hlaðinn og varðveittur einmitt þar sem hið meinta heystæði er (10b). Þarna er sennilega hús, ekki heystæði.

Ísland vann Spán.

Vegna tilkomu 4:11c þurftum við að bæta við 23 m<sup>2</sup> stóru svæði norðan við 4:11b. Eins þurftum við að bæta við um 27 m<sup>2</sup> svæði vegna tilkomu 4:10b (hins meinta heystæðis/rústar). Ekki þarf að grafa alveg svo stórt svæði við 4:10b og hér er nefnt, en þetta kemur kemur betur í ljós á næstu vikum. Þetta er þó viðbót við endurskoðaða áætlun frá júlí '08.

Um kvöldið kom hópur fólks í tengslum við landbúnaðarsýningur á Hellu. Skipuleggjendur ferðarinnar voru andstæðingar Urriðafossvirkjunarinnar, en þátttakendur voru það bæði og. Voru allir sáttir í lokin, en leiðsögn lauk upp úr kl. 22:00.

### 25. ágúst

Í V-hluta 4:11c, við skilin í milli m-lags (gólf) og moldarlags (bekkir) var veggurinn mjög mjúkur, rétt eins og og moldin var við/eftir A-vegg. Þarna gæti hafa verið stoð og út frá henni til A timbur sem afmarkaði setið í N-hluta.

A við öskuhauginn og N við 4:11a gæti verið hola einhverskonar.

### 27. ágúst

Í gær kom í ljós að norður úr rúst 10 er torfveggur fallegur. Því er ljóst að þarna er rými 4:10c.

Í dag kom svo hinn veggurinn að austan í ljós og því á eftir að kanna hve langt til norðurs húsið nær.

Í gær kom dr. Þorvaldur Þórðarson ásamt nemanda til að taka sýni, en nemandinn Ann, er undir handleiðslu hans við háskólans í Edinborg. Hún kom aftur í dag um 14:30 og var hjá okkur það sem eftir lifði dags.

Þorvaldur skoðaði vel svörtu gjóskuna sem er vel yfir rúst 10 og taldi víst að hún væri frá Kötlu 1500. Sé svo er rústin okkar varla yngri en frá 1400, eða lokum 14. aldar.

Hópur upp á 10 doktorsnema í fornleifafræði frá Norðurlöndum kom í heimsókn. Voru þau dágóða stund á staðnum og höfðu mikinn áhuga, sérstaklega á torfinu. Svo framandi voru torfveggirnir fyrir suma að þeir sáu ekki veggina og héldu þá vera bakka sem við hefðum skapað af uppgretæknilegum ástæðum.

## 28. ágúst

Ákváðum að handmoka ofan af rúst 4:10c. Fyrst voru mokaðir um 1,5 x 6 m, en í ljós kom að rústin náði lengra til N og þá var bætt við 1 x 6 m. Talsvert djúpt var niður á veggina sem þar finnast, eða um 1,0 m. Þeir eru úr torfi einu saman, með grjóti syðst að innanverðu. Getur þetta bent til eldra húss eða eldri kynslóðar?? Bæði dýptin og torfið benda til þess.

Fór í Skálmholt til að ræða við bónðann sem hafði boðið mér í kaffi þegar áhugahópurinn kom í heimsókn síðastliðið föstudagskvöld.

## 29. ágúst

Hávaða rok og rigning. Ekki hægt að fingrafa og því voru skóflur notaðar. Kláruðum að moka niður á veggi 4:10c.

Stundum var veðurhamurinn slíkur að allt ætlaði um koll að keyra, skúr, salerni og fólk.

## 2. sept.

Hús 4:10c er án dyra!! Annaðhvort hafa dyrnar verið á N-gafli húss 4:10a, eða, að 4:10c sé eldra hús en 4:10a og dyrnar hafi verið á suðurhlutanum þar sem yngra húsið (10a) hfur verið sett niður. Þetta verður að kanna.

Mikið hefur fundist af hnífum og brýnum (passa vel saman).

Mjótt set er eftir suðurvegg húss 4:11a að miklum hluta. Gólfíð er afar þykkt og mishæðótt. Innri þróskuldur er kominn í ljós til viðbótar þeim ytri, báðir úr tré.

## 4. sept.

Kláruðum að hreinsa rúst 4:11a fyrir ljósmyndun. Nú er aðeins eftir gólf og mannvirkni í þeirri rúst, eins og í 4:11b og c.

Við rúst 4:10a eru ýmsar vísbendingar um að fleiri viðbyggingar og jafnvel eldri hús kunni að leynast við og undir 4:10a. Þetta liggur ekki ljóst fyrir enn, en verður kannað til hlýtar á næstu dögum.

Stöð 2 kom í heimsókn og myndaði og tók viðtal.

Kortið í stafrænu myndavélinni hrundi. Myndir af 4:10a-c fóru með, nema hægt sé að laga kortið. [Var hægt]. Tek myndir af 4:11a-c á morgun með nýju korti.

#### 5. seþt.

Mjög lítið af óbrenndum beinum í fundaflórunni. Þetta gæti þýtt:

1. Bein varðveitast mjög illa.
2. Bein voru ekki mikið í umferð, t.d. vegna þess að matseldi var af skornum skammti. Menn höfðu með sér nesti og köstuðu beinum í eldinn og/eða gáfu hundum.
3. Bæði 1 og 2.

Um hádegisbilið kom um 70 manna hópur frá Listaháskóla Íslands til að skoða fornleifarannsókn með eigin augum.

#### 8. seþt.

Í dag bættist við starfsmannahópinn þeir Böðvar Þór Unnarsson og Benedikt Bragi Sigurðsson. Þeir verða með þar til rannsókn lýkur.

Undir 4:10b er örugglega eldri rúst, aðeins mjórri, en eitthvað lengri. Heitir hún 4:10b:II.

Við NV-, N og NA- endann er allt afar flókið og ýmislegt sem bendir til þess að þar séu eldri rústir. Nú fer að verða spurning hvað hægt sé að klára í lok þessa mánaðar.

#### 9. seþt.

Rigning og svalt, hlýnaði með deginum.

Við SV-horn 4:10a eru dyr nót VSV. Mjög sérstakt svona nálægt öðrum dyrum og nálægt horni.

Vegna veðurs er ekki hægt að fara í gólf 4:11a-c. Það bíður betri tíma.

N-endi 4:10 er mjög snúinn, bæði vegna grjóthrúgu, hugsanlegra dyra mótt N og mótt A, eldri kynslóða, minnkunnar hússins o.s.frv. Notuðum daginn til að elta veggjarbrot við NV-enda hússins auk annrarar vinnu sem hægt var að vinna í við aðstæðurnar.

#### 10. seþt.

Skúrir mest allan daginn, en gott á milli.

Kennarar í fornleifafræði úr HÍ og nemendur komu í heimsókn til að skoða.

Við NV-horn 4:10a er hugsanlega aðhald úr grjóti. Hversu langt til suðurs það nær vitum við ekki. Það er jafn breitt og 4:10b!

### 11. sept.

Gekk á með skúrum allan daginn. Rifum niður alla teiknaða steina í rúst 4:10d við NA-enda 4:10a. Einnig flesta steina í 4:10c, eftir að báðar rústirnar höfðu verið teiknaðar.

### 15. sept.

Mikil rigning síðastliðna vinnudaga. Skúrar eftir hádegi, sól á milli.

Rigningarnar hafa komið í veg fyrir að við gætum grafið gólfín í 4:11a-b.

### 19. sept.

Rigningin hefur haldið áfram alla vikuna og vindur verið mikill seinni hluta hennar.

Nú er ljóst að eldri minjar eru undir 4:10a-b. Hluti þeirra eru þó vestan við 4:10a. Önnur þeirra heitir 4:10b:2. Hin hefur verið skírd 4:10c. Virðist N-veggur 4:10b vera hlaðinn ofan á S-gafl hússins.

Þrátt fyrir verðrið er gangur í rannsókninni, en veðrið heldur okkur þó frá rúst 4:10a-c.

### 22. sept.

Hugsanlega eru beinin sem við erum að finna mjög einsleit, þ.e.a.s. af rollu og gjarnan höfuðbein (tennur, kjálkar, höfuð) og skankar. Ef rétt reynist þá væri hægt að túlka þetta sem leifar af nesti! Fiskabein finnast ekki (of smá, of illa farin eða orsök verkunaraðferða).

Ofan á gólfí húss 4:10c voru þaktorfur, næstum yfir öllu gólfinu. Nýtt hús gæti verið að koma í ljós í framhaldi af húsi 4:10c til norðurs. Það verður ekki grafið í ár (nema með yfirbyggðu húsi).

Ef jöklar voru minni á 9. og 10. öld gæti áin hafa verið talsvert hreinni og tærari en hún er í dag = meira líf í henni vegna ljóstillífunar. Svo gæti þetta hafa breyst og veiðistöðin því lagst af?????

Landsvirkjun (Guðlaugur Þór. og Helgi Jóh.) og Fornleifavernd ríkisins (Kristinn Mag.) komu í heimsókn. Niðurstaðan var sú að grafa allt til hlýtar, en þó ekki meint gerði sem liggur austur úr 4:10c, heldur láta skurði nægja austan við rústina.

Byggt verður yfir 4:11a-c, en þangað til þar er klárt þá einbeitum við okkur að 10.

Sæmilega þurrt var framan af degi, en svo tók rigningin meira og minna völdin. Þraukuðum þó allan daginn.

### **23. sept.**

Látlaus rigning. Vélgrafa og búkolla komu kl. 9:10 og einnig smiður sem ætlar að byggja yfir rúst 4:11a. Við látum rúst 4:11b bíða dálítið.

Pöntuðum efni til að setja í slóðann frá þjóðveginum.

Rigningin var slík að jafnvel búkollan festi sig í forinni.

Hættum við slóðagerðina, í bili.

Opnað var 5,3 x 8,3 m stórt svæði.

### **24. sept.**

Rigndi mikið um morguninn, en stytti upp um kl. 10:00. Svo slæmur var slóðinn að við festum næstum bílinn.

Ef V-vegg húss 4:10c er röð af aðeins minni steinum. Alveg sama fyrirkomulag sást í húsi 4:10b. Þetta þekkjum við einnig frá húsi 4:5:1 og Lundi í Lundareykjadal (skoða skýrslu frá því í fyrra).

Hugsanlega hefur hús 4:10c verið með tvö hólf og dyr á milli.

- Sýnir fjöldi og samsetning gripa að hér er ekki um bæ að ræða og ekki um fasta búsetu að ræða, heldur tímabundna eða árstímabundna búsetu að ræða?

Vantar snældusnúða.

Vantar kljásteina (ef rétt er túlkað).

Vantar fleiri dýrabein í beinaflóruna.

### **25. sept.**

Kalt, sól og skúrir (stundum haglél).

Rúst 4:10c er að koma betur í ljós, virðist hún ganga suður undir rúst 4:10b. Það þarf þá að rífa 4:10b niður til að skoða þetta (líka til að skoða 4:10b:2 betur).

Í rúst 4:10a:2 er kominn þverveggur sem sýnir að 4:10a hefur upphaflega verið mun styrti en hún varð síðar. Trúlega hafa rústir 4:10a:2-3 og 4:10c verið eitt hús, með viðbyggingu (anddyri?) til austurs. Svo hafi húsið verið lengt til suðurs og rúst 4:10c verið aflögð um leið. Hefur rými 4:10a:2 verið haft hærra og því ekki ástæða til að lækka gólfíð niður fyrir gamla suðurgaflinn.

- Hús 4:10c er forveri 4:10a?
- Hús 4:10b:2 er hluti af 4:10c?

Færðin á slóðanum er orðin svo léleg að jeppinn okkar komst varla alla leið. Vegabætur hófust um morguninn.

### **26. sept.**

Í morgun var vegurinn/slóðinn svo slæmur að ekki var mögulegt að keyra hann. Úrhelli var og urðum við frá að hverfa. Vegagerð miðaði hægt. Um hádegi var hætt að rigna og gátum við komist gangandi með okkar hafurtask.

Rifum í burtu alla rúst 4:10b, enda fullrannsökuð.

Tókum niður hluta af vestur-vegg rústar 4:10a til að finna austur-vegg rústar 4:10c. Fundust veggsteinar inni í veggnum.

#### 29. sept.

Smiðurinn kom í morgun með grind sem þeir hófu þegar að setja upp yfir 4:11a. Ég bað smiðinn um að mæla upp fyrir húsi 4:11b, ef með þyrfti.

Grjótveggurinn sem skilur að hólf 1 og 2 í húsi 4:10a hefur verið hlaðinn á síðasta skeiði hússins. Elstu gólfín (sem eru mörg) ganga undir vegginn.

Við rúst 4:10c, fast upp við A-vegginn, má sjá m-lagsslettur, sem minna á sletturnar í kring um rúst 4:11a-b. Þarf ekki að vera vísbending um hús. Dagurinn var bjartur og fagur.

#### 30. sept.

Kallt og vindasamt, betra þó kallt en blautt.

Í 4:10a:1 kom í ljós brunablettur í miðju húsi!!!

Byrjuðum aftur að grafa í 4:11b. Lægði með kvöldinu og kólnaði.

#### 2. okt.

Í gær var frost um morguninn og frosin jörð. Sama uppi á teningnum í dag. Hægt var að grafa 4:11a og taka veggi í 4:10a/c. Í lok dags var hægt að grafa í 4:10c og klára(?) í 4:10c/f.

Erum að reyna að finna út úr elstu kynslóð 4:10a.

#### 3. okt.

Allt gaddfreðið allann daginn nema í rúst 4:11a, enda hús þar yfir. Hækta var að teikna hús 4:10c og sömuleiðis 4:11a, en þar var líka hægt að grafa, enda ekkert frost í jörðu þar. Snjór yfir öllu.

Áður hefur komið fram að við meint eldstæði í SV-horni 4:11a er ræsi eða stokkur sem liggar út úr húsinu til suðurs. Vísbendingar eru enn sterkt nú um að þarna sé loftop eða loftstokkur, sem hefur verið úr timbri og hugsanlega öðru. Timburleifar eru þarna, afar morknar sem virðast umlykja op í veggnum.

#### 4. okt.

Skúrir frama af degi, svo þurrt að kalla. Vindur ekki mikill. Rúst D [4:10d] kláruð með „öryggisholu“. Teiknuðum rúst 4:10a með gólfí, kolablett og millivegg. Mera er þar undir.

## 7. okt.

Skúrir um morguninn, birti svo til.

Í dyrum sem snúa mótt V syðst á rúst 4:10a má sjá torf sem hefur verið fyllt upp í opíð þegar dyrnar voru aflagðar. Þar má sjá einstaka öskuslettu (sem verið hefur í torfinu þegar það var stungið). Trúlega hafa dyrnar verið færðar á S-gaflinn í tengslum við endurbætur á gaflinum sbr. grjót neðst, sem lá aðeins norðar en steinar sem voru ofan á sbr. teikn. 6.-7. okt.

## 8. okt.

Ljóst nú að þverveggur í 4:10a (sem er eldri en veggirnir sem skifta húsinu í þrennt) eru ekki hluti af eldra - eða öðru húsi, heldur er hann byggður inn í rýmið. Hvaða hlutverk hann hefur er ekki gott að segja. 1) einhverskonar garður fyrir rými 1/2 og 3 eða þverveggur sem lokaði af rýmunum, en þá hafa verið dyr við gaflinn á 4:10a.

Allt hélað um morguninn og -2° hiti. Hitnaði þegar á leið og varð mjög gott.

## 9. okt.

Rigndi mikið og mikill vindur. Þetta hélst út allan daginn.

Gátum þó mokað við útveggi 4:10a til að komast að neðstu steinum, en það er núna markmiðið. Enn er þó eftir að fara niður úr gólfunum í 4:10a:1 og 4:10a:3.

Í skýlinu héldum við áfram með 4:11a og það gengur vel. Hús 4:11c kláraðist í gær. Einnig eru kláruð hús 4:10b, 4:10c, 4:10c og 4:10c að miklu leyti. Eftir eru þá 4:10a og 10f.

## 10. okt.

Smárligning, en annars mjög gott veður, meira að segja sól.

Neðsta vegg lína í A-hlið 4:10a er nú öll komin í ljós. Hreinsuðum hana, ljósmynduðum og teiknuðum.

• Sjá má að A-veggurinn í 4:10a, syðst, hefur verið endurhlaðinn, því efri hlutinn er úr allt öðru vísi torfi (sbr. ljósm). Við þessa endurgerð eða lagfæringu hefa dyrnar kannski verið settar á gaflinn?

Upp úr hádegi fór að rigna og rigningin ágerðist eftir því sem á daginn leið. Hægt var að klára A-vegg 4:10a (hreinsa, ljósmynda), en teikningu ekki. Eftir hádegið var bara hægt að moka frá V-veggnum í 4:10a.

Klárum vonandi allt svæðið í kring um 10 í næstu viku.

Gólfíð í 4:11a er hnausþykkt og fallega lagskipt.

### *13. okt.*

Rigning um morguninn og ís kallt. Héldum áfram að grafa fram steinaraðir tilheyrandi eldri kynslóð 4:10a.

Í 4:11a fannst heill snædlusnúður úr rauðum sandsteini.

Nú í dag kom í ljós að V-veggurinn í 4:10c er byggður ofan á fornlegum torfvegg, sem tilheyrir húsi 4:10c. Hugsanlega er veggur þessi með LL-laginu og því væntanlega ekki yngri en 1000 - 1050??? (sbr. stafr. mynd).

Rigningin hélst allan daginn með stuttum hléum.

Smiðirnir frá Laska ehf koma í fyrramálið og reisa hús/skýli yfir 4:11b. 4:11c er klárt síðan á föstudaginn.

Í lok dags komu steinar í ljós sem gætu vel verið hluti af N-gaflí húss 10f, sem áður var kallað 4:10b:2. Þetta þarf að athuga. [Reyndist ekki vera svo]. Einnig komu fleiri steinar í ljós við N-gaflí húss 4:10c (nyrðra rýmið - hlaðan).

### *14. okt.*

Smiðirnir komu og reistu skýlið yfir 4:11b (mestan hlutan). Fór að rigna síðdegis.

### *15. okt.*

Frost um morguninn, hlýnaði svo og úr varð mjög góður dagur. Í rými 4:10a:3 eru beinaleifar á mjög miklu dýpi [97,47 m]. Þetta veldur ákveðnum áhyggjum um að þarna kunni að leynast mannvirki frá sama tíma og hús 4:11a-c, eða hluti af meintum fornum vegg undir 4:10c, vesturvegg!

### *16. okt.*

Frost um morguninn, svo tók við rigning.

- Rásin í gegnum torfvegginn á SV-horni húss 4:11a getur ekki verið til komin öðruvísi en vegna þess að hún er manngerð. Hún hefur verið nokkuð ofan við eldstæðið, þ.e.a.s. loft frá eldstæðinu hefur stigið upp og farið út um rásina og tekið með sér ösku og sót. Svipað fyrirkomulag virðist vera við stærra eldstæðið við miðjan N-langvegginn.

- Bein sem fundust í 4:10a:3 eru á 97,47 m dýpi.
- Torfhleðsla í rýminu var 97,66 m.u.s.

Hellirigning síðdegis.

### *17. okt.*

Rigning um morguninn, en stytti svo upp að mestu leyti. Rými 4:10a:3, eða hugsanleg hola þar í eða undir, veldur okkur miklum heilabrotum. Eina ráðið er að grafa eldri veggi í burtu í kring um 4:10a:3 og skoða þetta í plani.

### *20. okt.*

Allt gaddfreðið um morguninn. Var þó hægt að teikna 4:10a:3, neðstu steinana og grafa stóra eldstæðið í 4:11a.

Frostið hélst í 10 allann daginn. Meintar stoðarholur í SA-hluta húss 4:11a reyndust ekki vera stoðarholur, heldur timburleifar.

Á milli miðskips og N-hliðarskips í 4:11a eru viðarleifar, trúlega eftir stokk (náði þó ekki framhjá og suður fyrir stærra eldstæðið).

### *21. okt.*

Frost, en bjart. Hitnaði vel í skýlinu og hægt að grafa. Hús 4:11a var klárað.

Fékk rafstöð og hitablásara til að nota í fyrramálið í 4:11b.

Talaði við smiðinn hjá Laska efh og bað hann um að tengja skýlin tvö saman einmitt þar sem flestir gripir hafa fundist, beint norður af dyrum í 4:11b, er allt gaddfreðið. Hann kemur í fyrramálið.

Stefnt að því að klára 4:11b á fimmtudag.

### *22. okt.*

Smiðir komu og byggðu yfir svæðið á milli skýlanna. Tók næstum allann daginn að þýða svæðið, þó ekki til fulls.

Í 4:11b er eftir að fara yfir allt í leit að pinnaholum og að rannsaka aðal-eldstæðið í miðskipinu.

Úti var hríð framan af degi. Birti til um miðbik dagsins, en snjóaði síðdegis (slydda).

### *23. okt.*

Frost. Tveir starfsmenn hættu í dag. Nú er aðeins eftir að rannsaka eldstæði 1 í 4:11b og bilið á milli skýlanna. Þar er aðalalega eftir að skoða miðskipið.

Í lok dags skall á hríð.

Tökum frí á morgun vegna annarra verkefna.

### *27. okt.*

Ískallt og sól. Kláruðum eldstæðið í 4:11b.

Ef menn voru í veiðistöðinni í júlí þurfti varla flókið eldstæði til upphitunar.

### ***II Skrár***

## I.I Fundaskrá

Dags	Heiti	Efniviður		
26	15.07.2008	Brýni	Flöguberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11			

Fannst í uppmokstri úr húsi 4:11 a-b. Hluti af staðra brýni.



Dags	Heiti	Efniviður		
28	17.07.2008	Járn	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11a	92,72	186,56	97,45

Í eldra húsi 11.



Dags	Heiti	Efniviður		
30	22.07.2008	Nagli?	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	96,06	185,43	97,75

Steinninn fannst í mannvistarlagsslettu í áfoki norðan við hús 4:11a, vestarlega.



Dags	Heiti	Efniviður		
32	22.07.2008	Kléberg	Kléberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11a/b	92,55	189,37	97,76

Hluti af boruðu gati við jaðarinn. Trúlega í dyrum eldra hússins.



Dags	Heiti	Efniviður		
34	24.07.2008	Bein	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	95,24	188,14	97,77

Mjög morkið stórgripabein. Fannst norðan við hús 4:11b. Mjög illa farið.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.



Dags	Heiti	Efniviður		
36	29.07.2008	Tönn	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11a	92,62	187,93	97,74

Fannst í m-lagsslettu ofan við gölfþi í miðju húsi 4:11a. Ein tönn í tveimur hlutum.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.



Dags	Heiti	Efniviður		
38	29.07.2008	Pinni	Brons	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	96,08	188,23	97,77

Gripurinn gæti verið hluti af nælu. Fannst í m-lagsslettu, norðan við hús 4:11a og vestan við 4:11c.



Dags	Heiti	Efniviður		
27	16.07.2008	Hóffjöður	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	4:10b	92,22	206,20	98,28

Fannst inni í 4:10b.



Dags	Heiti	Efniviður		
29	22.07.2008	Sakka/kljásteinn	Steinn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11b	91,44	191,28	97,80

Steinninn fannst í mannvistarlagsslettu í áfoki innan í húsi 11. Högvið hefur verið við náttúrulegt gat á steininum.



Dags	Heiti	Efniviður		
31	22.07.2008	Hnífur	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11b	92,93	190,98	97,77

Hnífurinn býsna líttil, en heill.



Dags	Heiti	Efniviður		
33	22.07.2008	Skrautsteinn	Steinn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað			

Steinninn er afar reglulegur, eins og egg. Fannst sunnan við hús 4:11a (í m-lagsslettu). Var ekki mældur inn.



Dags	Heiti	Efniviður		
35	29.07.2008	Brýni	Flöguberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:11a	91,59	187,10	97,72

Fannst í m-lagsslettu ofan við gólfþi við suðurvegg rústar 4:11a.



Dags	Heiti	Efniviður		
37	29.07.2008	Járn	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	90,11	185,93	97,63

Fannst rétt utan við suðurvegg rústar 4:11b.



Dags	Heiti	Efniviður		
39	31.07.2008	Leirtau	Leir	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:10	92,82	210,78	98,20

Fannst í vegg húss 4:10. Gæti verið yfir honum og líklega yngra.



Dags	Heiti	Efniviður		
40	1.08.2008	Hnifur	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	93,60	186,17	97,56

Fannst inni í eldra húsinu í m-lagsslettu rétt yfir gólfí.

Dags	Heiti	Efniviður		
42	5.08.2008	Hnifur?	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	90,75	197,54	97,71

Fannst inni í 4:I 1b. Gæti verið hnifur eða annað verkfæri (sill?).

Dags	Heiti	Efniviður		
44	6.08.2008	Tennur	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	93,42	186,15	97,51

Trúlega úr sama jaxlinum.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009

Dags	Heiti	Efniviður		
46	6.08.2008	Sakka/kljásteinn	Gjóskuberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	91,41	197,44	97,71

Borað frá báðum hliðum, nær heilt gat.  
Brotnað hefur lítillega úr steininum. Hann mynnir svolítio á lítinn bát! (= sakka?).  
Steinninn er greinileg tálgaður til og jafvel ristar rákir á hliðarnar.

Dags	Heiti	Efniviður		
48	7.08.2008	Tönn	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	92,25	197,69	97,63

Fannst í fyllingu (hruni) í yngra húsinu. Brotin eru úr sömu tönn.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.

Dags	Heiti	Efniviður		
50	7.08.2008	Nagli?	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	90,55	193,88	97,70

Fannst í yngra húsinu, gólfí eða hruni.  
Sérkennileg rás eftir gripnum endilöngum.

Dags	Heiti	Efniviður		
52	7.08.2008	Rónagli	Járn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	92,00	189,83	97,63

Fannst yst í dyrum hússins.

Dags	Heiti	Efniviður		
41	1.08.2008	Brýni	Flöguberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	93,48	186,47	97,58

Fannst inni í 4:I 1a, í hruni.

Dags	Heiti	Efniviður		
43	5.08.2008	Bein	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Öskuhaugur	91-91,5	180,02	97,39

Beinin eru öll brennd. Gætu verið höfuðbein úr kind.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.

Dags	Heiti	Efniviður		
45	6.08.2008	Brýni	Flöguberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	93,08	187,43	97,52

Fanns í miðri rústi I 1a, nær norðurvegg.  
Hallaði um 45 gráður in situ.

Dags	Heiti	Efniviður		
47	5.08.2008	Tönn	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1a	93,16	188,24	97,62

Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.

Dags	Heiti	Efniviður		
49	7.08.2008	Sakka/kljásteinn	Steinn	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	91,52	197,67	97,66

Fannst í yngra húsinu, gólfí eða hruni. Gatið er náttúrulegt.

Dags	Heiti	Efniviður		
51	7.08.2008	Naglar, lykkja, brýni,	Járn og flöguberg	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:I 1b	93,83	193,03	97,75

Gripirnir voru klesstir saman í hóp. Neðst lá brýnið (sbr. ljósmynd). Flestir naglarnir eru bognir og stærð þeirra er mjög mismikil.  
Trúlega var þetta í pyngu eða pung. Margir eru fastir saman. Naglar, lykkjur, heinbrýni, hrингur, skinnur og annað járn.

Dags	Heiti	Efniviður		
53	13.08.2008	Bein	Bein	
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	95,64	193,17	97,67

Var norðan við hús I 1b og austan við I 1c.  
Stóð næstum á rönd. Úr hrossi.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.

Dags	Heiti	Efniviður		
13.08.2008	Tennur	Bein		
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hlað	95,08	196,36	97,72

Fannst utan í N - vegg húss 4:1lb.  
Send í greiningu til Albínu Huldu Pálsdóttur  
dýrabeinafræðings, þann 2. mars 2009.



Dags	Heiti	Efniviður		
13.08.2008	Járn	Járn		
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:10	99,64	208,82	98,34



Dags	Heiti	Efniviður		
14.08.2008	Járnhringur	Járn		
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
Athugasemdir	Hús 4:1lb	92,52	190,23	97,72

Hugsanlega lá gripurinn á gólfí hússins. Mjög líkur grip nr. 57.



Dags	Heiti	Efniviður		
14.08.2008	Rónagli	Járn		
Mannvirki	Nr. lags	X	Y	Z
